

2298 6948

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

8. tbl. 2021

SKRÍÐUFÖLLIN Á SEYÐISFIRÐI – VÁ OG HAMFARIR – ALDARAFMÆLI ÞÓRÐAR Í SKÓGUM
REYNSLA OG LÆRDÓMUR AF KÓFINU – STEFNUR, TIL HVERS?



reddot design award

Náttúruminjasafn Íslands

VATNIÐ í náttúru Íslands

„Vatn er himneskt. Það er ættað úr himingeimnum og þótt það sé algengasta efnið á yfirborði Jarðar er vatnið í eðli sínu heilagt, sjálf kveikja og vagga lífsins. Án vatns er ekkert líf.“

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur, 2012

Velkomin á sýningu okkar í Perlunni

Á sýningunni er fjallað á fjölbreyttan hátt um eina mikilvægustu auðlind landsins – vatnið okkar dýrmæta, leyndardóma þess og mikilvægi fyrir farsæla framtíð og búsetu í landinu.

Náttúruminjasafnið býður skólahópa og kennara velkomna í ókeypis heimsókn á sýninguna.

Skráning hjá safnkennurum á kennsla@nmsi.is eða í síma 577 1800.

nmsi.is | perlan.is



VATNIÐ
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
WATER IN ICELANDIC NATURE



COVID 19

Covid-19 Ástand og viðbrögð Byggðasafns Reykjanesbæjar við takmörkunum á tímum Covid	12
Það sem kófið kenndi okkur í Listasafni Reykjavíkur	13
Umhverfis- og loftslagsverkefnið Pláneta A	24–27
Söfn á Covid-tímum	30–33
Heimsfaraldurinn, dulið tækifæri eða vá?	34
Sarpur á Covid-tímum	38–39
“A landslide has taken the museum!” The worst phone call a museum director can get	40–42

VÁ OG HAMFARIR

Skriðan	14–16
Aurskriðan sem fyrirboði?	17
Þessi var yfir fjóra!	18–20
Ritskoðun á sýningunni Töfrafundur– áratug síðar í Hafnarborg	22–23
“A landslide has taken the museum!” The worst phone call a museum director can get	40–42
Áhrif gasmengunar á safnkost á Íslandi – eldgos og stóriðja	44–46

RÝNI / GREINAR

Fréttir úr safnaheiminum	5–11
Frá bragga til listasafns	28–29
Garðar Akranesi	36–37
X Greene	54–55
Halló, geimur!	48–51
Ígrundun og tilfinningar á safni; þverfaglegt samstarf um safnfræðslu	52–53
Stefnur: Til hvers?	56–59
Útgáfusaga og íslenskar kvikmyndir Um rannsóknir á íslenskri kvikmyndasögu á Kvikmyndasafni Íslands	60–62
Hvernig hefur Safnastefna á sviði menningarminja nýst söfnum í landinu?	64–65
Afmælisóður og örstutt hugleiðing um tímamót minjasafns	66–69
„Er þetta skúlptúr mamma?“	70–72
Heimsókn á sýninguna Fransmenn á Íslandi	73



Árbæjarsafn



15.05.2021 – 14.05.2024

Karólína vefari



www.borgarsogusafn.is



Hafnarborg


Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland



www.hafnarborg.is
(354) 585 5790



FORDÆMALAUSU TÍMARNIR

Það er margtuggin og jafnvel ofnotuð klisja að segja að við lifum fordæmalaus tíma en það er samt raunin. Efni þessa tölu- blaðs Kvists ber þess augljós merki. Heimsfaraldur Covid-19 hefur nú geysað vel á annað ár með öllum þeim breytingum sem það hefur haft á líf og störf mannfólksins sem byggir þessa jörð. Áhrifin á safna- starf, hér innanlands, en jafnframt um allan heim, hafa verið mikil og mismunandi. Samkomutakmarkan- ir, lokanir, hrun ferðapjónustunnar, tekjufall, fjarvinna, stórauðin stafræn miðlun sem og aukinn fókus á safn- kost og aðbúnað má nefna sem dæmi um þær áskoranir og verkefni sem söfn hafa glímt við síðustu misseri. En um leið, eins og alltaf, felast í erfið- leikunum tækifæri sem gaman er að sjá söfn nýta sér.

Farsóttin mun að endingu sleppa tökunum þó enn sé óljóst hvenær það verður. Náttúran með sínum ógnarkrafti, eldgosum, jarðskjálft- um og skriðuföllum verður okkur þó ávallt yfirsterkari. Sérstaklega nú á tímum loftslagsbreytinga sem m.a. hafa í för með sér bráðnun jökla, hækkun sjávarborðs og auknar öfgar í veðurfari. Eins og síðasta árið hefur kennt safnafólki þá býður náttúran okkur á stundum upp í dans með óvelkomnum áskorunum og erfiðum verkefnum. Eldgos og jarðskjálftar hafa haft áhrif á suðvesturhorninu *á meðan úrhellisrigning í desember leiddi til hinnar gríðarstóru

aurskriðu á Seyðisfirði sem nær lagði Tækniminjasafnið þar í rúst. Þessir atburðir hafa þjappað íslenskum safnmönnum enn frekar saman og fólk og stofnanir verið boðið og búið að aðstoða. Um leið hefur orðið til mikilvæg reynsla og þekking um hvernig bregðast skuli við náttúruvá og -hamförum, bæði fyrir einstaka starfsmenn safna, söfnin sjálf og stjórnsýslu í kringum það. Reynslu sem er miðlað áfram hér í blaðinu.

Vá getur birst á ýmsan hátt, ekki eingöngu í formi farsóttar og nátt- úruhamfara. Ritskoðun og afskipti pólitískt kjörinna eigenda safna geta einnig ógnað tjáningu og listrænu frelsi safna eins og nýlegir atburðir í Hafnarborg glögglega sýna. Þeir varpa einnig ljósi á síkvikt og á stundum misgott samband safna og sveitarstjórnarstigsins. Væri frek- ari stefnumótun líkleg til að bæta þar úr eða væri það bara enn ein stefnan í safni margra sem söfn eiga að tileinka sér í sínu starfi? Hér í blaðinu má finna tvær greinar sem fjalla sérstaklega um stefnumörkun hins opinbera og tengsl hennar við íslenskt safnastarf.

Enn er ekki er allt upptalið, fjallað er um rannsóknir, að vanda má finna rýni á sýningar og nýútkomnar bækur, við fengum tvær fjölskyldur til að fjalla um safnaheimsóknir sínar út frá upplifun barnanna og safnfræðsluverkefni fá líka sinn sess.

Þrátt fyrir að umfjöllunarefni blaðsins sé að mörgu leyti alvarlegt og sýnir fram á miklar áskoranir og ógnir sem íslensk söfn standa frammi fyrir þá má, við lestur þess, sjá hvernig jákvæðni, kraftur og bjartsýni skína í gegn og þann eigin leika margra safnmanna að snúa erfiðum aðstæðum sér í vil og nýta þau tækifæri sem í þeim felast.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Ritstjórn Ágústa Kristófersdóttir, Jan Aksel Harder Klitgaard, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir
Auglýsingar Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Hönnun Ármann Agnarsson, Helgi Páll Melsted
Myndskreytingar á forsiðu og í blaði Halli Civelek
Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISBN – 2298–6944

Hagsmunagæsla fyrir söfn

Í ársbyrjun 2021 tók til starfa óformlegur starfshópur innan vébanda FÍSOS með það að markmiði að vinna að hagsmunagæslu fyrir hönd safna á Íslandi. Hópin skipa Helga Maureen Gylfadóttir, Sigurður Trausti Traustason og Þóra Sigurbjörnsdóttir en þau hin sömu störfuðu saman í vinnuhópi í aðdraganda sveitastjórnakosninga árið 2018 þar sem haldin var opin fundur með framboðum þar sem mál efni safna voru rædd. Sá fundur þótti afar vel heppnaður og var því ákveðið að endurtaka leikinn nú fyrir þingkosningar 2021.

Markmið með vinnu hópsins er að hvetja til umræðu á meðal fram-

bjóðenda til alþingiskosninga 2021 um stöðu safna landsins. Í flestum kjördæmum landsins er að finna að minnsta kosti eina stofnun sem fellur undir safnalög. Ábyrgð þingmanna er því rík, bæði er varðar rekstur safna og framtíðarsýn í málaflokknum. Einnig vinnur starfshópurinn að gerð kynningarefnis þar sem koma fram tölulegar staðreyndir um söfn og áhrif þeirra í samfélaginu. Kynningarefnið verður boðið öllum söfnum landsins til afnota þeim að kostnaðarlausu.

Að mati starfshópsins er mikilvægt fyrir framtíð safna hér á landi að mynda teymi innan FÍSOS sem heldur utan um hagsmunagæslu málaflokks-

ins gagnvart eigendum safna á Íslandi. Starfshópurinn hvetur alla félagi FÍSOS sem hafa áhuga á þátttöku í starfshópnum að hafa samband við starfshópinn og taka þátt í vinnunni. Því fleiri sem koma að verkinu því öflugra verður það.

Á Norðurlöndunum er stunduð öflug hagsmunagæsla hjá flestum safnasamtökunum. Munurinn á þeim og okkur er að oftast er launaður starfsmaður hjá samtökunum sem stýrir þannig vinnu. Hér er enn allt unnið í sjálfboðavinnu og með velvilja yfirmanna. Því þyrfti að breyta.

HANDANHEIMUR

Á sama tíma og söfn út um allan heim hafa þurft að loka dyrum sínum fyrir gesti vegna Covid-faraldursins, hafa þær sársaukafullu aðgerðir hleypt miklu lífi hjá starfsfólki safna við að nýta sér stafræna tækni við miðlun á starfseminni. Barnasafn Þjóðminjasafns Kóreu í Seoul og Podo-safnið á Jeju eyju hafa frá því að faraldurinn reið yfir sett upp sýningar í handanheimi (e. metaverse), en söfnin hafa byggt söfnin stafrænt og geta gestir með tölvum eða snjallsímum heimsótt sýningar þeirra þar og leyst margvísleg verkefni. Söfnin tvö hafa notast við vinsæla handanheima eins og Zepeto og Minecraft til að búa til söfnin og verkefni. Viðbrögðin hafa farið fram úr björtustu vonum og segja forsvarsmenn safnanna segja að þau feli í sér ýmsa kosti: Ungt fólk tengir við starfsemi safnanna í gegnum umhverfi sem er þeim kunnuglegt, eldri og yngri kynslóðir eru tengdar saman fyrir framan skjáina, söfnin geta náð út fyrir landfræðileg mörk Kóreu og geta þar með höfðað til heimsins alls, og tungumálaerfiðleikar eru úr sögunni. Reynsla þeirra í Kóreu, og reyndar annarsstaðar í heiminum eins Louvre-safnsins í París, af því að miðla starfinu stafrænt og nú í handanheimi, er sú að fólk sýnir meiri áhuga en áður á því að heimsækja söfnin í raunheiminum.

Byggðaáætlunarverkefni um samstarf safna og ábyrgðarsöfn

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 má finna verkefnið C.14 Samstarf safna – ábyrgðarsöfn. Markmið þess er að efla safnastarf í landshlutunum og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið gert samning við landshlutasamtök um gerð fýsileikakannananna á samstarfi og sameiningu safna. Einnig átti að skoða ábyrgðarsöfn og hugmyndir um þau á hverjum stað fyrir sig. Eyþing og Vesturland hafa skilað inn sínum skýrslum, skýrslan fyrir Austur-

land er á lokametrinum sem og fyrir Norðurland vestra og einnig er unnið að skýrslu fyrir Suðurland.

Í samtali við Baldur Þóri Guðmundsson, sérfræðing í ráðuneytinu, kom fram að fullur vilji væri hjá stjórnvöldum til að hlusta á þau skilaboð og stöðumat sem fram kemur í skýrslunum, þær ættu ekki að daga uppi í yfirfullum skúffum. Verkefnið væri viðleitni til að koma á samtali milli höfuðsafna og safnageirans til

að kanna landslagið, bæði varðandi samstarfsmöguleika og hugsanlegar sameiningar. Varðandi möguleg ábyrgðarsöfn þá var hugmyndin að skoða hvort einhverjir möguleikar eða hugmyndir um leiðir væri til staðar sem stjórnvöld væru ekki meðvituð um. Samkvæmt laganna bókstaf er það höfuðsafnanna að gera tillögur til ráðherra um möguleg verkefni og söfn sem tæku að sér hlutverk ábyrgðarsafna eftir að auglýst hefur verið eftir þeim.

Hvort þessar skýrslur verði til þess að vinna við safnasameiningar, aukið samtarf eða hugtakið og hugmyndin um ábyrgðarsöfn verði mörkuð betur getur tíminn einn leitt í ljós.

**Hafnarhús
Kjarvalsstaðir
Ásmundarsafn**

Ópið daglega

 **listasafnreykjavikur.is**
#listasafnreykjavikur
+354 411 6400

SAMFÉLAGS- MIÐLAR

Þó lokanir safna í fyrra hafi verið mörgum okkar afar erfiðar til lengdar voru þær að sama skapi ákveðið tækifæri til nýsköpunar. Þá mátti reyna að ná til fólks með breyttum hætti og setja aukinn kraft í miðla sem mæta jafnvel afgangi í erli dagsins. Sjálfur er ég


helst stoltur af þeim myndbandsleiðsögnum sem Hafnarborg framleiddi í tengslum við þær sýningar sem stóðu yfir í safninu þegar allt skall fyrst í lás. Einnig var svo boðið upp á mikinn fjölda hágæða tónlistarviðburða í streymi allt fram á þetta ár. Þetta eru vissulega

mjög kostnaðarsöm verkefni en ég tel gæði ávallt vega þyngra heldur en magn, enda varð framboð slíkrar afþreyingar mögulega aðeins of mikið um tíma, í kappi um athygli almennings. Ég vona þó enn að stuttar, vandaðar myndbandsleiðsagnir geti orðið hluti af sjálfbærari margmiðlun safna í náginni framtíð, auk þess sem slíkt er auðvitað til heimildar um starfið sjálft.

Hólmur Hólm
í Hafnarborg

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR


VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFÍRÍR SILKIPAPPÍR
SÝRUFÍRÍR KASSAR



—hvítlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

Stafræn rými Hönnunar- safns Íslands



Hönnunarsafn Íslands hefur unnið markvisst að eflingu samfélagsmiðla sinna síðan í fyrsta samkomubanninu árið 2020. Þegar safnhúsinu var lokað almenningi vegna COVID skapadist svigrúm til að staldra við og rýna í stafræn rými safnsins. Rýmin sem um ræðir eru heimasíða, Facebook síða, Instagram og Google maps.

Tekin var sú meðvitaða ákvörðun að líta á gesti stafrænna rýma sem jafn mikilvæga þeim sem mæta inn í safnhúsið.

Starfsmenn safnsins funduðu og sett voru markmið með stafrænni tilvist þess.

1. Að kynna safnið og kveikja áhuga á starfsemi þess.
2. Að fá fleiri gesti inn á safnið.
3. Að skapa samtöl.
4. Að setja safnið í samhengi.

Stafræn hlið safnsins á að endurspeglar líflegt safn þar sem allir eru velkomnir.


Hvert stafrænt rými var svo skoðað og fundið út hvernig efni ætti heima hvar. Að lokinni þessari vinnu voru settar ákveðnar áherslur fyrir mismunandi rými og hverjum starfsmanni var úthlutað raunhæfu hlutverki í tengslum við þau. Það er

mikil vinna að sinna þessum rýmum og ekki hægt að ætlast til þess að einn starfsmaður taki það að sér á litlum vinnustað. Passa þarf t.d. upp á að sömu færslu sé ekki deilt inn á Instagram og Facebook, þar sem okkar áherslur í þeim rýmum eru ólíkar og efnið þarf að endurspeglar það.

Fylgst hefur verið með fjölda fylgjenda á Instagram reikningi safnsins síðan þessi vinna hófst. Þá voru fylgjendur 2.315 talsins og er þeir nú komnir í 3.190 manns.

Það er áhugavert að skoða þessa mismunandi vettvanga safnsins út frá gestafjölda. Gestir í stafrænum rýmum eru yfirleitt margfalt fleiri heldur en gestaföldi inn á safnið. Sem dæmi má nefna að hægvarp úr vinnustofu hönnuðar í anddyri var einn daginn heimsótt af 8000 manns. Vinnusmiðja með fuglasmið á Facebook náði til 1.500 manns og 6.600 manns hlustuðu á hljóðleiðsögn í tengslum við sýningu um Svein Kjarval húsgagnahönnuð á Facebook. Við sjáum einnig að gestir staldra við frá 3 sekúndum upp í rúmlega 60 mínútur á stafrænum viðburðum. Á Facebook voru haldnir 22 viðburðir (fyrirlestur, leiðsagnir, hægvarp og smíðjur) árið 2020 og þá heimsóttu 27.284 gestir. Á meðan voru gestir sem komu inn í safnið 7.067.

Með því að líta á gesti stafrænna rýma safnsins sem jafn mikilvæga og þá sem koma í safnhúsið erum við að stækka safnið til allra átta og það er gleðilegt og spennandi. Við munum halda áfram að nýta okkur þessi skapandi rými til að ná til fleiri gesta, og um leið skora á okkur að sinna þeim jafn vel og við sinnum gestum í efninu.



Að vanda vill Kvistur heyra í nýjum safnstjórum og hvernig nýtt starf leggst í þá. Að þessu sinni sátu fyrir svörum tvær nýjar safnstýrur listasafnanna í Hafnarfirði og Reykjaneshæð.

Aldís Arnardóttir Hafnarborg

Hverjar eru helstu áskoranir í nýju starfi?

Ég stóð frammi fyrir krefjandi áskorun strax á fyrsta degi í nýju starfi þar sem reyndi á samskipti við stjórnsýsluna og safna- og listaheiminn við úrlausn flókinnar stöðu í brennidepli fjölmiðla. Málið leystist á farsælan hátt en þetta var vissulega lærdómsríkt verkefni fyrir allt starfsfólk Hafnarborgar. Þegar þetta er ritað hef ég aðeins verið í starfi í þrjá mánuði og er óðum að komast inn í ólík mál sem tengjast starfseminni, hvort sem það lítur að rekstri og umsýslu húsnæðis, fjármálum eða safneign svo eitthvað sé nefnt. Það er líka áskorun að vera í stöðugu og frjóu samtali við listafólk og eins að efla tengsl Hafnarborgar við bæjarbúa, sem og alla gesti safnsins, líkt og lagt er upp með í gjafa- bréfi Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar fyrir stofnun safnsins. Hafnarfjarðarbær styður vel við bakið á stofnuninni sem gerir okkur fært að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi og viðburði, auk myndlistarsýninga. Þar fer

til dæmis fram öflug tónlistardagsskrá, hádegistónleikar, Sönghátíð í Hafnarborg og margt fleira.

Hverjar verða helstu áherslurnar á næstu 2–3 árum?

Ég tek við góðu búi í Hafnarborg og á næstu árum sé ég fyrir mér að koma til framkvæmda og fylgja eftir ýmsum málum sem lagður hefur verið grunnur að nú þegar. Hafnarborg fékk árið 2020 úthlut- að Öndvegisstyrk úr safnasjóði til innleiðingar stefnumótunar um fræðslustarfsemi í samstarfi við fleiri stofnanir bæjarins og sú vinna er í fullum gangi. Áfram er lögð áhersla á fjölbreyttar sýningar og ég hef einnig mikinn áhuga á að fara af stað með frekari rannsóknir á safneigninni, sem er komin í nýja og góða geymslu, svo aðstaðan er eins og best verður á kosið. Framundan er einnig andlitslyfting á safnbúðinni þar sem höfuð- áherslan verður á fjölbreytt úrval bóka sem tengjast myndlist, auk þess að auka vöruúrval af plakötum og kortum. Eins er kominn tími á

endurnýjun lýsingar í sýningarsöl- um sem vonandi verður hægt að ráðast í á næstu árum.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Það má segja að aukið samtal við nærumhverfið sé þar efst á baugi, það eru ýmsar hugmyndir í gangi og þá sérstaklega varðandi miðlun og fræðslu til íbúa bæjarins. Í bígerð er að setja í gang dagskrá sem höfðar sérstaklega til eldri íbúa í Hafnarfirði sem eru hættir að vinna. Við erum einnig að velta fyrir okkur leiðum til að ná betur til pólska samfélagsins í bænum en í Hafnarfirði búa nú um 30.000 manns, þar af eru tæplega 4000 íbúar af erlendum uppruna og þar eru Pólverjar fjölmennastir.



Helga Þórsdóttir Listasafn Reykjanesbæjar

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Mín helsta áskorun hefur verið að færa Listasafn Reykjanesbæjar inn að miðju samtímalistarinnar með þéttu, samfelldu, áhugaverðu sýningarhaldi. Að vinna að ferskri ímynd um framsækið safn sem veigrar sér ekki við að takast á við deiluefni samtímans með tungumáli listarinnar.

Einnig er mikil áskorun að gera eigendum safnsins grein fyrir þeirri vinnu sem safnið stendur fyrir. Almennt gera stjórnáðamaenn sér ekki grein fyrir að hver einasta sýning er uppfærsla sem framleidd er af söfnunum, í raun má alveg líkja sýningarhaldi við framleiðslu leikhúsa, og eða kvikmyndar. Það kostar peninga!

Safn sem staðsett er á jaðri höfuðborgarsvæðisins þarf einnig að borga listamönnum fyrir ferðir og mat, þannig má vel færa fyrir því rök að rekstur safna eins og Listasafns Reykjanesbæjar, Listasafns Árnesinga... sé dýrari en þeirra sem nær eru 101 Reykjavík. Ég hef eytt miklum

tíma í að koma Listasafni Reykjanesbæjar inn á radar fjölmiðla og þá sérlega á ég við þá örfáu menningarþætti sem framleiddir eru hér á landi, það hefur verið mikil áskorun!

Að lokum þá er mitt allra mikilvægasta verkefni núna að fá inn á safnið að lágmarki eitt stöðugildi sérfræðings til viðbótar. Það er mín helsta áskorun í dag og mun ég ekki unna mér hvíldar fyrr en stöðugildið hefur verið samþykkt hjá bæjarfélaginu.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Við munum halda áfram með þann anda sem lagt var af stað með síðastliðið eitt og hálft ár, sem felst í öflugri sýningarhaldi í bland við mikla nærveru á samfélagsmiðlum, þar sem rafræn dagskrá er stór partur af starfseminni. Ætlunin er líka að koma af stað vinnustofum fyrir börn á safninu um helgar. Myndlistarfræðsla bæði fyrir fullorðna og börn verður þróuð á safninu þar sem ætlunin er að stofna leshringi um myndlist og standa fyrir fyrirlestrum um málefnið.



Verður bryddað upp á einhverju nýjungum?

Listasafn, byggðarsafn og menningafulltrúi hafa gert með sér samstarfssamning um starfsemi Duus safnahúss, ég geri ráð fyrir að sú vinna muni stórbæta ímynd safnanna í Reykjanesbæ. Við ætlum okkur að færa inngang Duus að miðju, þannig verður listasafn vestanmegin í húsinu með tvo sali og byggðasafn austanmegin með Bryggjuhúsið, Stofuna og Risloftið. Breytingin mun styrkja og skerpa ímynd beggja safna.

Einnig er safnið í samstarfi við Hönnu Styrnisdóttur prófessor í sýningargerð hjá Listaháskóla Íslands. Við hjá safninu erum ótrúlega spennt fyrir nálgun nýrra sýningastjóra og því hvernig þau nota eigið dag-skrávald. Við teljum það gefi okkur vísbendingar um það sem koma skal og haldi okkur á tánum, sem samtímalistasafni.

Annars er allt sem upp er talið í lið eitt og tvö jafnframt nýjungar.

COVID 19

Ástand og viðbrögð Byggðasafns Reykjanesbæjar við takmörkunum á tímum Covid

Árið 2019 bárust fréttir af nýrri farsótt sem dreifði sér hratt um heimsbyggðina. Það var svo snemma árs 2020 að það kom í ljós að þessi ófögnuður var kominn til Íslands. Niðurstaðan varð að skellt var í lás í fyrirtækjum og stofnunum um allt land. Mörg söfn nýttu tímann í að hreinsa upp það sem hafði setið á hakanum í einhvern tíma. Svo voru önnur í allt öðrum veruleika.

Á Byggðasafni Reykjanesbæjar urðum við vör við að fjölmargir, sem nú urðu að vera heima og vinna að heiman, fóru að taka til í geymslum, bílskúrum, kjöllum og háaloftum. Gífurlegt magn muna skilaði sér inn til safnsins. Var um að ræða allt frá afhendingum á stökum hlutum og upp í mörg hundruð gripi. Við þurftum því að spýta vel í lófana og hella okkur í umtalsverða skráningarvinnu. Að auki helltum við okkur út í ýmskonar rafræna miðlun. Um tíma sendum við frá okkur ljósmynd dagsins sem vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum. Einnig deildum við ýmsum

fróðleiksmolum og brotum úr sögu Reykjanesbæjar og fjölluðum til dæmis um sögu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Við fórum einnig í að gera stutt myndbönd þar sem við fjölluðum um ýmsa muni og verkefni sem við sinnum. Í myndbandi sem heitir Heimsókn í Rammann sögðum við frá því hvernig skráningarferlið er frá því að munur kemur inn á safnið og þar til að hann er kominn í hillu, auk þess að segja frá nokkrum einstökum gripum sem eru í vörslu safnsins. Síðar gerðum við stutta seríu þar sem fólk fékk að fylgjast með því hvernig sýningin *Hlustað á hafið* varð til. Sagt var frá hugmyndavinnunni, val á munum og uppsetningunni sjálfri og hvernig sýningin leit út við opnun. Í öðrum myndböndum kíktum við í heimsókn í torfbæinn okkar sem heitir Stekkjarkot og litum við í húsinu *Innri-Njarðvík* sem þar er staðsett og er í vörslu safnsins. Einnig sögðum við frá átaksverkefni sem við höfum unnið að síðastliðin tvö ár sem er söfnun minja um veru varnarliðsins

á Keflavíkurflugvelli. Að síðustu má ekki gleyma myndbandi um slökkvibílana af Vellinum. Þessi myndbönd og önnur sem eru á okkar ábyrgð er að finna á rás Byggðasafnsins á YouTube.

Viðtökur samfélagsins á þessum rafræna miðlunum voru mjög góðar og má jafnvel rekja til þeirra sumar gjafir einstaklinga til Byggðasafnsins.

Eins og þekkt er hafði heimsfaraldurinn og lokun alþjóðaflugvallarins mikil áhrif á atvinnulíf á Suðurnesjum og hvergi á landinu voru atvinnuleysistölur hærri. Svar yfirvalda var að fara í ýmis konar atvinnuúrræði. Auk þess hvöttu bæjaryfirvöld stofnanir sínar til að leita allra leiða til að ráða fólk af atvinnuleysisskrám til tímabundinna starfa. Byggðasafnið brást við því og réði til sín nokkra einstaklinga sem hafa reynst ákaflega vel til að mynda við skráningar og önnur verkefni sem biðu þess að vera sinnt svo sem skönnun ljósmynda.

Það sem upp úr stendur, og má segja að Covid hafi kennt okkur, er að rafræna miðlunin skilar okkur árangri. Eftir þessa frumraun okkar í henni er hugmyndin sú að gera hana enn stærri í starfi Byggðasafnsins því að af nægu er að taka í þeim efnum.

Helgi Valdimar Viðarsson Biering
Forstöðumaður Byggðasafns
Reykjanesbæjar.

Það sem kófið kenndi okkur í Listasafni Reykjavíkur



Starfsmenn í fullum skrúða taka niður sýninguna Chromo Sapiens í Hafnarhúsinu í mars 2020

Kófið hefur kennt okkur á Listasafni Reykjavíkur ýmislegt og opnað augu okkar fyrir nýjum leiðum til að miðla sýningum og verkum í safneigninni. Starfsemi safnsins riðlaðist auðvitað þegar við máttum ekki taka á móti gestum eða þegar við máttum einungis hleypa örfáum inn á safnið í einu en því fór fjarri að við legðum niður störf á meðan. Sýningum og verkum var miðlað af kostgæfni á Internetinu og sumu af því sem þarna var byrjað á höfum við haldið áfram, með það að markmiði að auka þjónustu við borgarbúa og aðra áhugasama listunnendur. Nú höfum við það t.d. fyrir reglu að skrásetja sýningar með viðtölum við sýningarstjóra og listamenn og miðla þeim á Facebooksíðu safnsins og geyma á vefsíðu þess. Eins eru það orðnir fastir liðir að miðla verkum úr safneigninni með skipulegum hætti á Instagram. Við sjáum enga ástæðu til að hætta þessu þó svo safnið sé blessunarlega opið gestum að nýju. Í miðjum faraldrinum vorum við hinsvegar minnt á að Reykjavíkurborg er einn vinnustaður og þegar skóinn krepur þá hjálpumst við að. Það fór svo að við fengum nokkur verkefni sem

sneru að allt öðru en við eigum að venjast. Einn starfsmaður tók vaktir í Konukoti, sem er neyðarskýli fyrir heimilislausar konur, og annar tók vaktir í neyðarskýli fyrir heimilislausu unga karla við Grandagarð. Starfsmennirnir sem tóku það að sér eru sammála um að það hafi verið ómetanleg lífsreynsla, að fá innsýn inn í heim fólks sem er hvað verst sett í samfélaginu og á ekki einu sinni fólkið sitt að. Þau höfðu hvorugt áður umgengist fólk í neyslu og upplifðu hluti sem þau vissu ekki að væru til. Þeim var báðum vel tekið og eru sammála um að reynslan hafi breytt sýn þeirra á lífið. Aðrir starfsmenn safnsins tóku að sér að hringja í eldri borgara í sjálfstæðri búsetu þar sem upp komu áhyggjur af líðan þeirra í einangrun sem heimsfaraldri fylgir. Starfsfólk safnsins steig því út fyrir þægindarammann, en fæst þeirra höfðu áður sinnt félagslegri velferðarþjónustu. Upp úr stendur að það er gefandi og gott að geta gert gagn með svo áþreifanlegum hætti. Símtölin voru fjölbreytt, en fólk var oftast glatt að heyra í okkur. Í sumum tilvikum var hægt að veita hagnýtar leiðbeiningar en aðrir vildu bara spjalla um heima

og geima og jafnvel gefa okkur ráð um eitt og annað sem því datt í hug að gæti gagnast safninu. Flestir kvöddu með hlýjum kveðjum sem var nærandi að taka á móti á þessum skrítnu tímum.

Lokunartími safnsins var einnig nýttur í tiltekt og þríf eins og víða annars staðar, þar sem farið var vel yfir safnhúsin þrjú og fjargeymslu, nokkuð sem sjaldan gefst tími til. Þá fengum við líka góða æfingu í fjarvinnu þar sem starfsfólk skrifstofunnar þurfti í dagóðan tíma að vinna að heiman annan hvern dag til þess að vera ekki of mörg saman í einu.

Þegar lítið er tilbaka (jú – við vitum að þetta er ekki búíð!) þá hefur þessi tími kennt okkur eitt og annað um vinnustaðinn og okkur sjálf, og við erum fyrir vikið sterkari hópur með skýra sýn á hvað skiptir máli í þessu öllu saman, en það er góð samvinna og samskipti!

Áslaug Guðrúnardóttir,
kynningar og markaðsstjóri
hjá Listasafni Reykjavíkur

Skriðan

Það hefur varla farið fram hjá nokkrum safnmanni á Íslandi að aurskriður féllu á Seyðisfjörð í desember 2020. Skriðurnar hrifu með sér heimili og vinnustaði Seyðfirðinga og lögðu Tækniminjasafn Austurlands að hluta í rúst og gerðu það sem uppi stóð ónýtanlegt fyrir hefðbundið safnastarf. Svæðið hafði verið skilgreint að hluta sem hættusvæði en ljóst er í dag að á þessu svæði verður hvorki hægt að búa lengur né geyma safnmuni.

Það var strax ljóst að hamfarirnar á Seyðisfirði voru meiri en það sem við höfðum áður tekist á við í íslenskum safnaheimi. Geymslubrunar í Þjóðminjasafni og Listasafni Reykjavíkur, jarðskjálftar á Suðurlandi og fleiri atburðir ollu vissulega miklu tjóni en umfang þeirra er minna en það sem við er að etja í Tækniminjasafninu.

Hvernig er hægt að takast á við verkefni af þessu tagi? Hvað á að gera? Hvar á að byrja og hver á að vinna verkefni? Hægt er að byrja á því að vera þakklátur fyrir að ekki varð manntjón í skriðunni. Þeir sem hafa séð myndir af svæðinu og heyrt frásagnir vita að ekki mátti miklu muna. Mæla má með tímaás sem unninn var af nemum í Nýsköpunarsjóðsverkefni sumarið 2021 – hann má finna á síðunni www.tekmus.hi.is/ og veitir innsýn bæði í persónulegar frásagnir af skriðuföllunum og áhrifum þeirra og af framvindu þeirra verkefna sem fóru af stað í kjölfarið.



Í björgunaraðgerðum á borð við þær sem fóru af stað á Seyðisfirði strax í kjölfar skriðufallanna er skipulag og forgangsörðun á hendi opinberra aðila, lögreglu og almannavarna. Reynt var að tryggja svæðið gegn frekari hamförum og bjarga verðmætum. Persónulegir munir fjölskyldnanna sem misst höfðu heimili sín voru á við og dreif um svæðið, í bland við safngripi, muni tengda ýmsum fyrir-tækjarekstri og húshluta. Lögð var áhersla á að bjarga persónulegum munum fyrst og koma þeim í þurrk-

un og flokkun. Fljótlega varð ljóst að í stað þess að skilja þá gripi sem augljóslega voru safngripir eftir var auðveldara að flokka þá strax frá og koma þeim í skjól. Björgunaraðilar fylltu tugi fiskikara af safnmunum sem fundust í skriðunni og komu þeim í geymslu í mjölskemma Síldarvinnslunnar. Á meðan á þessu stóð biðu safnmenn um land allt næstu skrefa og áttu allt eins von á að vera kallaðir út í flokkun og viðgerðir. Skýr skilaboð komu þó frá þeim sem leiddu björgunarstarfið á staðnum

að safnið ætti að bíða rólegt – röðin kæmi að því – en fyrst snerist björg-unin um íbúana og eigur þeirra, ekki menningararf. Til að átta sig á þessari nálgun er mikilvægt að reyna að setja sig í spor heimamanna og muna að þó svo að menningarverðmæti skipti máli í hinu stóra samhengi þá eru einstaklingar og þeirra tilfinningar framar í forgangi við aðstæður eins og þær sem sköpuðust á Seyðisfirði. Fólki sem misst hefur allar veraldlegar eigur sínar eru ofar menningarminjum í stigveldi björgunaraðgerða.

Safnið

Tækniminjasafnið eru félagasamtök, það er enginn einn eigandi sem ber ábyrgð á því. Safnið er rekið á sjálfsaflafé auk þess sem það fær framlög frá sveitarfélaginu, ýmsum sjóðum á sviði menningar og byggðamála og safnið hefur jafnframt sótt um og fengið styrki úr safnasjóði. Fjárhagur þess er engu að síður veikur og rekstur hefur verið erfiður. Safnið er viðurkennt safn og fellur sem slíkt undir safnalög. Það er á ábyrgðarsviði Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafns.

Á meðan beðið var eftir því að huga mætti af alvöru að þeirri stöðu sem Tækniminjasafnið, húsakostur þess og safneign var í, stillti fólk saman strengi. Safnaráð fundaði og samþykkti að veita 1.000.000 kr. í beina aðstoð til safnsins vegna hamfaranna. Þjóðminjasafn Íslands sendi strax eftir jól fulltrúa sinn á staðinn til að fá upplýsingar um ástandið frá fyrstu hendi og rætt var við ráðuneyti og stofnanir. Menntamálaráðherra leiddi síðan sinn hóp á staðinn í byrjun janúar og voru í þeirri ferð bæði þjóðminjavörður og forstöðumaður Minjastofnunar. Í kjölfarið fékk hvor stofnun sitt hlutverk, Minjastofnun varðandi byggðina og framtíð hennar og Þjóðminjasafnið varðandi safnið sjálft, safnkost þess og framtíð.

Verkefnið sjálft virtist ófyrstíganlegt, byggingar í rúst og safnkostur

ýmist ónýtur eða honum staflað í fiskikör sem komið hafði verið fyrir í fiskvinnsluhúsnæði. Það sem ekki hafði orðið fyrir skriðunni var á hættusvæði, í húsnæði sem þurfti að rýma. Skrifstofa safnsins var rústir einar.

Tækniminjasafnið er og hefur lengst af verið svo kallað einmenningssafn, þar sem forstöðumaður er eini fastráðni starfsmaðurinn. Núverandi forstöðumaður, Zuhaitz Akizu, hefur starfað við safnið síðan 2019. Starfsemi og markmið safnsins hafa þó lengi verið metnaðarfull og stakkurinn sem safnið hefur sniðið sér kannski stærri en svo að það hafi vel ráðið við hann. Starfsemin sem sneri að gestum og samfélaginu á Seyðisfirði hafði verið í forgangi, og stefna í varðveislu og skráningu ekki náð að halda í við of öfluga söfnun safnsins. Safnkostur þess var því að miklu leyti óskráður og erfitt að öðlast yfirsýn yfir hann. Þetta kom áþreifanlega í ljós þegar farið var að flokka muni upp úr fiskikörum, sem og síðar þegar farið var að grisja úr geymslum. Þarna var um gríðarlegt magn að ræða af lítt eða óskráðum safnkosti.

Björgunaraðgerðir

Það eina sem hægt var að gera í stöðunni var að setja undir sig hausinn og halda af stað. Fljótlega var tekin sú ákvörðun að velja vel þá sem tóku þátt í verkefninu og reyna að stuðla að samfelli í því björgunarstarfi sem stóð fyrir dyrum. Hitann og þungann bar Tækniminjasafnið sjálft með sínum eina fasta starfsmanni, velviljuðum stjórnarmönnum og tímavinnufólki. Austurbrú, sjálfseignarstofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu, lagði Tækniminjasafninu lið. Minjasafn Austurlands og safnastofnun Fjarðarbyggðar lögðu til aðstoð. Auk þess vann starfsfólk hins nýstofnaða sveitarfélags Múlaþings að verkefninu, en Múlaþing var stofnað við sameiningu sveitar-

félaga á Austurlandi þann 1. nóvember 2020. Aurskrifurnar á Seyðisfirði voru sannkölluð eldskírn fyrir innviði þess.

Auk Austfirðinganna sem hér eru upptaldir voru kallaðir til „sérfræðingar að sunnan“. Eins og áður sagði fékk Þjóðminjasafnið það hlutverk að sinna samskiptum og aðstoð við Tækniminjasafnið hvað varðaði safnkost þess, auk þess sem starfsmaður á vegum Þjóðminjasafns hefur tekið þátt í stefnumótunarvinnu fyrir safnið. Björgun safnkostsins var skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn var unninn í fjórum ferðum sérfræðinga til Seyðisfjarðar þar sem gripir og skjöl voru flokkuð samkvæmt neyðargrisjunaráætlun sem sett var saman í samstarfi fjölmargra aðila. Í þeirri áætlun var byggt á vinnu sem starfshópur um framtíð Tækniminjasafns hafði unnið sumarið 2020 og áhersla lögð á að endurskilgreina kjarna safnkosts safnsins í gegnum grisjun og leggja höfuðáherslu á seyðfirska atvinnuminjar. Næsta skref var að setja saman grisjunaráætlun sem lögð var fyrir safnaráð til staðfestingar. Þegar geymsluhúsnæði safnsins á hættusvæðinu var rýmt í mars 2021 var unnið í samræmi við þá áætlun. Reynt var að koma þeim gripum sem taldir voru hafa nokkuð varðveislugildi en áttu ekki erindi í safnkost Tækniminjasafnsins til annarra safna, sumt fór til annarra safna og einkaaðila en öðru var fargað. Það verður ekki annað sagt en að þessi aðgerð hafi verið nokkuð flókin og sársaukafull. Það var hins vegar metið sem svo að hluti þeirra gripa sem safnið hafði tekið til varðveisluværi ekki þess eðlis að rétt væri að safnið varðveitti hann áfram. Þetta var fyrst og fremst erlendur, fjöldaframleiddur tæknibúnaður frá síðari hluta 20. aldar.

Í svona vinnu kvikna margar spurningar: Hvað á lítið safn í fámennu byggðarlagi norður við heimskautsbaug að varðveita? Heila teppaverksmiðju? Sjö eintök af sama símtækinu

frá sænskum tæknirisa? Eða á það að beina sjónum sínum að nærsamfélaginu og því sem einkennir það? Hægt væri að velta hverjum og einum grip fyrir sér tímunum saman – en stundum þarf að vinna hratt og taka ákvarðanir. Það var gert í þessu verkefni, hvernig tókst til á eftir að koma í ljós. Án efa voru gerð mörg mistök en vonandi líka teknar margar réttar ákvarðanir sem leiða til góðs, bæði fyrir safnið og fyrir samfélagið.

Þegar í fyrstu vinnuferð sunnanfólks austur kom í ljós að mikið af skjölum var meðal gripanna, bæði skjöl safnsins sjálfs, skjöl frá fyrirtækjum og skjöl sem réttara hefði verið að skila til Héraðsskjalasafns Austurlands og Þjóðskjalasafns. Þær stofnanir veittu ráðgjöf um björgun og ráðstöfun skjala og sendu sérfræðinga sína á staðinn.

Borgarsögusafn sendi þrjá starfsmenn sína í verkefnið að beiðni Þjóðminjasafnsins og 7 starfsmenn Þjóðminjasafns fóru á vettvang, auk þess sem starfsmenn unnu að verkefninu á heimavelli. Safnaráð fylgdist með framvindu verkefnisins og Ingibjörg Áskelsdóttir, forvörður í Borgarsögusafni sem á setu í eftirlitsnefnd safnaráðs, fór í þrjár ferðir til Seyðisfjarðar. Margir fleiri buðu fram aðstoð sína en eftir fyrstu ferðina austur var ákveðið í samráði við heimamenn að hafa þann hóp sem mætti á staðinn fámennan. Það var talið mikilvægt að þeir sem tóku þátt í vinnunni þekktu verkefnið og gætu unnið sjálfstætt og endurteknar ferðir sömu einstaklinga buðu upp á það. Þessar stofnanir búa aukin heldur yfir fjölmennu starfsliði og því myndaðist ekki skarð í starfsemi þeirra þegar lykilstarfsmenn fóru til vinnu á Seyðisfirði.

Verkefni sem lutu að daglegum rekstri, skipulagningu, framtíðarsýn og fjölmörgum öðrum þáttum voru alfarið á hendi forstöðumanns

Tækniminjasafns og annarra heimamanna. Hlutur Þjóðminjasafns var ágætlega afmarkaður hvað varðaði umfang og tíma og í dag er lítið svo á að fyrsta og öðrum þætti í björgun safnkosts sé lokið. Lilja Árnadóttir, fyrrum sviðsstjóri í Þjóðminjasafni, vinnur með stjórn og starfsmönnum Tækniminjasafns að mótun framtíðarstefnu. Lilja er fulltrúi Þjóðminjasafnsins í því verkefni.

Seyðisfjörður var, og er enn, samfélag í sárum og nauðsynlegt að fara varlega í þeirri vinnu sem var fram undan. Lögð var rík áhersla á það við þá sem tóku þátt í vinnunni á Seyðisfirði að deila efni ekki á samfélagsmiðla, heldur væri það hlutverk Tækniminjasafnsins sjálfs að sinna því og öðrum almannatengslum. Það var talið mikilvægt að safnið fengi að stýra umfjölluninni og því myndefni sem birt var án þess að þeir einstaklingar sem lögðu safninu lið kæmu þar að með sína útgáfu á samfélagsmiðlum. Fjallað var um þessar björgunaráðgerðir í bæði prent- og ljósvakamiðlum í fullu samráði við Tækniminjasafn.

Hvað svo?

Verkefninu er langt í frá lokið, rétt hefur verið komist fyrir vind með fyrstu þætti þess sem bjargað varð af safnkostinum og grisja þannig að hann yrði af viðráðanleg stærð miðað við umfang Tækniminjasafnsins. Næstu skref verða að finna safninu nýjan samastað, bæði til lengri og skemmri tíma, skilgreina hlutverk þess, ákveða rekstrarform og tryggja rekstur. Sú vinna er hafin en er langt í frá lokið. Þá tekur við umönnun safnkostsins, skráning og miðlun. Ný skrifstofa hefur verið sett upp, tölvur og kaffivél komnar á sinn stað, og stærstum hluta þess safnkosts sem ekki varð fyrir skriðunni komið fyrir í bráðabirgðageymsluhúsnæði. Starfsmönnum hefur verið fjölgað til að halda áfram með þau stóru verkefni sem fram undan eru.

Getum við á þessari stundu dregið einhvern lærdóm af atburðunum á Seyðisfirði? Við höfum kynnst vinnulagi almannavarna og björgunarsveita betur og vitum að fólk og persónulegar eigur þess eru ávallt í fyrsta forgangi. Við hefðum getað átt opnara samtal við fleiri stofnanir og aðila fyrr, til dæmis á vettvangi Bláa skjaldarins, alþjóðasamtaka um verndun menningararfs í hættu. Þó Blái skjöldurinn hafi tekið þátt í samtalinu á allra fyrstu dögum eftir skriðuföllin þá virðist stjórnsýslan virka þannig að ríkið virkjar sínar stofnanir áður en hún virkjar sjálfboðaliða. Það samtal færðist því hratt yfir til mennta- og menningarmálaráðuneytis, safnaráðs og Þjóðminjasafns sem síðan var falið að leiða verkefnið og halda meðal annars utan um það fjármagn sem veitt var til björgunar safnkosts. Við hefðum jafnframt getað átt opnara samtal við heimamenn um ráðstöfun safnkostsins, en það þurfti að vinna hratt að verkefninu og upplifun okkar sem að þessari vinnu stóðum var sú að það væri hætt á töfum ef fleiri kæmu að borðinu. Þetta má án efa gagnrýna og nú þegar hafa nemendur, bæði í opinberri stjórnsýslu og safnafræði, fengið vinnugögn úr þessu ferli til greiningar. Þegar greining þeirra liggur fyrir verður hjálplegt fyrir okkur sem tókum þátt í verkefninu að eiga við þá samtal og spyrja okkur sjálf spurninga varðandi verklagið. Stóri lærdómurinn að mínu mati er hins vegar máttur samvinnunnar. Öll þau sem voru beðin um að leggja hönd á plóg brugðust vel við, unnu sín verkefni samviskusamlega og fóru eftir þeim leiðbeiningum sem þeim voru gefnar. Við sjáum vel á þessu að við erum sterkari saman.

Ágústa Kristófersdóttir,
framkvæmdastjóri safneignar
hjá Þjóðminjasafni Íslands

Aurskriðan sem fyrirboði?

Um miðjan desember 2020 bárust þau sorglegu tíðindi að aurskriður hefðu fallið ofan við Tæknimínjasafn Austurlands og eyðilaggt megnið af byggingum safnsins og að safnkostur þess væri að mestu kominn í bland við aurinn sem féll úr fjallinu. Sérfræðingar í ofanflóðum voru fljótir til og sögðu þetta stærstu aurskriðu sem hefði fallið á byggð á Íslandi og bættu við að setja mætti þennan atburð í samhengi við loftlagsbreytingar í heiminum. Talsmenn menningarstofnana brugðust einnig skjótt við og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til aðstoðar við björgun á þeim menningarverðmætum sem urðu aurskriðunni að bráð. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, sagði í viðtali í fjölmiðlum að þetta væri áfall fyrir menningarsögu þjóðarinnar og bæjarbúa Seyðisfjarðar, og voru það orð að sönnu.

Fyrir utan það gríðalega mikla og vandasama verk sem beið forstöðumanns safnsins, Zuhaitz Akizu, að grafa sig ofan í aurinn og bjarga því sem hægt var, lá fyrir að margar hendur þyrftu til þess verkefnis og ekki síst að leggjast á árarnar með að hugsa framtíð safnsins eftir hamfarirnar. Zuhaitz Akizu, Þjóðmínjasafn Íslands og námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands tóku sig til og



sóttu sameiginlega um styrk fyrir fjóra nemendur í Nýsköpunarsjóð námsmanna til að vinna að verkefni sem snéri að framtíðarmöguleikum safnsins. Eftir að styrkurinn fékkst voru þær Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Guðný Ósk Guðnadóttir, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir, og Bára Bjarnadóttir ráðnar til verkefnsins. Sumarið 2021 unnu þær í einn mánuð á Seyðisfirði við umsýslu í tengslum við safnkostinn og söfnuðu margvíslegum gögnum á staðnum sem síðan var unnið með næstu tvo mánuði í Reykjavík. Markmið verkefnsins voru meðal annars þau að aðstoða safnið við björgunina og búa í hagin fyrir framtíðina, en ekki síst að setja aðstæður safnsins í samhengi við fræðileg sjónarhorn um mikilvægi safna til að takast á við áföll og vera styðjandi við íbúa samfélaga sem orðið hafa fyrir áföllum.

Aðrar áherslur verkefnsins voru þær að skoða tengsl safna við að búa til og stuðla að góðri heilsu og vellíðun fólks, en á undanförunum áratug eða svo hafa söfn og fræðimenn á sviði safnafræða beint sjónum sínum í æ ríkara mæli að þeim hlutverkum safna. Loftlagsváin og aukin umræða um lélega heilsu umhverfis og vistkerfa heimsins hafa ýtt undir þær skoðanir að söfn þurfi að huga betur að þeim þáttum í starfsemi sinni. Í því samhengi eru hamfarirnar

á Seyðisfirði áhugavert tilvik, en ef að líkum lætur mega samfélög víða um heim búast við samskonar áföllum fyrir minni og menningarstarf samfélaganna. Það er kannski óviðeigandi að segja það, en aurskriðan á Seyðisfirði og örlög Tæknimínjasafnsins, er kærkomið tækifæri til að huga að þessum þáttum af meiri alvöru en áður, ekki eingöngu fyrir íbúa Seyðisfjarðar og nærsveita, heldur einnig önnur samfélög úti í heimi. Söfn og ekki síst samfélög, íbúar þeirra og gestir, geta því margt lært af því sem þar gerðist í núinu og nánustu framtíð.

En, hvað kom út úr þessari vinnu? Samhliða því að nemendurnir fengu kropplæga þekkingu með því að búa á staðnum í mánuð, nokkrum mánuðum eftir að aurskriðurnar féllu, og taka þátt í hreinsunar- og björgunarstarfinu með því að vinna með safnkost safnsins, þá öfluðu þær margvíslegra annarra gagna; tóku viðtöl og áttu í óformlegum samræðum við íbúa Seyðisfjarðar, tóku ljósmyndir, fengu ljósmyndir hjá öðrum, teknar voru drónamyndir, rýnt var í söguleg gögn um skríðuföll á Seyðisfirði, og unnið var úr fræðilegu efni um hliðstæður utan úr heimi. Til að miðla þessari vinnu útbjuggu þær vefsíðu (tekmus.hi.is) þar sem gerð er tilraun til að miðla þeim flóknu atburðarásum sem fóru af stað eftir að skriðurnar féllu. Rásirnar eru margslungnar og sýnir tímalínan röggsama framgöngu fólks við hreinsunarstarfið en jafnframt flókin tilfinningaleg viðbrögð sem taka mun tíma að vinna úr. Að því gefnu er ljóst að mikið starf er fyrir höndum fyrir safnið að greiða úr þessum flækjum en um leið áskorun fyrir það að gera sig enn meira gildandi innan samfélagsins á Seyðisfirði með vellíðan og heilsu íbúanna að leiðarljósi. Sú vinna á brýnt erindi við samfélög út um allan heim.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson,
prófessor í safnafræði við
Háskóla Íslands

Þessi var yfir fjóra!

Upplifun safnastarfsmanns af jarðskjálftunum 2021



Þann 13. febrúar 2021 var sýningin *Deiglumór. Keramik úr íslenskum leir 1930–1970* opnuð í Hönnunarsafni Íslands. Ekki var hægt að vera með stóra hefðbundna opnun eins og sýningin hefði gefið tilefni til, vegna heimsfaraldursins. Við erum orðin nokkuð sjóuð í að bregðast við ýms-um tegundum af samkomubanni eða takmörkunum og fundum góða leið til að fagna með aðstandendum sýningarinnar. Sýningunni var vel tekið af almenningi.

Sýningin var unnin upp úr rannsóknnum þeirra Ingu S. Ragnarsdóttur, leirlistakonu og Kristínar G. Guðnadóttur listfræðings á frumkvöðlum íslenskrar leirlistar og verkstæðum þeirra. Á sýningunni var sýnt úrval frá verkstæðum þessara frumkvöðla. Ómetanlegum (og viðkvæmum) gripum var stillt upp frá eftirfarandi fimm verkstæðum: Listvinahúsinu, Leirbrennslu Benedikts Guðmundssonar, Funa, Laugarnesleir, Roða og Glit.

Á sýningunni var leitast við að gefa innsýn í framleiðslu verkstæðanna og draga fram sérstöðu hvers og eins. Sumir gripanna höfðu aldrei sést áður, og framleiðsla eins af verkstæðunum kom okkur skemmtilega á óvart- sem segir sína sögu um stöðu rannsókna á þessu sviði.



Því er bók og sýning um þennan þjóðararf mikilvægt innlegg inn í þá sögu.

Allir gripirnir áttu það sameiginlegt að vera mótaðir úr íslenskum leir. Hráefni sem er þekkt fyrir að vera afar viðkvæmt. Sögur um veggplatta úr íslenskum leir, sem molnuðu niður af vegg án þess að nokkur kæmi þar nálægt, voru undirritaðri í fersku minni þegar rætt var um hvernig gripum skyldi stillt upp og þeir festir niður. Það var því aðeins taugatrekktur safnastarfsmaður sem bað fólk um vinsamlegast að snerta ekki litríka munina, sem stóðu á svörtum pöllum á opnunardeg.

Margir gripir á sýningunni höfðu verið fengnir að láni bæði frá einkaaðilum og þeir elstu frá Þjóðminjasafninu. Leirmuninum var stillt upp á palla, misháa og misbreiða. Viðkvæmustu gripirnir voru festir niður með forvörslutyggjói.

En ákveðið hafði verið að vera ekki með plexi-hjálma yfir gripunum. Heldur var treyst á skýrar merkingar á pöllum, þannig að fólk væri ekki í vafa um að þessir gripir væru brothættir.

Svo rann 24. febrúar upp

Starfsmenn Garðabæjar voru í fjar-kennslu að læra á Teams. Og þá byrjaði allt að skjálfa. Undirrituð var ein á safninu þann daginn. Skjálftinn byrjaði og virtist bara ekki ætla að hætta.

Viðbrögðin voru að hlaupa fram í sal, grípa einn gripinn í fangið og stilla sér upp við stóran vasa og halda í hann. Sá hafði áður lifað af ferð til New York árið 1939 og nokkra stóra skjálfta síðan þá.

Á meðan skjálftinn reið yfir og eftirskjálftarnir horfði ég yfir salinn og velti fyrir mér hvað í ósköpunum ætti að taka til bragðs! Væri hægt að

hlaupa á milli og kippa gripum niður af pöllum? En hvar skyldi byrjað? Myndi húsið sem safnið er í standast þessa skjálfta, hvað ef einn stærri kæmi? Hugurinn reikaði einnig niður í geymslurnar: „Guð minn góður, hvernig er staðan þar?“ Sem betur fer var fyrsta samkomubannið notað til að skrúfa flestar hillurnar fastar í gólf og loft. Ásamt því að tækifærið var nýtt til að búa sérlega vel um alla leirmunina sem þar voru í kössum.

Á meðan þessar hugsanir þutu um hugann, birtist Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar á hardahlaupum upp stigann inn í sýningarsalinn. Sjaldan hef ég verið jafnfeigin að sjá aðra manneskju – og oft er nú gaman að hitta á Ólöfu.

Það var afar gott að vera með einhvern í ráðum í þessum aðstæðum. Þar sem hægt var að ræða fram og til baka hvernig væri best að ganga frá gripunum ef ske kynni að enn stærri



skjálfti kæmi. Því það var svo ótrúlegt en enginn gripur færðist úr stað eða féll niður í þessum hristingi öllum.

Sýningin samanstóð eingöngu af brothættum gripum sem voru í hættu af að eyðileggjast og allir voru þeir einstakir. Hafist var handa við að finna til efni sem við gætum nýtt okkur til að vefja utan um viðkvæma gripina. Flestir gripanna voru færðir niður af háum pöllum. Að endingu var öllum gripum fyrir utan þá allra minnstu, komið fyrir í opnum kössum og skordaðir af með silkipappír. Kössunum var stillt upp fyrir framan pallana sem gripirnir höfðu verið á.

Jarðskjálftarnir héldu áfram þar til byrjaði að gjósa 19. mars. Tekin var sú ákvörðun að loka ekki sýningunni þó að allt skylfi inn á milli. Heldur hafa hana opna í því ástandi sem hún var komin í. Gestir voru ekki rukkaðir um aðgangseyri og

ef starfsmenn voru á svæðinu var sérlega vel tekið á móti hverjum og einum, og útskýrt af hverju sýningin leit út eins og hún gerði. Það reyndist ágætt þó að auðvitað væri sýningin sjálf ekki uppi, strangt til tekið. Það hefði hins vegar verið afar erfitt að loka sýningunni stuttu eftir aðrar lokanir tengdar Covid-faraldrinum. Eftir á að hyggja var þetta góð ákvörðun og gaf tækifæri til samræðna við gesti og gangandi um viðbrögð safna í svona aðstæðum.

Ísland er jarðskjálftaland og nú þegar Reykjanesið er að vakna aftur, skv. jarðfræðingum, getum við átt von á þeim oftár hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er því gott að fara vel yfir viðbrögð við stórum skjálftum. Fyrst er það fólkið, sem skal bjarga, gripirnir koma síðar. En það getur verið erfitt að hugsa rökrétt og yfirvegað í aðstæðunum. Í stað þess að skríða undir skrifborðið og bíða, var hlaupið fram og staðið inni í miðri

sýningunni. Líklega hefði það ekki gerst ef fleiri hefðu verið nálægt. Þegar einn starfsmaður er á svæðinu er öll ábyrgðin á honum og það getur verið flókið. Mörg söfn búa ekki svo vel að hafa marga starfsmenn í sínum röðum og afar oft er einungis einn starfsmaður á vakt, t.d. um helgar. Það er því lag núna að fara yfir hver viðbrögðin eiga að vera í t.d. jarðskjálftum.

Ef fólk er í vafa um rétt viðbrögð þá er mjög góðar leiðbeiningar er að finna í handbókum Þjóðminjasafnsins varðandi viðbrögð við ýmiskonar vá er tengist safngripunum sem við erum stundum alltof tengd.

Þóra Sigurbjörnsdóttir sérfræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands

SAFNAFRÆÐI

Fjölbreytt námsframboð í Safnafræði

Diplómanám í safnafræði, 30 ECTS

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi og hentar m.a. fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu. Námið tekur tvö misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-námi í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þau það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Diplómanám í safnafræði er fjarnám.

Meistaránám í safnafræði, 120 ECTS

Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fyrstu einkunn (7,25) eða sambærilegri prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru við safnafræði. Nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e geta tekið hluta námsins við erlenda háskóla. MA nám í safnafræði er fjarnám.

Ritskoðun á sýningunni Töfrafundur – áratug síðar í Hafnarborg

Á undanförunum árum hefur umræða um ritskoðun á söfnum aukist. Það er meðal annars afleiðing af #MeToo byltingunni: Hvernig geta söfn verið ábyrgir þátttakendur í baráttunni gegn kynjamisrétti? Hvað á að gera við vafasöm verk í eigu safna? Er við eigandi að sýna verk eftir listamenn sem mögulega hafa beitt líkamlegu eða andlegu ofbeldi?

Á að fjarlægja listaverk sem gætu sært blygðunarkennd ákveðinna hópa safngesta? Margir muna vafalaust eftir því þegar tveimur verkum eftir Gunnlaug Blöndal var komið fyrir í geymslu Seðlabankans eftir að starfsmenn kvörtuðu undan þeim. Söfn voru mörg hver fljót að koma listamanninum til varnar og birtu verk hans í þeirra eigu á samfélagsmiðlum. Eitt besta innleggið í umræðuna kom þó frá Svölu Wigelund sem setið hafði berbrjósta fyrir á annarri myndinni. Í viðtali við fréttastofu RÚV sagðist hún hissa á neikvæðum viðbrögðum fólks: „Það ætti þá að koma heim til mín og sjá myndirnar á veggjunum hjá mér, þær eru helmingi verri eða [...] kjánalegri.“, sagði hún.

Ljóst er að í málum sem þessum þarf að hafa raddir ólíkra hópa fólks í huga. Afstaða eins má ekki verða til þess að svifta aðra tækifæri til þess að móta sér eigin skoðun, milli-liðalaust. Listrænt tjáningarfrelsi þarf að vera algert. Verk sem veldur

ádeilu sýnir fram á áhrifamátt listar og vekur athygli á málefnum sem skipta alla máli. Því ber að fagna, ekki að forðast.

Hafnarborg stóð sömuleiðis í ströngu vorið 2021 eftir að hluti sýningarinnar *Töfrafundur – áratug síðar* eftir listamannatvíeykið Libiu Castro og Ólaf Ólafssyni vakti neikvæð viðbrögð bæjaryfirvalda. Eitt verk var sett á gafl safnsins, en tekið niður tveimur dögum seinna að tilskipan Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra Hafnarfjarðar og yfirmanni menningar-málasviðs. Það var gert án vitundar listamannanna eða forstöðumanns Hafnarborgar. Umrætt listaverk er innlegg í umræðuna um nýja stjórnarskrá en það er miði með eftirfarandi skilaboðum til Alþingis: „Ekki kjafta ykkur frá niðurstöðu stjórnlagabings“.

Þetta mál er töluvert snúið. Upphaflega reyndi forstöðumaður Hafnarborgar að fara formlega leið að leyfisveitingu, en fékk ekki skýr svör. Ólafur og Libia tóku málin í sínar hendur, en í viðtali við *Kjarnann* sögðust þau hafa fengið munnlegt leyfi fyrir staðsetningunni frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og umsjónarmanni fasteigna bæjarins. Á sunnudegi, áður en safnið opnaði var það tekið niður aftur.

Rósa bæjarstjóri hafnaði því alfarið að um ritskoðun væri að ræða. Hún sagði verkið skyggja á nafn safnsins og að leyfi hafi ekki verið fyrir

hendi fyrir staðsetningunni. Þann 6. maí lagði Rósa svo fram tillögu á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þess efnis að sótt yrði um tilskilin leyfi til byggingarfulltrúa og í kjölfarið yrði verkunum aftur komið upp á nýjan stað fyrir utan húsið. Í kjölfarið myndu svo listamennirnir Libia og Ólafur vera boðuð til samtals og listaráð Hafnarborgar myndi funda um málsatvik með nýjum forstöðumanni stofnunarinnar.

Á meðan þetta mál fékk farsælan endi, en verkið var sett aftur upp á húsgaflinn, vakti það athygli á mikilvægum málefnum tengdum listrænu tjáningarfrelsi, safnastarfi á Íslandi og starfsháttum Hafnarborgar.

Í fyrsta lagi ber að tengja umræðuna við stefnu Hafnarborgar. Safninu er ætla að „standa fyrir öflugum og metnaðarfullu menningarstarfi sem endurspeglar gerjun [og grósku] samtímans“. Hafnarborg lofar ögrandi hugmyndum og að „gæta sérstöðu sinnar á listasviðinu í tengslum við ásjýnd, yfirbragð og framsetningu listviðburða, sem markast af sterkri og einstakri upplifun gesta.“ Það reynir aldeilis á ögrandi, öflugt og metnaðarfullt menningarstarf þegar pólitíkin bankar á dynnar og krefst þess að verk sé tekið niður. Það er ekki til umræðu hvort fólk, innan eða utan safnsins, sé sammála þeim skilaboðum sem sýningin vekur máls á, heldur að safnið stuðli að málfrelsi og listrænu tjáningarfrelsi. Listaverkið endurspeglar



samfélagslega umræðu sem hófst eftir hrun og er því ekki óeðlilegt umfjöllunarefni fyrir listasýningu. Safngestir geta gert upp eigin hug hvort þau eru sammála eða ósammála þeim skilaboðum sem listaverkin miðla.

Það hljómar heldur falskt að halda því fram að verkið hafi einungis verið tekið niður vegna staðsetningar á útvegg hússins. Hér var ekki um varanlega breytingu á byggingunni að ræða. Upphaflegir erfiðleikar við að tryggja tilskilin leyfi bera vitni um hið sama. Hér var um verk með afgerandi pólitískri yfirlýsingu að ræða, staðsett á vegg safns með fjárstuðning bæjaryfirvalda. Vandamálið í þessu samhengi er að bæjarstjóri situr í stjórn safnsins. Það er umhugsunarvert að slík bein aðkoma yfirvalda að stjórn safna skuli vera þekkt fyrirkomulag. Það er skiljanlegt að söfn sem fá opinbera styrki eigu í góðu samstarfi við yfirvöld. Almannahagsmunir fylgja almannafé. Það er hins vegar umræðuvert að yfirvöld, hér bæjaryfirvöld, geti ritstýrt sýningum safna með þessu móti.

Að lokum ber að nefna sein opinber viðbrögð safnsins. Libia og Ólafur fengu afdráttarlausan stuðning Íslandsdeildar ICOM og Bandalags íslenskra listamanna, sem sendu frá sér opinberar yfirlýsingar um málið. Íslandsdeild ICOM segir í sinni yfirlýsingu, sem dæmi, að málsatvikin í Hafnarborg séu „hvorki í samræmi við siðareglur, né safnalög og telst vera óeðlileg afskipti af stjórnun safns“. Slík afgerandi afstaða kom ekki frá safninu sjálfu, sem sendi frá sér yfirlýsingu þann 8. maí þar sem tilkynnt var að unnið væri að lausn málsins. Þann 14. maí tilkynnti safnið að þau hefðu beitt sér fyrir því að verkið yrði sett upp að nýju og að það hefði gengið í gegn. Hér er ekki tekið á málsatvikum með neinum raunverulegum hætti, né Libíu og Ólafi sýndur afgerandi stuðningur.

Þær athugasemdir sem hér hafa verið dregin saman ná ekki fyllilega utan um atvikið á Hafnarborg í vor. Hér hefur til dæmis ekki verið rætt nauðsyn þess að styrkja betur Safna-
ráð, FÍSOS og önnur hagsmunasamtök

safna og safnafólks, svo þau geti boðið öflugri og tafarlausan stuðning þegar mál sem þessi koma upp. Það þarf að stuðla að faglegri og heiðarlegri umræðu um samband hins opinberra og safna, og tjáningarfrelsi og málfrelsi á söfnum meðal allra þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í málum sem þessu, þ.m.t. safnafólk, yfirvöld, listamenn og almenningur.

Það er nauðsynlegt að geta treyst því að söfn starfi í þágu almennings, óháð pólitískri afstöðu yfirvalda. Fagleg umræða er alltaf betri kostur en þöggun. Söfn bjóða upp á rými þar sem almenningur getur fræðst og frætt aðra. Fögnum því og höldum ótraud áfram að sýna frumkvæði í safnastarfi og efla virka þátttöku ólíkra hópa safngesta.

Guðrún D Whitehead, lektor
í safnafræði við Háskóla Íslands

Umhverfis- og loftslagsverkefnið Pláneta A



Á haustdögum 2019 var viðamiklu umhverfis- og loftslagsverkefni hleypt af stokkunum hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðlegum degi barna, þann 20. nóvember. Verkefnið fékk heitið Pláneta A og alls tóku um 450 nemendur í 8. bekkjum grunnskóla Kópavogs þátt í því á haustönninni. Á sjálfan afmælisdaginn blés Kópavogsbær til mikillar Barnasáttmálahátíðar um allan bæ, en bærinn vannur einmitt að innleiðingu sáttmálans

þessi misserin. Í Menningarhúsunum í Kópavogi var nemendum á leik- og grunnskólastigi boðið upp á veglega hátíðardagskrá með fjölbreyttum viðburðum, tónleikum, málþingi og sýningaopnunum þar sem afrakstur langtíma verkefna var sýndur.

Valdefling og lausnaleit

Tilgangur Pláneta A-verkefnisins var að fræða nemendur um umhverfis- og loftslagsmál en einnig að valdefla þá og hvetja til umræðna og lausnaleitar, þar sem hlustað var eftir aðgerða-

hugmyndum þeirra um hvernig snúa megi hlutum til betri vegar. Hæfniviðmið aðalnámskrár, sem og grunnstoðir Barnasáttmálans voru leiðarljós við uppbyggingu verkefnisins, en grunnstoðirnar kveða á um jafnræði og enga mismunun (2. gr.), að gera ávallt það sem er barninu fyrir bestu (3. gr.), rétt barns til að lifa og þroskast (6. gr.) og rétt barns til að tjá sig (12. gr.). Með sameiginlegri lokasýningu á verkum nemenda skapaðist einmitt áhrifaríkur vettvangur fyrir þá til að láta raddir sínar heyrast og hafa áhrif.

Fræðslan til skólanna

Verkefnið var tvíþætt og fól annars vegar í sér fræðslufyrirlestra og umræður með Sævari Helga Bragasyni, Stjörnu-Sævari, og hins vegar verkefnavinnu með kennurum og undirritaðri, Ríkeyju Hlín Sævarsdóttur, verkefnastjóra verkefnisins hjá Náttúrufræðistofu.

Þar sem dagskrá grunnskóla er öllu jafna mjög þéttsetin var þess gætt að verkefnið félli sem best að stundatöflum nemenda, að það ylli sem minnstu auka utanumhaldi og vinnuálagi á kennara og að tíminn með hverjum nemendahópi nýttist sem best. Til að ná þessum markmiðum fór öll fræðsla og verkefnavinna því fram í skólunum sjálfum og má því segja að hlutum hafi á vissan hátt verið snúið á hvolf miðað við það sem algengt er; safnið og fræðslan kom til skólanna en ekki öfugt.

Fyrirkomulagið mæltist mjög vel fyrir og öll samskipti og samvinna við kennara voru með mestu ágætum. Að auki var á þennan hátt tryggt að fræðslan næði til allra nemendanna, en mögulega hefði einungis verið hægt að bjóða ákveðnum fulltrúahópi frá hverjum skóla þátttöku ef verkefnið hefði farið fram á Náttúrufræðistofunni sjálfri eða annars staðar í Menningarhúsunum. Þetta atriði vóg þungt hjá skipuleggjendum verkefnisins, enda loftslagsbreytingar mikilvægustu málefni samtímans og nauðsynlegt að allir fái notið traustar og hlutlausrar fræðslu um þau.

Fæst hamingjan keypt?

Það var sannarlega mikill fengur að fá Sævar Helga, vísindamiðlara og jarðfræðing, til liðs við Plánetu A-verkefnið enda nær hann vel til krakka og hefur gott lag á að koma vísindalegum niðurstöðum og staðreyndum á framfæri á skiljanlegan hátt. Þrátt fyrir alvarleg umræðuefni voru fræðslu-



fyrirlestrar hans bæði lifandi og skýrir, enda útgangspunktarnir öðru fremur vitundarvakning, lausnaleit, lífsgæði og hamingja. Að þeim loknum spunnust undantekningarlaust góðar umræður. Undirrituð, verkefnastjóri, sinnti starfi ritara og skráði niður helstu punkta úr umræðum nemendanna. Punktunum, ásamt helstu áhersluatriðum úr fræðslufyrirlestri Sævars Helga, var síðan varpað upp á vegg í vinnustundum og þjónuðu þannig sem kveikjur og upprifjun fyrir verkefnavinnu nemenda.

Mismunandi verkefnaleiðir voru nemendum færar til að koma áherslum sínum og hugleiðingum á framfæri; sumir völdu að útbúa aðgerðaspjöld og -skóft og aðrir skrifuðu póstkort til bættrar framtíðar þar sem hugmyndir þeirra að lausnum, sem grípa verður til nú strax í umhverfis- og loftslagsmálum, komu fram. Hamingjufáninn, sameiginlegt verkefni allra 450 nemendanna, vakti einnig mikla athygli, en á hann skrifaði hver nemandi eitt orð um það sem veitti honum hamingju



í lífinu. Tilgangurinn var að hugleiða tengslin á milli hamingju og hvers kyns neyslu og hvort hamingjan fáið raunverulega keypt? Það var ánægjulegt að sjá hve margir virtust staldra við og leita inn á við áður en þeir svöruðu og óskandi að verkefnið hafi vakið sem flesta til umhugsunar.

Verkefnavinnan í skólunum gekk í heildina séð mjög vel en krafðist einnig góðrar stýringar og leiðsagnar, enda nemendahóparnir stórir og tugir nemenda sem tóku þátt í hverri vinnustund. Eins og gengur voru nemendur misfúsir til vinnunnar en mikill meirihluti tók heilshugar þátt og hafði margt fram að færa.

Að sama skapi var verkefnavinnan krefjandi og útheimti m.a. mikið skipulag og flutninga á efniviði í og úr skólunum, en eins og gefur að skilja krefst stórt og margþætt verkefni af þessu tagi töluverðs efniviðar og var öflun þess í höndum verkefnastjóra. Mikil áhersla var lögð á endurnýtingu

og notkun afgangsefnis til vinnunnar og eru fyrirtækjunum BYKO, Svansprenti, IKEA og Fatasöfnun Rauða krossins, sem og garðyrkju- stjóra Kópavogsbæjar, færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlög og stuðning. Verkefnastjóri hafði með sér allan nauðsynlegan efnivið í hverja vinnustund, sá um frágang og þrif að heimsókn lokinni t.d. á málningarvörum og öðru, og undirbúning fyrir þá næstu. Samanlagður heimsóknafjöldi í skólana vegna fyrirlestra og vinnustunda var tæplega 20 skipti.

Sýning og tímahylki

Barnasáttmáladagurinn 20. nóvember var sannkallaður uppskerudagur fyrir þátttakendur í Plánetu A-verkefninu þegar sameiginleg heildarsýning á verkum þeirra var opnuð með pomp og prakt í anddyri Náttúrufræðistofunnar sem hluti af hátíðardagskrá Menningarhúsanna. Fulltrúar þátttakenda úr hópi 8. bekkinga opnuðu sýninguna ásamt Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs,

Andra Snæ Magnasyni, rithöfundur og Sævari Helga Bragasyni. Óhætt er segja að gleðin hafi skinið af hverju andliti þennan dag og greinilegt að nemendur voru stoltir af verkum sínum, fannst tilkomumikið að upplifa heildaráhrif þeirra og voru áhugasamir um skilaboðin sem þau fluttu.

Sýningarundirbúningur og -uppsetning var í höndum undirritaðrar, verkefnastjóra, og starfsmanna Náttúrufræðistofu auk Ólafar Breiðfjörð, verkefnastjóra barnamenningar hjá Menningarhúsunum. Í aðdraganda opnunarinnar fékk verkefnið fjölbreytta fréttaumfjöllun þar sem m.a. voru birt viðtöl og greinar eftir nemendur úr hópi 8. bekkinga í blöðum og á vefmiðlum. Á sjálfan Barnasáttmáladaginn ræddu nemendur um verkefnið í útvarpsviðtali auk þess sem hátíðardagskránni sjálfri voru gerð góð skil í sjónvarpi og blöðum.

Sýningin Plánetu A stóð yfir fram að adventubyrjun og alls heimsóttu



hana um 1.150 gestir. Meðan á henni stóð bauðst gestum að skrifa sín eigin póstkort til bættrar framtíðar, líkt og nemendur gerðu, og bæta við sýninguna. Að henni lokinni var kortunum, ásamt öllum póstkortum 8. bekkinganna, komið fyrir í tímahylki sem afhent var Héraðsskjalasafni Kópavogs til varðveislu næstu 20 árin. Þann 20. nóvember 2039 verður tímahylkið svo opnað og þá verður fróðlegt að sjá hvaða atriði er varða umhverfis- og loftslagsmál lágu nemendum og almenningi helst á hjarta árið 2019 og hvað hafi í raun breyst á þeim 20 árum sem þá verða liðin.

Pláneta A því það er engin B

Ef horft er yfir farinn veg og rýnt í samantekt á Plánetu A-verkefninu má hiklaust segja að það hafi gengið mjög vel og tilgangi þess verið náð. Að sama skapi má draga af því mikinn lærdóm bæði framkvæmdalega og efnislega. Verkefnið var gríðarlega yfirgripsmikið og með því þreytti Náttúrufræðistofan frumraun sína í

því að fara með fræðslu og verkefnavinnu inn í skólana, en ekki öfugt. Samstarf við þátttökuskóla var með miklum ágætum en til þess að allir þættir verkefnisins næðust innan þess tímaramma sem úr var að spila var þjónustustigið við þá hátt m.a. varðandi öflun alls efniviðar, flutninga, stýringu fræðslu- og verkefnastunda, undirbúning og uppsetningu sýningar o.fl.

Efnislegi hluti verkefnisins var ekki síður lærdómsríkur, en þrátt fyrir skýra og vandaða fræðslufyrirlestra og umræður með Sævari Helga kom bersýnilega í ljós í verkefnavinnunni hvaða skilning nemendur leggja hvað helst í umhverfis- og loftslagsmál: Plast- og sorpflokkun, endurvinnsla, bann við plastsogrörum og björgun skjaldbakanna (#savetheturles) eru dæmi um atriði sem nemendum var tíðrætt um og komu endurtekið fram í verkefnum þeirra, meðan það krafðist oft enn frekari umræðna, spurninga og leiðsagnar

í vinnustundum að hjálpa þeim að sjá „stærri myndina“. Að þessu leyti virtust nemendur stundum eiga erfitt með að gera greinarmun á umhverfismálum annars vegar og loftslagsmálum hins vegar og átta sig á stærstu verkefninum sem við sem mannkyn stöndum frammi fyrir í dag; að stöðva bruna jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmluftið og fanga hluta þess CO₂ sem nú þegar er í andrúmsloftinu svo sporna megi við frekari alvarlegum afleiðingum loftslagsbreytinga. Orkuskipti heimsins yfir í endurnýjanlega orkugjafa, sem og minnkuð neysla og kolefnisspor alls og allra eru forsenda þess að það takist.

Ríkey Hlín Sævarsdóttir
verkefnastjóri hjá
Náttúrufræðistofu Kópavogs

Frá bragga til listasafns

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar – Tilurð og saga

Myndlistamenn fást við að skapa efnislega hluti sem oft rata inn í safneignir liststofnana, fyrirtækja eða einstaklinga, eða setja mark á opinbert rými. Þegar þeir eru sjálfir horfnir af vettvangi verður jafnframt oft ljóst að þeir skilja eftir sig heilmikla slóð sem líkja má við búslóð. Í tilviki hins mikilhæfa myndhöggvara Sigurjóns Ólafssonar, sem lést árið 1982, 74 ára að aldri, bar vinnustofa hans á Laugarnestanga glögg vitni um frjóan og afkastamikil feril þar sem saman fléttuðust listsköpun, heimili og náttúrulegt umhverfi. Eftir heimkomu að stríði loknu 1945 hafði Sigurjón komið sér upp vinnustofu í bragga, og þótt síðar hafi verið byggt yfir hann (sem og íbúðina sem var þar í viðbyggingu) var þar mikill gólfkuldi og geymsluskilyrði höggmyndanna ekki góð. Ekkja Sigurjóns, Birgitta Spur, stóð frammi fyrir því krefjandi verkefni að koma listaverkum hans ásamt öðrum munum og gögnum í skjól og standa vörð um arfleifð hans. Birgittu fórst verkefnið vel úr hendi. Tveimur árum eftir andlát Sigurjóns var einkasafnið Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (LSÓ) stofnað og fljótlega var ráðist í endurbætur á húsnaðinu og það opnað almenningi við hátíðlega athöfn 1988. Ári síðar varð safnið sjálfseignarstofnun sem studdist við skipulagsskrá og hafði á að skipa fulltrúaráði og stjórn. Starfsemi safnsins, undir handleiðslu Birgittu, hefur frá upphafi verið kraftmikil og snúið að skráningu, rannsóknnum og miðlun höfundarverks Sigurjóns.

Árið 2012 var safnið og safnahúsið afhent Listasafni Íslands og það gert að deild innan þess.

Tilurð safnsins er rakin með ítarlegum hætti í 287 blaðsíðna bók sem Birgitta Spur ritstýrði og Styrktarsjóður LSÓ gaf út árið 2019: *Listasafn Sigurjóns. Tilurð og saga*. Sagan er rakin í máli og myndum en meginuppistaða bókarinnar eru litprentaðar ljósmyndir af byggingarframkvæmdum, frá sýningum og ýmsum viðburðum, sem og blaðaúrklippur. Þá birtast í bókinni, sem er án efnisyfirlits en fylgir tímaröð, annálar, dagbókarbrot Birgittu, bréf og ávörp sem tengjast opnun safnsins. Bókin er um margt óvenjuleg og minnir helst á úrklippubók. Þar er ekki að finna greinandi texta eða gagnrýna úrvinnslu en vissulega er athyglisvert að fletta bókinni og rekast á ýmis konar fróðleik. Í heild má segja bókina sé ekki vettvangur nýrrar túlkunar á ferli listamannsins, hún er fyrst og fremst heimildasafn sem gagnast getur sem bakgrunns- og stoðefni í rannsóknum. Í stuttum inngangi Birgittu kemur fram sú ósk hennar að draga fram með útgáfunni „þátt almenningssins við að gera hugmynd um safn um verk Sigurjóns að veruleika.“ Inngangsorðin endurspeglar skilning á virkni listasafns sem miðstöðvar merkingarmiðlunar í samfélaginu ekki síður en á hlutverki þess sem varðveislustaðar og (í tilviki LSÓ) minnisvarða um tiltekinn listamann. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar varð til í samhentun átaki margra áhuga-

samra aðila og í heild er bókin prýðilegur vitnisburður um þennan mikilvæga þátt í starfsemi listasafna. Þess má geta að á heimasíðu LSÓ er einnig af finna margháttaðar upplýsingar um tilurð og starfsemi safnsins, ásamt heildarskrá yfir listaverk Sigurjóns Ólafssonar. Greinargerð Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings um sögu LSÓ birtist einnig í ritinu *Saga listasafna á Íslandi* (2019).

Vitaskuld hefði listasafnið aldrei orðið til nema fyrir ástríðu Sigurjóns Ólafssonar til listsköpunar, ástríðu sem fann sér farveg og framhaldslíf í æviverki Birgittu Spur. Auk þess að koma safninu á fót og móta starfsemi þess, með fulltingi fjölskyldu, einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, ríkis og borgar, starfaði hún þar sem safnstjóri, sýningar- og ritstjóri (flestra sýningar og rita á vegum safnsins) – og þar grundvallast fagleg sjónarmið á menntun á sviði höggmyndalistar og listasögu. Þá hafa tengsl hennar við Danmörku, þar sem Sigurjón var mikils metin listamaður á starfsárum sínum þar, einnig skipt máli við að afla þaðan heimilda og, í samstarfi við listfræðinga og aðra, að halda nafni hans á lofti í dönsku og norrænu samhengi með ýmis konar útgáfu og sýningarhaldi.

Í bókinni eru úrklippur úr dönskum fjölmiðlum sem lýsa áhuga á framvindu mála við stofnun listasafnsins, auk umfjöllunar um þær sýningar sem safnið skipulagði á verkum Sigurjóns ytra.

Í bókinni eru í tímaröð fréttatilkynningar, viðtöl, umfjöllun og gagnrýni um nánast allt sem að safninu lýtur. Raunar kveikir bókinn í heild þanka um hversu mjög hefur dregið úr reglulegri menningarumfjöllun á síðum íslenskra dagblaða síðastliðinn áratug. Þess gætir þó ekki svo mjög gagnvart LSÓ. Meðal þess sem tekið hefur verið til gagnrýnnar umfjöllunar í dagblöðum er útgáfa á vegum safnsins, og má þar nefna árbækur LSÓ, en mikilvægt er að slík gagnrýni birtist á dagblöðum og nái þannig til almennings. Í umfjöllun um sýningu á verkum Sigurjóns í Listasafni ASÍ árið 1985 bendir Aðalsteinn Ingólfsson (s. 21 í bókinni) á þá furðulegu staðreynd að ekki hafi áður verið gefnar út bækur eða fræðirit um listsköpun þessa mikilhæfa frumkvöðuls. Samfara stórum sýningum í LSÓ og í Hafnarborg í tilefni þess að Sigurjón hefði orðið níraður árið 1998 kom á vegum safnsins út fyrra bindi ritverks um ævi og list Sigurjóns, og spannar hún feril hans fram að því er hann sneri heim til Íslands árið 1945 (seinna bindið kom út ári síðar). Í umfjöllun (s. 135) um sýninguna í Hafnarborg bendir Gunnar J. Árnason listheimspekingur á að erfitt hafi verið að meta framlag Sigurjóns þar sem margt hafi verið á huldu um Danmerkurárin. Útgáfa ritverksins þar sem birtust fræðilegir textar á íslensku, dönsku og ensku, ásamt skrá yfir öll þrívíð verk Sigurjóns, fyllti þannig upp í eyður í íslenskri listasögu. Og eins og Birgitta segir frá í viðtali (bls. 210) árið 2008 vegna



sýninga í tilefni af aldarafmæli Sigurjóns, m.a. í Danmörku, var markmið hennar einnig að leiðrétta fjarveru Sigurjóns í útgefinni danskri listasögu, fjarveru sem fór í bága við mikilvægt framlag hans á þeim vettvangi meðan á dvöl hans þar stóð. Öll útgáfa, sem og rannsóknir og sýningar á vegum safnsins – með aðkomu listfræðinga og ýmissa listamanna – hafa stuðlað að nýjum sjónarhornum á listsköpun Sigurjóns, bæði í íslensku samhengi og í stærra samhengi evrópskrar listar.

Safnið sjálft, þar sem það stendur upp af fjörunni á Laugarnestanga með útsýni yfir sundin blá, hefur svo auðvitað verið vettvangur gróskumikils sýningarhalds, fræðslu og viðburða (þ.á m. tónleika og bókmenntakvölda). Við skoðun bókarinnar rifjast upp í blaðaúrklippum að tanginn er einnig staður ósnortinnar náttúru og fornminja sem Sigurjón og Birgitta lögðu alla tíð mikla áherslu á að vernda en um tíma stóð til að leggja veg yfir

Laugarnestúnið í nánd við safnið. Safnið hefur efnt til eða tekið þátt í viðburðum til stuðnings verndunar-sjónarmiðum.

Bókin *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Tilurð og saga* er til vitnis um elju og útsjónarsemi Birgittu Spur og samstarfsfólks hennar og þeirra mörgu sem lagt hafa listsköpun Sigurjóns og safninu lið. Það er mikið lán fyrir arfleifð Sigurjón að eiginkona hans hafi getað sett ómældan tíma, hugmyndavinnu og orku í að tryggja listaverkum hans verðuga umgjörð. Bókin dregur upp mynd af því hvernig saga safnsins, sem hófst með listsköpun í bragga á Laugarnestanga, er samvaxin nærumhverfinu og samfélaginu, og vonandi mun þetta safn fleyta arfi Sigurjóns og myndlistarinnar áfram til komandi kynslóða.

Anna Jóhannsdóttir
Myndlistarmaður og listfræðingur

Söfn á Covid tímum

Síðustu misseri hafa eðlilega haft mikil áhrif á söfn á Íslandi sem og annars staðar. Kvisti lék forvitni á að vita hvernig áhrifin hafa birst minni söfnum á landsbyggðinni. Þau Eva Björk Káradóttir hjá Hvalasafninu á Húsavík, Helga Þórsdóttir í Listasafni Reykjanesbæjar, Kristín Scheving hjá Listasafni Árnesinga og Níels Hafstein hjá Safnasafninu svöruðu fyrir okkur nokkrum spurningum.

Fyrsta spurningin var nokkuð almenn um áhrif covid faraldursins á þeirra safn.

Kristín á Listasafni Árnesinga sagði þetta hafa verið afar lærdómsríkt ferli. Þau þurftu að loka eins og önnur söfn en notuðu tímann vel, breyttu og lagfærðu bæði innanhúss og vefsíðu safnsins svo dæmi séu tekin.

Níels á Safnasafninu sagði farsóttina hafa haft bæði góðar og slæmar afleiðingar, sem tekist var á eftir því sem hentaði hverju sinni. Þau reyndu ávallt að finna nýja fleti og opna fleiri gáttir í starfseminni.

Eva Björk sagði að lokanir og samkomutakmarkanir hafa haft þau áhrif að lítil aðsókn var í Hvalasafnið á síðasta ári, að undanskilinni sumarönninni þar sem starfsemin var með nokkuð eðlileg-


um hætti. Þeirra helstu gestir eru erlendir ferðamenn og á meðan þeir komu ekki til landsins var safnið að mestu lokað.

Hjá Listasafni Reykjanesbæjar hefur covid haft í för með sér tvöfalt vinnuálag, þrátt fyrir 10 manna samkomutakmarkanir hafa verið settar upp sýningar í raunheimum af sama metnaði og áður en á um leið hefur safnið þurft að vinna mjög skipulega á samfélagmiðlum í þeim tilgangi að færa almenningi menninguna heim. Helga sagðist að henni hafi oft fundist hún vera í tvöfaldri vinnu, bæði sem safnstjóri og svo dagskrárstjóri útsendinga.

Þá spurðum við um hverjar helstu áskoranirnar í starfi safnsins á tímum heimsfaraldursins hafi verið og voru svörin fjölbreytt:

Helga: Við hjá Listasafni Reykjanesbæjar fundum mjög mikið til með þeim listamönnum sem þurftu að opna nýjar sýningar, án þess að um opnunarboð væri að ræða sökum samkomutakmarkanna. Við teljum ástandið hafi bitnað sérlega illa á okkar safni, vegna nálægðar, en á sama tíma fjarlægðar við höfuðborgina. Einnig bitnaði þetta sérlega illa á safninu fjárhagslega, þar sem samstarfsaðilar okkar komi ekki saman í bíl vegna covid 19 og þurfti safnið því að leggja fram mun hærri kostnað vegna ferða listamanna og sýningastjóra.

Níels: Að skapa nýjar aðstæður sem heilluðu gesti, svo þeir gætu nálgast sýningar safnsins öðruvísi en áður. Hugsunin var sú að gefa fólki tilefni til að fjarlægjast farsóttina á skapandi máta og breyta hegðun sinni í listasafni, vera ekki aðeins hálf-



virkur skoðandi heldur markvissari í nálgun sinni, komast nær kjarna málsins, undrast og hrífast

Í aðalsal safnsins var horft til Salon-sýninganna í París á 18. og 19. öld þegar málverk voru hengd upp ramma við ramma svo erfitt var að skoða hvert þeirra fyrir sig, en gestum boðið að nota gatasjald með skafti til að horfa í gegnum og einangra hvert verk fyrir sig. Þetta endurhannaða hjálpargagn gerði mörgum gestum safnsins kleift að nálgast listaverkin á nýjan og þakklátan hátt

Búinn var til feluleikur fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára. Hann gerði stormandi lukku og gerbreytti upplifun barnanna og fjölskyldna þeirra. Þau fengu í hendur plöstuð spjöld með ljósmyndum af andlitum í verkum á sýningum beggja hæða og gengu strax til leiks. Foreldrar höfðu orð á því að hegðun þeirra væri önnur en oft áður í söfnum, í staðinn fyrir óþol og væl, ærsl og hlaup, kom brennandi áhugi á því að leysa þrautina. Með smáhjálp frá foreldrum og móttökustjóra gátu börnin klárað verkefnið. Þau fengu litprentað viðurkenningarskjal með nafni sínu og máttu velja 1 leikfang úr tösku til eignar. Það var gleðilegt að heyra þau segjast ætla að koma aftur strax á næsta ári því auðvitað yrði nýr leikur til taks þá og fleira dót!

Kristín: Að finna leiðir til að halda áfram að vera í sambandi við gesti okkar og nærumhverfið. Við ákváðum til dæmis að vera með verkefni þar sem að safnið færi inn í skóla í Árnessýslu (Grasagrafík) og var það vel heppnað þrátt fyrir endalausar frestanir og endurskipulagningu. Við ætlum að halda því verkefni

áfram nú í haust 2021, að fara með þrjár mismunandi smíðjur í skóla í samstarfi við sex listamenn.

Hafa einhver tækifæri skapast við „ástandið“?

Kristín: Já það hefur alveg verið ágætt fyrir okkur að fá meiri tíma til að vinna í bakrýmum, safneignargeymslu og að endurskipuleggja innra starf safnsins.

Niels: Svalbarðsstrandarhreppur bauð safninu 2020 að njóta krafta starfsskonu í Valsárskóla og var það þegið með þökkum. Tók hún að sér móttöku gesta um sumarið. Síðar var ákveðið að bjóða henni vinnu áfram í takti við ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, samkvæmt ráðningarsamningi við Vinnumálastofnun Íslands. Verkefni hennar færðust yfir í annan málaflokk, ljósmyndun og máltöku listaverka, greiningu á aðferðum og efnisnotkun og síðan færslur í frumskráningarskjöl, einnig aðstoð við forvörslu, prófarkalestur, ritun texta í sérprent um væntanlega sýnendur 2021, þýðingar á ensku og fleiri nauðsynleg undirbúningsstörf. Eftir opnun í maí tók hún aftur að sér að sinna gestum. Þessi vinna skilaði frábærum árangri og undirstrikaði hvað það hljómar fáránlega að safnið skuli ekki hafa fastráðna starfsmenn (minnst 10) eftir 27 ára rekstur. Ráðningarsamningurinn rann út í byrjun október 2021 og er vandséð hvort safnið hafi tök á því að semja á ný nema sérstakt framlag komi til úr safnasjóði?

Helga: Við nýttum lokunina í að gera upp kjallara í húsnæðinu okkar og unnum hörðum höndum að öllum þeim verkefnum sem við gátum leyst af hendi sjálf, þrifa,

múra, mála, sparsla, losa rör o.fl. Safnageymslan okkar er nú nánast fullkláruð auk þess sem hluti af uppgerðu rými verður leigður út til að efla tekjur safnsins allt árið um kring. Þá eru tækifæri í þeirri rafrænu dagskrá sem safnið hefur staðið fyrir. En sú dagskrá kostar bæði mannskap og peninga, það er mjög mikilvægt að söfn fái bolmagn til að ástunda þau vinnubrögð sem skapast hafa með rafrænni dagskrá síðasta árið. Á sama tíma er ekki hægt að ætlast til að sú dagskrá sé nú orðin viðbót á störfum sem fyrir voru.

Hefur safnið unnið sérstaklega að einhverjum verkefnum til að efla nærsamfélagið?

Niels: Safnið gekk til samstarfs við Svalbarðsstrandarhrepp, Leikskólann Álfaborg og Valsárskóla á Svalbarðseyri um framkvæmd verkefnis sem ber heitið *Tímahylkið á tímum kórónuveirunnar* og á að varðveita reynslu íbúa svæðisins, nemenda og fullorðinna einstaklinga sem höfðu eitthvað markvert að segja á tímum farsóttarinnar. Sveitarstjóri sótti um og fékk styrki úr Barnamenningar- sjóði og Uppbyggingarsjóði Norðurlands Eystra. Í fyrstu var unnið við tímalínu í skólunum, síðan skrifaðar sögur og hugleiðingar og þær birtar á vefsíðu hreppsins en í lokin var fengin myndlistarkona á Akureyri til að stjórna því verki að búa til 3 stóra skúlpúra. Sett var upp sýning í aðalsal Safnasafnsins, prentað veggspjald í A3 stærð og það gefið gestum, sem fengu frítt inn, haldnir voru fyrirlestrar og flutt tónlist. Verkefnið heppnaðist vel og nú er að bíða og sjá hvað tíminn leiðir í ljós um útkomuna eftir 40 til 50 ár.

Kristín: Já fyrrnefnd skólaverkefni þar sem safnið heimsækir skólana og býður upp á smíðjur. Einnig ákváðum við að vera með örsýningar úr safneign í Dagskrá Sunnlendinga og á samfélagsmiðlum.

Eva Björk: Við færðum viðburði, eins og hina árlegu hvalaráðstefnu, á netið og gerðum viðburði hennar aðgengilegri en áður. Einnig er unnið að því að útbúa kennsluefni fyrir hvalaskólann sem verður aðgengilegt á youtube.

Helga: Listasafn Reykjanesbæjar er samtímalistasafn, það gerir safnið í eðli sínu alþjóðlegt. Umfjöllunarefni safnsins eru frekar hugtakamiðuð á sama tíma og safnið þarf alltaf að spyrja sig hvaða erindi það á staðbundið. Safnið heldur úti mjög öflugri rafrænni miðlun bæði sem podcasti, á Facebook, rekur Youtube rás og... Við vonum innilega að sú dagskrá hafi komið sér vel nær og fjær.

Hversu mikilvægir eru styrkir safnasjóðs almennt í rekstri safnsins? Telurðu að viðbrögð (eða viðbragðsleysi) safnsjóðs hafi almennt styrkt safnastarf á þessum óvenjulegu tímum? Hvaða sögu hefurðu að segja af þínu safni?

Helga: Styrkir Safnasjóðs eru Listasafni Reykjanesbæjar of mikilvægir enda þarf safnið styrki fyrir flestum sínum verkefnum. Við vorum auðvitað mjög þakklát fyrir auka framlag úr Safnasjóði vegna covid 19, en vegna þeirra réðumst við í stórt rannsóknar/skráninga/sýningar/útgáfuverkefni sem er auðvitað átta sinnum dýrara en styrkurinn sem fengin var. Einnig er sú krafa nú uppi að safnafólk haldi

áfram dagskrágerð, þannig spyr Listasafn Reykjanesbæjar á móti hvort Safnasjóður muni veita sérlega styrki í þann málaflokk?

Ljóst er að söfn eru að stórum hluta til í eigu bæjar/sveitarfélaga, flest fóru þau mjög illa út úr covid 19 og því viðbúið að rekstrarfé safna muni enn dragast saman. Við þetta erum við flest söfnin að glíma við og verðum því bara að vona að þetta reddist

Eva Björk: Styrkir safnaráðs skipta okkur miklu máli og gera okkur mögulegt að framkvæma verkefni sem við getum ekki séð fram á að fjármagna sjálf, sérstaklega í óvissuástandi síðasta árs

Níels: Safnasafnið fær enga rekstrarstyrki úr safnasjóði, þrátt fyrir skýr ákvæði safnalaga: *Safnasjóði er heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna*

Það þarf að skýra hvað hangir á spýtni, ekki síst þar sem viðurkennd söfn búa við mjög misjafnar aðstæður og mörg þeirra eiga í stöðugum fjárhagskröggum til að lifa af frá einu ári til annars. Ljóst er að annað hvort þarf að fara eftir lögunum eða leiðrétta þá mismunun sem felst í því að söfn í eigu stærstu hagkerfa landsins, fyrir utan ríkissjóð, fá styrki sem eigendur þeirra geta auðveldlega lagt þeim til án utanadkomandi hjálpar

Kristín: Safnasjóður er gríðarlega mikilvægur, án hans væri erfitt að setja upp metnaðarfullar sýningar eins og við gerum nokkrum sinnum á ári, plús öll önnur verkefni sem við erum að vinna núna eins og að lagfæra geymslur í samstarfi við forvörð og skráninga í sarpur.is

Það er ljóst að covid-19 faraldurinn hefur ekki dregið úr vinnu gleði og sköpunarkrafti þessara safnstjóra, þó margar áskoranir mæti þeim í daglegu starfi. Safnmenn hafa lengi unnið við þannig aðstæður að þeir koma auga á tækifæri í krísunum. Helst virðist heimsfaraldurinn hafa orðið til þess annars vegar að rými og tóm gafst til að huga að bakendanum, varðveisluskilyrðum og húsnæðismálum en einnig að stækka gestahóp safnanna með stóraukinni og bættri stafrænni miðlun.

Það verður áhugavert að fylgjast með því hvernig næstu misseri verða í starfi safna á Íslandi og hvort safnamál komast ofar á lista ríkis og sveitarstjórna, því ljóst er að mörg spennandi verkefni þurfa aukið fjármagn og fleiri hendur ef þau eiga að verða að veruleika. Sömuleiðis er áhugavert að halda áfram að spyrja safnstjóra og aðra safnastarfsmenn út í upplifun þeirra af faraldrinum sem virðist hafa gefið okkur mörgun tækifæri til að staldra aðeins við og forgangsraða upp á nýtt.

Heimsfaraldurinn, dulið tækifæri eða vát?

Fjölbreytileiki safna á Íslandi er gríðarlegur hvað varðar umfang starfsemi og starfsmannafjölda. Engu að síður falla flest safnanna undir sömu löggjöf og þurfa að standast sömu kröfur til faglegs starfs m.a. að búa til skýra stefnu og sýna fram á ákveðna fyrirhyggju. Þessar staðreyndir gera það að verkum að staða mála tengd stefnu- og áætlunargerð er jafn misjöfn og söfnin eru ólík. Í þessari stuttu grein verður fyrirhyggja (fyrirhyggju-leysið) innan byggðasafnshluta Menningarmiðstöðvar Þingeyinga (MMP) rædd og settar fram vanga-veltur starfsmanns byggðasafna MMP um hvernig best væri að bregðast við ástandinu sem skapaðist innan stofnunarinnar í tengslum við Covid-19 heimsfaraldurinn. Byggðasafnahluti MMP samanstendur af Byggðasafni Suður-Þingeyinga á Grenjaðarstað, Safnahúsinu og Sjóminjasafninu á Húsavík, Byggðasafni Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum við Kópasker og Sauðaneshúsi á Langanesi.

Í Safna 2021 (ársskýrslu MMP fyrir starfsárið 2020) skrifaði undirritaður að heimsfaraldurinn „hafði veruleg áhrif á áætlanir og rekstur MMP [...] Fjölda viðburða og sýninga í Safnahúsinu á Húsavík var frestað og í sumum tilvikum aflýst [...] Heimsóknir á þjóðlífsýningar MMP drógust saman samtals um 30% miðað við árið á undan, [en að] heimsfaraldrinum fylgdu líka tækifæri“. Engin áætlun var hjá MMP um hvernig stofnunin átti að bregðast við ástandi eins og því sem skapaðist

í kjölfar Covid-19. Þess vegna þurfti að hugsa hratt til að reyna að átta sig á í hverju tækifærin voru fölgín.

Það var mat undirritaðs að tækifærin fyrir byggðasöfnin fólust fyrst og fremst í að staldra við og endurskoða starfsemina í heild sinni. Undanfarið ár hafði síaukin áhersla verið lögð á þjónustu við erlenda ferðamenn aðallega vegna krafna frá eigendum stofnunarinnar um sértekjur. Því miður bar þessi stefna ekki þann fjárhagslega árangur sem vonast hafði verið eftir. Um vorið 2020 var ljóst að verulegs samdráttar í heimsóknnum erlendra ferðamanna til landsins var að vænta og allar fyrirfram bókaðar heimsóknir hópa til stofnunarinnar voru afbókaðar. Í kjölfarið var það metið sem svo að hér lægi gott tækifæri til að endurskoða tengsl safnanna við nærsamfélagið. En á sama tíma var það einnig ljóst að ekki væru burðir innan stofnunarinnar til að fara í öll þau nærsamfélagsverkefni sem voru óunnin.

Tækifæri að verkefnum sem komu í kjölfar faraldursins voru væntanlega mjög ólík á milli safna á Íslandi. Mikilvægt er að hafa í huga að verkefnin sem farið var með af stað hjá MMP voru brýnust fyrir starfsemi MMP á þessum tímapunkti og ekki endilega heppileg fyrir önnur söfn. Eitt verkefnið sem unnið var að var að skoða í hvaða mæli byggðasöfnin innan MMP uppfylltu skyldur sínar gagnvart fólkinu í nærsamfélaginu. Einnig voru Siðareglur ICOM skoðaðar sem og stefna MMP 2018–2022 þar sem orðið „virðing“ kemur oft við

sögu þó orðið virðing sé ekki notað í beinum tengslum við safnkostinn. Engu að síður hlýtur að teljast lágmarks virðing við nærsamfélagið og það fólk sem afhendir muni til safnsins að skráningar og varðveisla muna sé áreiðanleg. Áhersla starfseminnar var þar með á innra starf stofnunarinnar til að auka fagmennsku og styrkja þannig tengsl stofnunarinnar við sitt nærsamfélag.

Aðaláhersla í aukaúthlutun Safna-sjóðs 2020 var á eflingu faglegs starfs, m.a. skráningu og varðveislu, sem var hvatning fyrir MMP til að nýta sér heimsfaraldurinn og vinna með safnkost stofnunarinnar. MMP hlaut 1,5m kr. styrk úr sjóðnum til að sinna áratuga gömlu og ókláruðu verkefni í varðveislurými Sjóminjasafnsins á Húsavík. Verkefnið fór af stað um mitt sumar 2020. Þó mikið sé enn óunnið og verkefnið enn í gangi, tókst að vinna mjög mikilvæga vinnu sem hefur gefið góða yfirsýn á hvernig staðan er í varðveislurýminu. Sú vinna væri sjálfsagt enn óunnin ef það hefði ekki verið fyrir það tækifæri sem gafst þegar heimsfaraldurinn fór að geisa.

Auðvitað má færa rök fyrir því að önnur verkefni hefðu verið mikilvægari til þess að styrkja tengsl MMP við fólkið í nærsamfélaginu, kannski sérstaklega í nútíma safnaheimi þar sem áhersla er í sífellt meira mæli lögð á að auka aðsóknartölur í stað þess að sýsla með munina. Engu að síður hlýtur það að vera samspilið á milli fólksins og safnkostsins sem á að hafa forgang og því sýnd virðing.

Jan Aksel Harder Klitgaard
Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar
Þingeyinga

Einn miði – Fjögur söfn

Listasafn Íslands National Gallery of Iceland

Halló, geimur
Hello, Universe

Salur 3 & 4
5.2.2021–9.1.2022



Safn Ásgríms Jónssonar Ásgrímur Jónsson Collection

Heimili listamanns
Home of the Artist



Safnahúsið The Culture House

Fjársjóður þjóðar
Treasures of a Nation



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Sigurjón Ólafsson Museum

Höggmyndasafn við sjóinn
Sculpture Museum by the Sea



+354 515 9600
www listasafn.is

Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Garðar Akranesi



Í Byggðasafninu Görðum Akranesi var opnuð ný sýning í byrjun maí á þessu ári. Sýningin hafði verið í undirbúningi í rúm þrjú ár en tafðist vegna þess að umbætur á húsnæðinu höfðu reynst viðameiri en gert hafði verið ráð fyrir. Safnið var stofnað árið 1959 og er nýja sýningin sett upp í tilefni af 60 ára afmæli safnsins. Húsnæði sýningarinnar er 550 fm á tveimur hæðum.

Að stóru verkefni sem þessu koma fjölmargir einstaklingar en hér verða aðeins nefndir örfáir lykilstarfsmenn. Hönnuðir og sýningarstjórar eru Valgerður Halldórsdóttir, Ella María Gunnarsdóttir og Sara Hjördís Blöndal, Jón Allansson ásamt söguhópi sáu um handritsgerð og efnisöflun en lokaútgáfu textanna skrifaði Sigurbjörg Þrastardóttir.

Aðkoman að safninu er sérlega falleg og vel er hugsað um svæðið sem er hreint augnayndi þótt kútturinn sem þar hefur verið komið fyrir liggi undir skemmdum, og er það sorgarsaga út af fyrir sig. Vel var tekið á móti mér í safninu, afgreiðslufólkið alúðlegt og tilbúið

að fræða gestinn um allt sem hann kynni að spyrja um.

Sögusvið sýningarinnar er Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit, sem eru eigendur safnsins. Á sýningunni „öðlast gestir innsýn í líf og störf fólks á svæðinu, fyrr og nú“, eins og stendur í kynningu við upphaf sýningarinnar. Á sýningunni er lögð áhersla á að endurspeglar þá sérstöðu sem starfssvæði safnsins býr yfir og það sem einkennt hefur mannlífið á svæðinu. Það er greinilegt að mikil vinna hefur verið lögð í efnisöflun og textavinnu sem skilar sér í fróðlegri sýningu.

Það tímabil sem sýningin nær yfir er vítt, frá landnámi til dagsins í dag þótt mestu púðri sé eytt í tímann frá 1874 til nútímans. Fjögur þemu eru til umfjöllunar: *Lífið á sjó*, *Lífið í landi*, *Lífið í vinnu* og *Lífið í leik*. Fjallað er um upphaf bæjarins og þróun hans og er útgerðin þar fyrirferðarmikil svo og aðbúnaður sjómanna á ýmsum tímum. Í hlutanum *Lífið í landi* er lögð áhersla á vinnu og hlutskipti kvenna, trúarlíf fólks almennt og baðstofulíf. Þar koma við sögu ýmsir einstak-

lingar og er t.d. fróðlegt að heyra af Guðríði Símonardóttur og einnig er sjálfur Jón Hreggviðsson söguhetja Íslandsklukku Halldórs Laxnes þar lifandi kominn. Vinnukaflinn fjallar mikið til um stóriðju, sem er ákveðin sérstaða svæðsins. Verslun og iðnaður var í blóma á löngu tímabili og fylgir þeirri umfjöllun mikill fjöldi skemmtilegra gripa. Tómtundir, leikur og skemmtun er mikilvægur hluti í lífi fólks og hér er fjallað um eitt og annað því tengt, t.d. geta gestir valið sér lög úr forlata djúkboxi og þar er einnig til sýnis glæsileg rennireið sem notuð var til að fara á rúntinn. Íþróttirnar eru Akurnesingum í blóð bornar, ekki síst fótboltinn, sem fær góða umfjöllun.

Ekki er bara fjallað um störf og iðnað heldur er einnig lögð áhersla á sögur einstaklinga. Hlusta má á fjölmargar þeirra í hljóðleiðsögn en einnig er sérstaklega fjallað um hóp fólks frá ýmsum tímum sem hafði áhrif á samfélagið hvert á sinn hátt. Sú umfjöllun er sérlega skemmtileg og vel fram sett.

Hljóðleiðsögnin er í boði án aukakostnaðar. Tækin eru mjög fín, auðveld í notkun og aðgengileg. Frásögnin bætir miklu við efni sýningarinnar nema þegar of mikið er lesið upp af veggtextunum. Að öðru leyti eru textarnir skemmtilegir, fróðlegir og vel lesnir af þekktum leikurum. Þau svæði á sýningunni þar sem hægt er að hlusta á hljóðleiðsögnina eru merkt og sérstakt merki gefið ef upplesturinn er á persónulegum nótum.

Sýningin er fallega upp sett og hvert þema vel afmarkað. Gripum er komið vel fyrir í sýningarpúltum eða á hillum og veggjum. Textum er stillt í hóf og þeir eru vel skrifaðir og upplýsandi. Helst má finna að því að þegar nýr kafli byrjar í sýningunni þá kemur sá munur ekki fram á textaspjaldi sem er öðrum líkt þannig að svolítið erfitt er að átta sig



á að nýr kafli í sýningunni sé hafinn. Þetta ætti að vera auðvelt að laga. Ljósmyndir eru fjölmargar og oft mikið stækkaðar. Þær eru vel valdar og segja mikla sögu eins og ljósmyndir gera oft, auk þess sem mikil prýði er að þeim á sýningunni. Munatextar eru handskrifaðir beint á veggina, skemmtileg hugmynd sem kemur oftast vel út. Notuð eru umhverfisljóð sem gefa ákveðna stemmningu, t.d. má heyra öldugang og fuglasöng þar sem fjallað er um sjósókn. Á skjásýningum er einstökum efnum lýst nánar, svo sem hákarlaveiðum. Í sýningarhúsnæðinu eru jafnframt rými fyrir kvikmynda- og sérsýningar sem bjóða upp á fjölbreytni í sýningarhaldi. Að þessu sinni voru tvær skemmtilegar heimildarmyndir um Akranes í sýningu, önnur þeirra frá árinu 1947 og hin frá 1974.

Viða í sýningunni er fatnaður sem gestir mega handfætla og máta en einnig er þeim frjálst að opna skúffur með munum í. Leitast hefur verið við að gera sýninguna aðgengilega öllum. Gott aðgengi er fyrir hjólastóla og hugsað er um gesti sem hafa takmarkaða sjón eða heyrn. Allir textar eru á íslensku og ensku og það sama gildir um hljóðleiðsögnina.

Prýðilegt kennslurými er á fyrstu hæðinni við lok sýningarinnar,



sem við fyrstu sýn virðist vera hluti hennar. Þar er eðlileg óreiða en gott væri að aðskilja þetta rými betur frá sýningunni því endalok hennar virðast fremur snubbótt með þessu móti.

Það sem setti undirritaða helst út af laginu á sýningunni var upphafið. Í inngangstexta er fyrst getið um eigendur safnsins en í kjölfarið fylgir aðeins ein mjög almennt orðuð setning um innihald sýningarinnar. Síðan er miklu þúðri eytt í að útskýra tímalínu, sem er það fyrsta sem mætir augum gesta. Þar eru taldir upp ýmsir atburðir úr heimsögunni fá því um 800, væntanlega til að setja það sem fjallað er um á sýningunni í samhengi. Það tekst ekki alveg því fókussinn er of mikill á erlenda atburði og annað sem kemur sýningunni lítið við. Tímalínan er hins vegar falleg og vel hönnuð.

Það er líka spurning hvort ekki hefði verið hentugra að ramma sýninguna betur inn í tíma til að fá sterkari áhrif og halda sig t.d. við tímabilið frá 1875 til nútímans, en auðvitað er freistandi að hafa lengra tímabil undir. Svo væri gaman ef sýningunni hefði verið gefið nafn.

Hvað sem öðru líður þá er heimsókn í Byggðasafnið í Görðum góð og fræðandi skemmtun. Svæðið er til fyrirmyndar og nýja sýningin er áferðarfalleg og fræðandi. Örlitla hnökra má laga með einföldum hætti ef vilji er til þess.

Ég óska öllum aðstandendum til hamingju með þessa nýju og fínu sýningu!

Sigrún Kristjánsdóttir

Sarpur á Covid-tímum

Rekstrarfélag Sarps var ekki undanskilið áhrifum Covid faraldursins. Covid setti úr skordum ýmis verkefni á söfnum og þurftu safnamenn að aðlagast sig að nýjum aðstæðum. Margir notendur Sarps fóru í fjarvinnu á sínum söfnum og þá þurfti að endurskipuleggja hin ýmsu verkefni og koma upp nýju vinnulagi því að ekki gátu allir starfsmenn nálgast safnkostinn sjálfan. Safnamenn náðu að bjarga sér með ýmsum leiðum og var til að mynda verklagið þannig á einhverjum söfnum að einn starfsmaður gat mætt í varðveisluhús og tekið ljósmyndir af gripum sem voru þá sendar á næsta starfsmann sem starfaði í fjarvinnu á meðan og skráði sá starfsmaður gripina í Sarp. Sýnir þetta vel hversu heppilegt það er að Sarpur er veflægt skráningarkerfi en ekki bundinn við uppsetningu í ákveðnum tölvum, það hefði gert vinnu á Covid-tímum mun erfiðari. Af þessu má draga þá ályktun að æskilegt sé að arftaki fyrir Sarp 3 verði veflægt, annað væri afturför og ljóst er að það þarf að vera við öllu búinn varðandi fjarvinnu í framtíðinni.

Ýmis aðildarsöfn gátu nýtt tímann í Covid-lokunum safnanna til að skrá safngripa í Sarp og nutu nokkur söfn góðs af styrkjum þar sem gafst færi á að ráða nema í skráningavinnu. Margir notuðu tímann til að yfirfara eldri skráningar, bæta þær og myndvæða. Í samvinnu við Rekstrarfélag Sarps skoðuðu söfn mögulegar tvískráningar gripa og tóku til í gömlum skráningum. Margir safnamenn fengu upprifjun í notkun kerfisins

og virtist sem að margir hefðu fengið aukinn áhuga á kerfinu og þeim möguleikum sem það býður upp á t.d. við umsýslu gripa svo sem gerð vefsýninga og notkun á vinnuöppum. Möppurnar í Sarpi eru tilvaldar að nota til að safna saman aðföngum sem á eftir að vinna frekar með og möppunum er hægt að deila með öðrum starfsmönnum.

Námskeið Sarps voru haldin sem fjarnámskeið í gegnum Teams fjarfundabúnaðinn. Þetta fyrirkomulag gafst vel enda voru flestir safnamenn orðnir vel sjóðir í notkun fjarfundabúnaða. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag, ekki síst frá safnamönnum fjarri höfuðborgarsvæðinu, sem hafa ekki alltaf tök á að ferðast landshorna á milli til að sitja námskeið. Með þessu móti var heldur enginn hætta á að fólk yrði veðurteppt fjarri sinni heimabyggð. Einnig var boðið upp á fjaraðstoð í Sarpi þar sem notendur fengu úthlutuðum fundartíma með fagstjóra í gegnum Teams þar sem notandi gat fengið sérsniðna aðstoð og upprifjun í skráningu. Þetta gafst vel og verður áfram boðið upp á fjaraðstoð reglulega.

Á Covid-tímum hófst einnig vinna við þarfagreiningu fyrir arftaka núverandi skráningakerfis Sarps 3. Vinnan var unnin undir verkefnastjórn Cecilie Gaihede og tók fjöldinn allur af safnafólki þátt í vinnunni. Fyrsta viðfangsefnið fólst í samtali við forstöðumenn aðildarsafna þar sem til varð framtíðarsýn fyrir arftaka Sarps 3:

Þegar horft er til framtíðar er ljóst að aukin raf-, stafvæðing** og sjónræn miðlun menningararfs mun hafa sífellt meira vægi. Rekstrarfélag Sarps mun leitast við að veita söfnum á Íslandi aðgang að vinnutæki og varðveislukerfi sem getur veitt yfirsýn yfir menningararf þjóðarinnar, auk þess að vera gátt til almennings sem gerir kleift að eiga samtál og ýta undir gagnvirk samskipti safna og leikmanna.

Í skráningarstarfinu skal hvetja til faglegs starfs, nákvæmni og agaðra vinnubragða með gæði skráningar að leiðarljósi. Tryggja þarf áreiðanleika kerfis og öryggi gagna. Nota skal viðurkennda og alþjóðlega staðla við skráningu og hafa skráningarkerfi sem hvetur til viðtæks samstarfs milli safna sem og utanaðkomandi aðila þegar kemur að miðlun safneignar og öðrum fræðslustörfum (rannsóknir, menntastofnanir o.fl.). Sarpur á að vera sveigjanlegt kerfi sem væri hægt að nýta og sníða að öllum grunnstöðum safnastarfsins (söfnun, varðveislu, skráningum, rannsóknum, miðlun).

Rafvæðing (electronic eða born digital) Stafvæðing (e. digitalization)

Settir voru á laggirnar tveir kjarnahópar með ýmsum sérfræðingum frá aðildarsöfnum Sarps. Markmið hóps um *innra starf* var að kanna umfang, þarfir og mikilvæg atriði í nýju skráningarkerfi. Markmið hóps um *ytra starf* var að rýna vefinn sarpur.is og ræða um kröfur, markmið og þarfir varðandi nýjan ytri vef. Fundað var reglulega í hópunum haustið 2020 og vorið 2021. Að auki

var fjöldi rýnihópsfunda haldinn til að fá afmörkuð sérfræðiálit frá notendum Sarps á tilteknum sviðum inn í umræðuna. Vinnan fór öll fram á fjarfundum í gegnum Teams og gafst það mjög vel. Mögulega hefði þátttaka í hópunum ekki verið jafn góð ef um staðfundi hefði verið að ræða, t.d. vegna ferðalaga. Hóparnir skiluðu lokaskýrslu um niðurstöður þarfagreiningarinnar og fór vinnan við hana fram í gegnum sameiginleg skjöl á vefnum og tölvupósta og gekk það fyrirkomulag einnig vel. Lokaskýrsla vinnuhópa fyrir þarfagreiningu arftaka Sarps 3 er aðgengileg á www.landskerfi.is/frettir/lokaskýrsla-vinnuhopa-fyrir-tharfagreiningu-arftaka-sarps-3.

Covid virðist ekki aðeins hafa haft áhrif á notendur innra kerfis Sarps heldur einnig almenning ef marka má notkun á síðunni *sarpur.is*. Vefurinn Sarpur.is hefur verið í mælingum í gegnum GoogleAnalytics frá því að hann fór í loftið árið 2013. Á hverju ári má sjá aukningu í notkun á vefnum sem er sífellt að verða þekktari. Kynningarátak Sarps virðist hafa heppnast vel og einnig er facebook-síða notuð til kynninga á vefnum. Þrátt fyrir stöðuga aukningu í notkun á vefnum í gegnum árin var engu að síður gaman að bera saman tölur frá apríl 2019–2021 en í apríl 2020 voru miklar fjöldatakmörkanir og löng sóttkví í gildi.

Í apríl árið 2019 voru notendur á vefnum 7459 talsins með 106.202 síðuflettingum og eyddi hver notandi að meðaltali 04.32 mínútum á vefnum.

Í apríl árið 2020 voru notendur 14.762 talsins með 148.879 síðuflettingum og eyddi hver notandi að meðaltali 05.19 mínútum á vefnum.

Í apríl árið 2021 voru notendur 14.346 með 155.668 síðuflettingum og voru 05.40 mínútur á vefnum að meðaltali.

Það má því sjá ansi stórt stökk á milli notkunar í apríl 2019 og apríl 2020 eða nánast helmingi fleiri notendur. Notkunin á milli 2020 til 2021 helst svo svipuð. Það er því ekki ólíklegt að almenningur hafi haft meiri tíma á sínum höndum í faraldrinum og e.t.v. notað tímann í sóttkví til að skoða menningararf þjóðarinnar. Ef skoðað er hvaða undirsíður voru vinsælar á tímabilinu (fyrir utan leitarvélinu) þá voru margir að leita sér upplýsinga um aðildarsöfn Sarps og skoða safnkost einstakra safna. Einnig voru vefsýningarnar vel sóttar og greinilega hefur einhverjum aðföngum verið deilt á samfélagsmiðlum því einstaka gripir fengu mikla skoðun. Þó var það ein spurningaskrá Þjóðminjasafnsins sem sat nánast á toppnum yfir mest sóttu undirsíður Sarps á þessum tíma og kemur það ef til vill ekki á óvart að það er spurningaskráin „Lífið á dögum kórónaveirunnar“ sem var (og er enn þegar þetta er skrifað) opin til svörunar á *sarpur.is* en einnig má lesa svör annarra við spurningaskránni. Mörg svör hafa borist við spurningaskránni en þar er meðal annars spurt um líðan fólks í faraldrinum, breyttar neysluvenjur og áhrif á vinnustað. Svörin við spurningaskránni verða án efa dýrmæt heimild um þennan tíma séð frá ákveðnu sjónarhorni, þ.e. fólkinu sjálfu. Spurningaskráin hefur án efa náð til stærri og fjölbreyttari markhóps með því að vera aðgengileg til svörunar á vefnum.

Þegar ytri vefurinn var skoðaður í þarfagreiningu fyrir arftaka Sarps 3 var samrómur um að efla þyrfti

miðlunarþáttinn á *sarpur.is*. Mögulega höfðu Covid-lokanir áhrif á safnafólk sem sá tækifæri í að nota vefsýningarnar meira þegar fólk komst ekki á söfn. Talað var um að skoða möguleika á sér viðmóti fyrir krakka og sérstökum sýningum fyrir skólabörn sem mögulega komast ekki alltaf í skólaheimsóknir á söfnin. Einnig var rætt um að efla samtalið við almenna notendur í gegnum *sarpur.is* en ljóst er að margir almennir notendur vefsins nota *Veistu meira?* hnappinn til að koma upplýsingum um einstaka aðföng á framfæri. Annað sem kom fram í þarfagreiningunni var að vefurinn þyrfti að leiða notandann meira áfram, það mætti til dæmis gera með því að setja inn tengla sem vísa á önnur verk eftir sama listamann, aðra gripi frá sama svæði, aðra gripi frá sama notanda/gefanda o.s.frv. Loks mætti sjá fyrir sér eiginleikann „Notendur sem skoðuðu þennan grip skoðuðu líka...“. Þannig yrði vefurinn e.t.v. notaður enn meira til dægradvalar hjá notendum sem vita ekki endilega hvað þeir vilja skoða á vefnum. Þessi atriði verða öll skoðuð við val á arftaka Sarps 3.

Við hjá Rekstrarfélagi Sarps viljum nota tækifærið og þakka öllum fyrir sem komu að þarfagreiningunni en sú vinna var ómetanleg. Einnig viljum við hrósa safnamönnum öllum fyrir aðlögunarhæfni og útsjónarsemi á Covid-tímum og jafnframt fyrir ánægjulegt samstarf á þessum skritnu tímum.

Vala Gunnarsdóttir
Fagstjóri Sarps

“A landslide has taken the museum!”

The worst phone call a museum director can get

The landslide of December 18th 2020 has forever changed Tækniminjasafn Austurlands. While several of the museum’s buildings were entirely destroyed, others were partially damaged and the area is no longer suitable for hosting a museum. This event affected the whole town both physically and psychologically. Fourteen buildings were destroyed, awakening awareness in the community that the surrounding nature can be very dangerous for the safety of the inhabitants and their homes. The landslide will be remembered as an historical event that transformed the town, and it’s impact on the museum forms a significant part of this narrative.

A large part of the museum’s collection was housed in buildings that were destroyed. The first three months following the landslide were concentrated on the rescue of these items, which was certainly a difficult task. The fear of further landslides, as well as security restrictions, snowstorms, and the sheer amount of material to dig up, was a tremendous task to undertake.

This situation drew a huge influx of logistical help from various institutions that participated in the rescue. The municipality of Múlaþing, Þjóðminjasafn Íslands, Safnaráð, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Minjasafn Austurlands, Þjóðskjalasafn, and Háskóli Íslands sent help

throughout the process, assessing the situation, giving advice, providing technical support, and overseeing tasks. Hundreds of cubic meters of mud and rock were dug through to find the former exhibition rooms, offices or storage, and recover the museum’s artifacts. This endeavor was a combination between a rescue mission and an archeological excavation, identifying pockets of different buildings or rooms that had shifted places, sometimes dozens of meters away from its original location.

Communication between the museum, rescue workers and the clean up crew was vital to understand the scope of the destruction. Moment to moment communication with the



rescue team was vital to guarantee that the recovered items would suffer the least damage possible during this process and maximize the possibility of rescuing the most material. Three of the people working on site were former workers of the museum and were knowledgeable on what could be found where, and which were important items to search for.

A significant amount of objects or structures were carefully rescued from big rocks and mud. As a few hundred fish boxes full of objects were retrieved from the debris, prioritizing the recovery of the most historically valuable objects and machines was very important. Due to the magnitude of the destruction,

the expanse area and the relative lack of historical value of many of the objects, undertaking a meticulous process was non-viable at times. Many cubic meters of earth were removed mechanically until we would hit pockets of material that were excavated by hand. Asbestos, mercury, industrial chemical waste, corrosive acids or batteries were also present in the process of the recovery, and this was a risk present during the rescue and posterior organization.

This material was then carefully sorted through thematically, and objects that were not related to the museum's collection policy or were damaged beyond repair, were disposed of. To undertake this work, we

had the support of experts organized by Þjóðminjasafn. Their contribution was not only essential but also a learning experience for all the participants, from rescue workers to the involved institutions themselves.

Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn and Héraðsskjalasafn were involved in the sorting of documents, photographs, and books, and providing advice on the treatment of the materials.

Once the recovery of the debris was finished, two buildings that were damaged but not destroyed were also evacuated. For this we required information from former directors Pétur Kristjánsson and Jóhann Grétar Einarsson, as big part of this



collection was not registered but in their memory. The task of identifying, assessing and disposing objects was done with the help of experts from Þjóðminjasafn. A disposal policy was drawn up and validated by Þjóðminjasafn and Safnaráð. To avoid overlapping of collections and possible transfer of objects to other institutions, representatives of Héraðsskjalasafn, Minjasafn Austurlands and Museums of Fjarðarbyggð were also involved in this process.

At this time, the collection of the museum is stored in two temporary spaces. Objects and machines from the museum are being stored in a 300 sqm. warehouse with industrial shelving and in fish boxes, while documents and photographs are organized in a 35 sqm office space. Both areas are suitable for further organization, preliminary consolidation and treatment. However, both storage locations are temporary. A lot more work is anticipated to have the collection cleaned, organized, restored and registered.

Overall, this work will form an important experience on the rescue and recovery of collections, inter-institutional coordination in crisis situa-

tions and the relevance of the safety of collections in the museum world, not only in Iceland but internationally.

This landslide story had a very good side to it – there were no casualties; we “only” lost houses and objects. But we also lost the calmness inherent to this little town. The psychological recovery has been, and will be, part of this process. Shock, anxiety and post-traumatic stress are key elements to take in account when something like this happens. The awareness of this damage and its treatment for all workers involved in the rescue should be taken into consideration. One could mistakenly believe that pushing one single “recovery” button performed this rescue, but it has been far from that. The people of Seyðisfjörður, including myself, have suffered from nervous breakdowns, depression, stress, and anxiety. The cleanup of the landslide, rebuilding of houses, seeding new grass, moving buildings, goes hand to hand with the recovery of the community’s health.

Seyðisfjörður and the museum itself have had a rebirth with this event. Few buildings that are still standing in the landslide area will likely be moved

from their locations as they are not possible to protect. Homes, offices or factories are in between them.

As for the museum, we are working on establishing a new location. We are designing a new and evolved policy, establishing new relationships with surrounding cultural institutions, as well as reinforcing the core of this museum and its particularity.

We believe that Seyðisfjörður has been a hub of innovation since its genesis. Now we aim to use this innovative philosophy and attitude to develop a museum that is linked with our social and industrial heritage but also looking at particular environmental challenges that we have and will continue to face in the future.

Tækniminjasafn Austurlands may be a tribute to the history of a community but can also be an institution that shapes a better future for our next generations.

Zuhaitz Akizu, safnstjóri
Tækniminjasafns Austurlands


**BYGGÐASAFN
VESTFJARÐA**

TURNHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Ópið: 15.5. - 31.8 | Fullorðnir kr. 1300
 Alla daga kl. 10 - 17 | Eldri borgarar kr. 1050



SMÍÐJAN Á ÞINGEYRI

Ópið: 1.06. - 31.08 |
 Alla virka daga kl. 13 - 17

nedsti.is
 byggdasafn@isafjorur.is
 GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W



SKÓGASAFN 



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

OPID ALLA DAGA KL. 12-17



NORSKA HÚSIÐ
 Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Áhrif gasmengunar á safnkost á Íslandi – eldgos og stóriðja

Undanfarna mánuði hefur náttúran minnt óþægilega mikið á sig nærri höfuðborgarsvæðinu með eldgosum og tilheyrandi gasmengun skaðlegri safnkosti. Eldgos eru ein stærsta uppspretta gasmengunar hér á landi en þó ekki sú eina, þar sem jarðvarmavirkjanir og álver valda gasmengun sem einnig getur valdið skaða á safngripum, einkum á viðkvæmum gripum. Loftgæði á Íslandi eru almennt góð og magn mengunarefna í andrúmslofti að jafnaði innan viðmiðunarmarkna fyrir fólk, að svifryki undanskildu. Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Jarðfræði Íslands og lega þess á virkum rekbeltum, sem og nýting jarðvarma hérlandis valda því að háir toppar myndast af bæði brennisteinsvetni (H_2S) og brennisteinsdíoxíði (SO_2), tveggja gastegunda sem geta verið mjög skaðlegar safnkosti.

Upplýsingar um ráðlagt magn H_2S og SO_2 í andrúmslofti á söfnum eru fremur misvísandi og enginn samræmdur staðall er til sem segir til um það. Ýmsar samantektir hafa verið gerðar og oft er stuðst við gögn frá Getty Conservation Institute, m.a. heftið *Monitoring for Gaseous Pollutants in Museum Environments*. Viðmiðunargildi fyrir safnkost sem koma fram í þessari grein eru tekin þaðan. Einnig er ASHRAE leiðarvísirinn mikið notaður og var meðal annars stuðst við hann til að ákveða viðmið fyrir sameiginlegar geymslur Konunglega danska bókasafnsins og Þjóðminjasafns Danmerkur.

H_2S , brennisteinsvetni

Viðmiðunargildi á H_2S fyrir safnkost:

Viðkvæmur safnkostur: $< 0,01 \mu g/m^3$.

Almennur safnkostur: $< 0,1 \mu g/m^3$.

Brennisteinsvetni er gastegund sem er hættuleg heilsu manna og jafnvel lífshættuleg í háum gildum. Lykt af gasinu, hin svokallaða hveralykt, má finna við $1,4 \mu g/m^3$. Viðmiðunargildi H_2S fyrir safngripi eru mjög lág. Á Þjóðminjasafninu eru viðmiðunargildin $< 0,01 \mu g/m^3$ fyrir viðkvæman safnkost og $< 0,1 \mu g/m^3$ fyrir annan safnkost en ástæða þess er hve fljótt viðkvæmir gripir sýna ummerki tæringar og hve lítið magn þarf til að valda sýnilegum skaða. Í raun má segja að þegar „hveralykt“ finnst þá eru gildin þegar komin vel yfir viðmiðunarmörk fyrir safnkost. Rannsóknir hafa sýnt að gripir sem eru mjög viðkvæmir fyrir brennisteinsvetni, eins og t.d. ljósmyndir eða silfurgríp, geti sýnt ummerki tæringar við $0,001 \mu m/m^3$.

Sá gripaflokkur sem er hvað viðkvæmastur fyrir brennisteinsvetni eru filmur, glerplötur og ljósmyndapappír. Það er vegna þess að ljósmyndir eru uppbyggðar af agnarsmáum silfursöltum sem hvarfast mjög auðveldlega við brennistein og við það myndast silfurútfellingar við mjög lág gildi, bæði vegna H_2S

og SO_2 . Þessir gripaflokkar eru því sérstaklega viðkvæmir fyrir H_2S og SO_2 mengun og mikilvægt að hafa það í huga við hönnun nýrra ljósmyndageymslna. Gösin valda að sama skapi niðurbroti í gelatíni í ljósmyndum og veikja ljósmyndapappír. H_2S getur á skömmum tíma og í litlu magni ollið tæringu í silfri, kopar, koparblöndum og útfellingum í blýi (t.d. í blýhvítu og blýrauða á málverkum)., Auk þess hefur H_2S áhrif á aðra safngripi við hærri gildi, eins og aðra málma, textíl, pappír, málverk, leður og fleira.

Helsti uppruni brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu eru Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjanir, en H_2S berst frá þeim í andrúmslofti yfir nærliggjandi sveitarfélög. Við tilkomu Hellisheiðarvirkjunar árið 2006 hækkuðu gildi H_2S snarlega á höfuðborgarsvæðinu sem t.a.m. olli tæringu og bilunum í ýmsum rafbúnaði, m.a. í rafmagnskerfi Barnaspítala Hringins og í rafmagnslínunum á Hellisheiði. Þetta olli m.a. þeirri breytingu að RÚV velur í dag fremur tengla, rofa eða tæki með gull eða nikkel snertum fram yfir búnað með silfri.

Brennisteinsvetnismengun líkt og mælist á höfuðborgarsvæðinu er óalgeng á heimsvísu og mælist ekki nema í nágrenni jarðhitasvæða og þar sem mikill pappírsiðnaður er eða olíuhreinsunarstöðvar. Heilsuverndarmörk Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar fyrir H_2S eru $150 \mu g/m^3$ en árið 2010 voru íslensk heilsuverndarmörk skilgreind sem $50 \mu g/m^3$.

SO₂, brennisteinsdíoxíð

Viðmiðunargildi á SO₂ fyrir safnkost:

Viðkvæmur safnkostur:

0,1 – 1 µg/m³.

Almennur safnkostur: 1–5 µg/m³.

Brennisteinsdíoxíð er gastegund sem, eins og brennisteinsvetni, er hættuleg heilsu fólks og getur valdið óþægindum í húð, augum og öndunarferum. Brennisteinsdíoxíð veldur tæringu í málum, fölnun lita, gerir pappír og textíl stökkan og brothættan og rýrir styrk og sveigjanleika leðurs. Einnig verður SO₂ mengun til þess að málning og litir í vefnaði fölna, leður verður brothætt og þúðurkennt, pappír gulnar og verður stökkur, ull og silki missa styrk og bómull, lín, viskósi og nælon verða stökk og brothætt. Eins og H₂S er SO₂ mjög skaðlegt silfri og þ.a.l. ljósmyndum og eru þetta því þeir gripaflokkar sem verja þarf hvað mest fyrir SO₂.

Á Íslandi mælast ekki viðvarandi há SO₂ gildi en helstu uppsprettur manngerðar brennisteinsdíoxíðsmengunar hér er iðnaður, útblástur skipa og stóriðja. Þær fölna þó í samanburði við eldgos sem geta valdið mjög háum toppum. Stærsta uppspretta SO₂ hérlandis undanfarin ár var við eldgosið í Holuhrauni árin 2014–2015. Hæsti augnablikstyrkur SO₂ sem mældist þá var við Höfn í Hornafirði, 21.000 µg/m³. Há gildi mældust einnig í Reykjavík, og fóru gildi þar þó nokkrum sinnum yfir heilsuverndarmörk SO₂, sem eru 350 µg/m³, á meðan gosinu stóð, nokkuð sem hafði aldrei áður mælst hérlandis. Alls bárust 20 til 60 þúsund tonn af brennisteinsdíoxíði á dag frá gosinu, en til samanburðar þá losa

öll lönd Evrópusambandsins daglega um 14 þúsund tonn af SO₂.

Þetta eru gríðarlega háar tölur en mjög lág gildi þarf til að valda skaða á safnkosti. Viðmiðunargildi á SO₂ fyrir safngripi á Þjóðminjasafninu eru 0,1–1 µg/m³ fyrir viðkvæman safnkost en 1–5 µg/m³ fyrir almennan safnkost. Ekki eru til samræmd gildi fyrir safnkost og munur er á hvaða gildi eru í notkun hvar. Til að mynda eru mjög lág viðmiðunargildi fyrir SO₂ í nýrri sameiginlegri geymslu Konunglega danska bókasafnsins og Þjóðminjasafns Danmerkur, en þau eru ≤0,2 µg/m³.

Í loftgæðastöð á Norðurhelli í Hafnarfirði, nærri rannsóknar- og varðveislusetri Þjóðminjasafns Íslands á Tjarnarvöllum, mældust gildi fyrir eldgos fremur stöðug í kringum 4–8 µg/m³ á klst. sem er um og yfir efri viðunarmörkum fyrir almennan safnkost en vel yfir gildum fyrir viðkvæman safnkost. Mánuðina áður en eldgosið á Reykjanesi hófst mældust hæstu toppar á SO₂ rétt undir 60 µg/m³ á klst. og tengjast líklegast jarðvarmavirkjunum og álverinu í Straumsvík, en í flestum tilfellum ná topparnir ekki yfir 20 µg/m³ á klst. Breyting varð á þessum mælingum eftir að eldgosið hófst og náðu topparnir þá mest 180 µg/m³ á klst. og fóru mun oftar upp í um 20 µg/m³ en fyrir eldgos. Gildi SO₂ fóru 48 sinnum yfir 20 µg/m³ á klst. árið 2020 en fór 148 sinnum yfir 20 µg/m³ á klst. á rúmum fimm mánuðum, frá því að eldgos hófst til júliloka 2021.

SO₂ oxast auðveldlega utandyra og sameinast raka í lofti og getur myndað súrur. Við þær aðstæður getur komið súrt regn sem er t.a.m. mjög skaðlegt koparstyttum. Þessar súrur geta einnig myndast við mjög rakar aðstæður innandyra og eru gripir úr

sellulósa sérstaklega viðkvæmir fyrir þeim. Sýrurnar brjóta niður frumuuppbygginu sellulósans, draga þannig úr styrk hans og gera hann stökkann. Gripir úr sellulósa eins og t.d. bækur, veggfóður og teikningar eru því viðkvæmir fyrir þess konar skemmdum. Sum gerviefni eins og rayon og viskósi eru unnin úr sellulósa og því einnig næm fyrir þessum sýrum.

Hvað er til ráða?

Lokið húsnæðinu vel. Kannið hvort op séu á byggingunni en oft leynast gömul loftræstiop sem ekki eru þekkt. Gott er að loka þeim til þess að draga úr því að utanaðkomandi loft komist inn.

Hafið dyr lokaðar, ekki opna innkeyrsludyr eða glugga þegar SO₂ eða H₂S mælist yfir viðmiðunarmörkum fyrir safnkost. Fylgist með loftgæðamælingum fyrir SO₂ og H₂S. Takmarkið umgang um geymslurnar þegar gildi mælast yfir viðmiðunarmörkum fyrir safngripi. Á Þjóðminjasafni Íslands var komið upp litakóðakerfi við upphaf eldgossins á Reykjanesi. Við upphaf hvers vinnudags á meðan eldgosinu stendur er sendur póstur á starfsfólk þar sem litakóði dagsins er gefinn upp – grænn, gulur og rauður, ásamt lýsingu á því hvaða takmarkanir eiga við. Viðeigandi litir eru settir á hurðir allra geymslna. Ljósmynda- og silfurgeymslur eru innsiglaðar í lok hvers dags. Öll umgengni um þær er bönnuð á rauðum og gulum dögum.

Því betur sem safnkosturinn er varinn fyrir gasmengun þeim mun lengri líftíma mun hann hafa. Þökkunarefni t.d. verja gripina gegn ýmis konar umhverfisáhrifum, þ. á m. gasmengun. Umbúðir eins og sýrufrír pappi og silkipappi grípa gasið og draga þannig úr áhrifum þess á gripinn.

Gætið sérstaklega að þökkun gripa sem eru viðkvæm fyrir SO₂ og H₂S mengun eins og ljósmyndir og silfur. Hægt er að pakka sérstaklega viðkvæmum safnkosti í loftþéttar umbúðir. Mjög mikilvægt er að gera það þegar gasgildi mælast í lágmarki.

Ull gefur frá sér SO₂ og er því ekki gott að geyma ull í sömu geymslu og silfurgripi eða ljósmyndir

Mælt er með að geyma mjög viðkvæman og dýrmætan safnkost í loftþéttum umbúðum eða í geymslum með kolasíum sé þess mögulega kostur. Kolasíur hreinsa gas úr andrúmsloftinu en þær eru bæði dýrar í rekstri og innkaupum og því er þetta ekki fýsilegur kostur fyrir marga. Það er þó hægt að aðlaga þessa lausn að ýmsum stærðum og

til eru frístandandi kolasíur sem virka vel fyrir smærri rými. Þannig er hægt að skapa betri aðstæður fyrir viðkvæmustu gripina.

Fylgist með rakastigi. Gott er að miða við að raki fari ekki yfir 60% RH. Þetta á almennt við um varðveislu gripa en í þessu samhengi er það til þess að koma í veg fyrir að brennisteinssýrur myndist.

Verjið stytur og höggmyndir utan dyra, einkum úr kopar og koparblöndum, með hlífðarlögum. Fáðið ráðgjöf forvarða varðandi viðeigandi hlífðarlög.

Sandra Sif Einarsdóttir,
forvörður á Þjóðminjasafni Íslands

Heimildir

- 1 ASHRAE. „Museums, Galleries, Archives, and Libraries.“ *ASHRAE Handbook – HVAC Applications*. Atlanta: ASHRAE, 2015.
- 2 Bjarni Diðrik Sigurðsson og Gerður Stefánsdóttir (ritstj.). *Áhrif Holuhraungossins á umhverfi og heilsu*. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands og Veðurstofa Íslands, 2017.3Bogvad Kejser, U., M. Vest, B. Vinther Hansen, and C. Bruun. „Practical usage of standards and guidelines for indoor air quality.“ *Indoor Air Quality in Heritage and Historic Environments*, June 17–20, 2012, 13.
- 3 Canosa, E. og Norrehed, S. *Strategies for Pollutant Monitoring in Museum Environments*. Visby: Riksantikvarieämbetet, 2019.
- 4 Grzywacz, C. M. *Tools for Conservation: Monitoring for Gaseous Pollutants in Museum Environments*. Los Angeles: Getty Publications, 2006.
- 5 Gunnar Guðmundsson, Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir, Þorsteinn Jóhannsson og Vilhjálmur Rafnsson. „Loftmengun á Íslandi og áhrif hennar á heilsu manna.“ *Læknablaðið*, 105. árg. 10. tbl., 2019, 443–452.
- 6 „Holuhraun mengaði meira en Evrópusambandið“ RÚV. 10.8.2021. <https://www.ruv.is/frett/holuhraun-mengadi-meira-en-evropusambandid>.
- 7 *Loftgæði á Íslandi*. Umhverfisstofnun. 11.8.2021. <https://loftgaedi.is/> „Meiri mengun en talið var“ Mbl.is. 10.8.2021. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/06/14/meiri_mengun_en_talid_var/
- 8 Pálína Ragnhildur Hauksdóttir, tölvupóstur, 17.8.2021. „Rannsaka hvort mengun hafi valdið rafmagnsleysi á Barnaspítala Hringins.“ *Visir*. 10.8.2021. <https://www.visir.is/article/2014140529771>.

PRENTMET
augl.

Gerðarsafn

Kópavogur Art Museum

www.
gerdarsafn.is

Safnbúð Museum Shop
Reykjavík Roasters

Hamraborg 4

200 Kópavogur

Halló, geimur!



Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni Halló, geimur, tekin 2021.
Ljósmyndari: Sigurður Gunnarsson

Á sýningunni *Halló, geimur* er skyggst inn í undraveröld himingeimsins með hjálp listaverka í safneign Listasafns Íslands. Fjarlæggar víðáttur í óendanlegum alheiminum hafa frá upphafi verið mannum hugleiknar og í aldanna rás hafa listamenn túlkað og tekist á við hugmyndir sínar um geiminn og miðlað þeim með fjölbreyttum hætti.

Sýningin er sérstök, meðal annars fyrir það leiti að sýningarstjórnir, undirrituð og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, listkennari og verkefnastjóri í Listasafni Íslands, koma báðar úr

fræðsludeild safnsins. Harpa Þórsdóttir, safnstjóri fól okkur það verkefni að vinna að sýningu í safninu með það að leiðarljósi að efri hæð safnsins myndi hýsa sýningu á verkum úr safneigninni og að áhersla yrði lögð á gott aðgengi að sýningunni fyrir alla aldurshópa.

Úr varð sýningin *Halló, geimur* en nafn sýningarinnar er dregið af verki eftir Finn Jónsson frá árinu 1962.

Töfrar himintunglanna, vetrarbrautin og norðurljósin eru leiðarstef sýningarinnar. Verkin eru eftir ólíka

listamenn og frá ólíkum tímum, sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast himingeimnum með einum eða öðrum hætti.

Innan sýningarinnar eru nokkur þemu; abstraktverk sem að miðla ljósaskiptum, leyndardómar vetrarbrautarinnar og þjóðsagnamyndir þar sem við sjáum hvernig himintunglin tengjast þjóðtrú og ævintýrum, vættir birtast mannfólki í tunglsljósi og blessuð sólin breytir tröllum í stein þegar dagur rís. Á sýningunni eru einnig mörg verk frá 7. og 8. áratug 20. aldar þegar

framfarir í geimvísindum voru stórstígar og maðurinn fór í fyrsta sinn út fyrir gufuhvolf jarðar.

Þar má einnig finna tvö upplifunarverk; *Norðurljósabár* Halldórs Ásgeirssonar sem leiftrar með litadýrð og innsetning Steinu Vasulka, *Of the North* sem hrífur áhorfandann með sér í áhrifamikilli upplifun.

Því verður ekki neitað að heimsfaraldurinn Covid-19 hefur sett mark sitt á alla starfsemi safnsins og var sýningin unnin með áskoranir Covid-19 í huga.

Tekin var ákvörðun um að sýningin myndi standa yfir í eitt ár og spanna þannig tvö misseri á skólaárinu og sumartímann. Ágætir lesendur Kvists hafa því heppnina með sér þar sem sýningin stendur yfir til áramóta.

Tumi lifnar við

Geimurinn og listin eiga það sameiginlegt að vera forvitnileg og kvik, þar er stöðug hreyfing og alltaf er maður að uppgötva eitthvað nýtt þegar maður skoðar listaverk. Með hjálp Tuma, aðalpersónu bókarinnar *Rauði hatturinn og krummi* eftir Ásgerði Búadóttur myndlistarmann, geta yngstu gestir safnsins skoðað sýninguna á aðgengilegan hátt, sett upp gleraugu vísindamannsins og numið nýjan fróðleik!

Við fengum til liðs við okkur Sævar Helga Bragason, vísindamiðlara, sem að samdi skemmtilegar vísindalegar staðreyndir fyrir yngstu gesti safnsins. Tumi miðlar þessum staðreynd-



Steina Vasulka, *Of the North*, 2001. Lí 8075
Ljósmyndari: Sigurður Gunnarsson



Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni Halló, geimur, tekin 2021.
Ljósmyndari: Sigurður Gunnarsson

um í gegnum talblöðrur sem eru jafnframt hugsaðar sem lyklar að samtölum við börn. Allur vísindalegi fróðleikurinn tengist listaverkum sýningarinnar.

Valið á notkun sögupersónunnar Tuma er ekki tilviljun. Þessi karaktar hefur verið merki Krakkaklúbbsins Krumma í Listasafni Íslands

síðastliðinn þrjú ár en klúbburinn stendur fyrir viðburðum og smiðjum fyrir börn í hverjum mánuði sem að tengjast yfirstandandi sýningum og listaverkum í safninu.

Viðburðadagskrá sýningarinnar er fjölbreytt og hugsuð fyrir alla aldurs hópa. Þar má nefna lista- og vísindasmiðjur fyrir börn, fjölskyldu-



Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni Halló, geimur, tekin 2021.
Ljósmyndari: Sigurður Gunnarsson

leiðsagnir um helgar, leiðsagnir fyrir eldri borgara og almenning, fyrirlestra um einstaka listamenn ásamt málþingi sem að við munum standa fyrir í haust í tengslum við sýninguna.

Formleg og óformleg menntun
Skapandi verkefni sem að tengjast sýningunni má finna í fjölskyldu-rymi safnsins.

Við förum í samstarf við LÁN – Listrænt ákall til náttúrunnar, verkefni sem stýrt er af Ásthildi B. Jónsdóttur þar sem nemendur úr 5. bekkjum Laugarnesskóla, Vesturbæjarskóla og Vogaskóla unnu í listasmíðjum verkefni í tengslum við geiminn. Sævar Helgi sá um vísindalega fræðslu til nemenda og

í framhaldi af þeirri fræðslu unnu listakonurnar Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir með nemendunum í skapandi smíðjum. Anna Júlía leiddi þá hugmyndavinnu, en hver og einn nemandi bjó til setningar úr stjörnumerkjum eftir svokölluðu stjörnumerkjastafrófi. Verk nemendanna voru sýnd í safninu í tilefni Barnamenningarhátíðar.

Anna Júlía vann í kjölfarið skapandi efni í fræðslurými safnsins fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem að heimsækja safnið, þar sem þau geta búið til sínar eigin setningar með stjörnumerkjum. Þessi leikur hefur fengið mjög góð viðbrögð og sjáum við nýjar teikningar daglega sem að gestir skilja eftir sig.

Viðbrögð skólanna hafa verið virkilega góð þrátt fyrir hinar ýmsu fjöldatakmarkanir og áskoranir í tengslum við Covid-19. Við höfum tekið á móti hundruðum nemenda á öllum skólastigum frá því í febrúar, en þurft að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum í samfélaginu með tilliti til takmarkanna hverju sinni.

Nú í byrjun árs kom út *samræmd safnastefna* sem að er leiðarvísir fyrir söfn í landinu. Tilgangur stefnunnar er að skerpa á sameiginlegri sýn listasafna, efla vöxt myndlistar og hlut hennar í menningararfinnum.

Þar er einnig fjallað um menntunarhlutverk safna:



Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni Halló, geimur, tekin 2021.
Ljósmyndari: Sigurður Gunnarsson

„Í heimsókn á listasafn felst viðamikil óformleg menntun þar sem persónubundin upplifun og túlkun eflir rökhugsun og þroska einstaklingsins til skoðanamyndunar. Læsi þegna samfélagsins á eigin menningararf er áriðandi til að efla ímynd og styrkja vitund fólks um mikilvægi menningarlífs og sjálfstæðis.“

Í stefnunni eru lagðar fram leiðir að markmiðum til þess að efla menntunarhlutverk safna, en sýningin *Halló, geimur* tekur mið af þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni.

Safneign Listasafns Íslands telur hátt í 14.000 listaverk eftir fremstu listamenn þjóðarinnar. Safneignin er í

stöðugum vexti og reglulega bætast við ný verk eftir unga listamenn og verk eldri listamanna sem þetta og bæta safneignina. Í safneigninni felst ákveðin sérstaða, en með henni er hægt að miðla svo ótal mörgu og þá sérstaklega listasögu og menningarsögu þjóðarinnar. Þá vil ég meina að myndlistin hafi snertifleti við allar greinar sem að kenndar eru í skólum landsins, hvort heldur sem um er að ræða vísindi, tungumál, sögu, bókmenntir, samfélagsfræði eða aðrar greinar. Þarna liggja tækifæri sem við viljum nýta okkur í þágu menntunar á söfnum.

En óformleg menntun fer líka fram í safnaheimsókn og langar mig að lokum að segja frá skemmtilegum tölvu-

pósti sem að okkur barst fyrir stuttu frá móttökufulltrúum safnsins, þess efnis að síðustu helgar hafa börn verið að koma með forráðamönnum sínum á safnið eftir að hafa heimsótt sýninguna *Halló, geimur* með skólunum sínum. Þá vilja börnin sjálf leiða sitt fólk um sýninguna og safnið, segja frá og deila sinni reynslu. Þessi skilaboð hittu okkur beint í hjartað þar sem þarna er ákveðnu markmiði í sjálfu sér náð – að listasafn sé alveg jafn vel til fundinn möguleiki í hugum barna eins og Húsdýragarðurinn og sund!

Ragnheiður Vignisdóttir,
verkefnastjóri viðburða og fræðslu
í Listasafni Íslands.

Ígrundun og tilfinningar á safni; þverfaglegt samstarf um safnfræðslu



Skólar og söfn eru hvoru tveggja mennta- og menningarstofnanir. Safn sem stendur opið fyrir grunn-skólanemendur er gullnáma fyrir þá að rannsaka og upplifa. Nemendurnir túlka svo sýningargripi og listaverk og búa til eigin tengingar. Í drögum að Menningarstefnu Íslands sem var til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda í mars og apríl 2021 segir á blaðsíðu 7: „Í skólum fá nemendur gjarnan sína fyrstu upplifun af menningu og listum. Sú reynsla hefur mótandi áhrif á afstöðu þeirra til frambúðar og því mikilvægt að vandað sé til verka. Fræðsluhlutverk menningarstofnana er mikilvægt og geta samlegðaráhrif

menntakerfis og menningarstofnana verið mikil“.

Safnfræðsla kemur ekki af sjálfu sér enda hafa stærri söfn gjarnan safnkennara í starfi, sérfræðinga í sinni grein, sem brúa bilið milli fræðifólks safnsins og samfélagsins annars vegar og gesta og námshópa hins vegar. Safn er vissulega námsvettvangur og kennarar sem mæta með hópa sína í vettvangsferð á safn nota staðinn til dýpkunar náms fyrir nemendur sína. Starfsmenn minni safna, með fjölbreytt hlutverk, treysta sér mögulega ekki til að sinna slíkum skólaheimsóknum árið um kring. Þá er hægt að bjóða upp

á safnfræðsluþjónustu til dæmis í einn mánuð fyrir sérstakt þema eða árstímabundið fræðsluátak.

Upphaf skipulagðrar safnfræðslu á Íslandi var upp úr 1960. Safnfræðsla í Þjóðminjasafni Íslands á þessum tíma var skipulögð af skólayfirvöldum Reykjavíkur í samstarfi við þjóðminjavörð og þótti af því mikið hagræði að skipuleggja heimsóknirnar með sérstökum starfsmanni sem til þess var ráðinn.

Tilfinningar og flæði á safni

Gestir safna hafa sér ekki endilega með fyrirfram gefnum hætti. Áður fyrr var gert ráð fyrir að þeir öfluðu sér upplýsinga með því að ganga um söfn til að ná þeirri þekkingu sem þar væri sett fram. Nú er hins vegar fremur gert ráð fyrir að safngestir komi með eigin reynslu og hugmyndir með sér í farteskinu og sem hafi áhrif á það hvernig þeir skoða sýningarnar. Barry Lord segir í bók sinni *The manual of museum learning* að nám sem fari fram í safni sé umbreytandi og tilfinningaþrungin reynsla og að þar höfum við færi á að þróa viðhorf okkar, ný áhugamál og gildismat á óformlegan hátt.

Eilean Hooper-Greenhill bendir á í bók sinni *The educational Role of the Museum* að hvati til náms þurfi að koma innan frá ef nám eigi að ganga vel fyrir sig og að flæði örvi nám til muna. Flæði er þegar staður og stund gleymist vegna áhuga á því

sem verið er að gera. Til að flæði geti átt sér stað þarf að hafa skýr markmið um niðurstöðu og gæta þess að geta nemenda sé nægileg, en ekki of mikil. Nemandinn þarf að finna til sjálfstrausts og ánægju af verkefninu til að ná flæðistilfinningu í verkefnum. Til að flæði geti haldið áfram hjá hverjum og einum, þurfa verkefnin að verða erfiðari, stig af stigi, svo að nemendum fari ekki að leiðast.

Hvers vegna safnfræðsla?

Meginmarkmiðið með skólagöngu barna í leik-, grunn- og framhaldsskóla er að veita þeim almenna menntun í samræmi við þarfir nemendanna, með þátttöku að leiðarljósi innan skólans sem og utan. Skólar skulu kveikja og rækta námshvöt og námsgleði samkvæmt Aðalnámskrá, sem er vinnutæki skóla til að samræma skólastarf og felur í sér m.a. lýsingar og viðmið um kennsluaðferðir. Vettvangsferð er ein þeirra leiða sem fara má til að efla námshvöt og samfélagsgreinar og áttahagafræði eru til þess fallin að tengja nemendur við nærsamfélagið. Jákvað samskipti og umgengni skólabarna við ólíka staði samfélagsins auka fjölbreytni, tengja kynslóðir og bæta virðingu fyrir samborgurum og umhverfi.

Undirbúningur og eftirvinnsla safnaheimsóknar getur skipt sköpum í því hve vel tekst til og hve mikið situr eftir hjá nemendum. Safnaheimsóknum má skipta niður í nokkra þætti. Til að byrja með er mikilvægt að undirbúa heimsókn fyrirfram í skólanum. Til dæmis með því að skoða heimasíðu safnsins, vinna verkefni sem tengjast þemanu sem um ræðir, ræða um hvað safn er og hvernig heimsóknin verður. Til þess að það sé hægt er mikilvægt að kennarinn þekki sig um á safninu og geti miðlað þeirri þekkingu. Leiðin að safninu er jafnvel kynnt fyrir nemendum til að



gera ferðina auðveldari. Í heimsókninni eru framkvæmdar rannsóknir, hlustað á sögur, jafnvel unnin verkefni. Úrvinnsla úr heimsókninni í skóla er svo lokastigið. Safnaheimsókn getur líka haft áhrif til lengri tíma og úrvinnsla getur komið óvænt síðar fram á lífsleiðinni.

Safnfræðsla á nýrri sýningu í Görðum

Safnfræðsla fyrir Byggðasafnið í Görðum á Akranesi var viðfangsefni MA ritgerðar höfundar í safnafræði fyrr á þessu ári. Það er ekki í fyrsta sinn sem sérstaklega er hugað að safnfræðsluefni fyrir safnið. Byggðasafnið hefur í gegn um tíðina verið töluvert notað af skólahópum af öllu landinu eins og Gunnlaugur Haraldsson, fyrrverandi safnstjóri skrifaði um miðjan níunda áratuginn í afmælisriti safnsins. Eins og gengur koma skólahópar mismikið undirbúnir og að mati Gunnlaugs eru „óundirbúnar ferðir ... oft til

næsta lítils gagns“ (1984, bls. 28). Við þessu brást safnið í samvinnu við Grundaskóla á níunda áratug síðustu aldar og segir Gunnlaugur frá því í afmælisritinu hvernig Aðalbjörg Ólafsdóttir þjóðháttufræðingur og kennari sá um að útbúa verkefni um skólahald og árabátaútgætur á Akranesi með fjármagni frá Akraneskaupstað. Ábyrgð á því að safn sé notað sem fræðsluvettvangur fyrir skólabörn liggur bæði hjá safnastarfsfólki og kennurum. Nú hefur verið tekin ákvörðun hjá Akraneskaupstað að móta þverfaglegan samstarfshóp um safnfræðslu á nýrri grunnsýningu Byggðasafnsins. Mun sá hópur taka til starfa í haust. Heimsókn á safn er vettvangur til að þróa áhugasama borgara sem bera virðingu fyrir samfélaginu.

Anna Leif Auðar Elísdóttir
Greinin er dregin upp úr MA verkefni
höfundar í safnafræði.

X GREENE

Bókin *The Museum of Whales You Will Never See: And Other Escursions to Iceland's Most Unusual Museums* eftir bandaríska rithöfundinn Kendru Greene kom út hjá Penguin útgáfufyrirtækinu vorið 2020. Í bókinni eru sagðar sögur af íslenskum söfnurum og söfnum þeirra víðsvegar um landið. Sögurnar fjalla um Hið íslenska reðasafn þá á Húsavík, Steinasafn Petru á Stöðvarfirði, Fuglasafn Sigurgeirs við Mývatn, Skógasafn undir Eyjafjöllum, Sildarminjasafnið á Siglufirði, Galdrasýningin á Hólmavík og Skrímslasetrið á Bíldudal. Í bland við frásagnir Greene af viðkynningu sinni af söfnurum og söfnum, vefur hún inn á milli forvitnilegum örsögum sem lýsa nánar upp heimsóknina á Íslandi. Örsögurnar fela í sér kjarnyrtan skilning um þann sem einsetur sér að taka eftir hinu hversdagslega og snúa því upp í einstakan skilning og reynslu, sem er kannski ekki langt frá því sem safnararnir sem Greene fjallar um búa yfir. Örsögurnar setur hún undir kaflaheiti gamalkunnugrar tilvísunar í safnafræðum sem eru Cabinets eða skápar. En skápar hafa frá miðöldum gengt því hlutverki að geyma samsafn af forvitnilegum hlutum og oft óskyldum, en sem heild eru þeir fjársjóður þeirra sem safna og þeirra sem fá leyfi til að skoða.

Sögurnar eru sagðar af mikilli næmni og hlýju gagnavart því starfi sem safnararnir hafa ástundað og áorkað. Sá þráður er árangur af grandvarri íhugun Greene um spurninguna sem brennur á vörum margra sem kynnast þeim söfnum sem safnararnir hafa stofnað til, en spurningin er hvað rekur fólk til þess að safna? Greene fléttir svör sín

listilega saman í sögunum og þau eru jafn mörg og sögurnar eru margar. Oftar en ekki yppta safnararnir bara öxlum þegar Greene ber upp spurninguna og verður þeim fátt um svör. Þetta gerist bara, eða þannig. Sem dæmi segir hún frá því í sögunni um Skógasafn, að gömul kona hafi lagt álög á fjórtán ára gamlan Þórð Tómasson um að henda aldrei gömlum hlut, en hlutum þrýsti hún í lófa hans og hafði yfir þessi orð. Áttatíu árum síðar er Þórður enn vakandi yfir árangri söfnunar sinnar á Skógasafni. Sögurnar í bókinni afhjúpa á þennan hátt áhrifavalda og jafnframt djúpstæða lind sem býr innra með folki. Þetta eru sögur af söfnurum sem hafa haldið í skuldbindingar sínar, elt uppi þrá eftir fegurð og þekkingu, og verið tilbúnir til að synda gegn straumnum. Í umfjöllun Greene um Steinasafn Petru segir hún frá því að safnið staðfesti það sem alla gesti býr í grun, að heimurinn búi yfir lögum af undrum sem bíði eftir því að opnast fyrir okkur. Til að komast á þann stað þurfum við hins vegar að vera opin fyrir því að hlusta á þessar sögur af óráviddum heimsins. Á söfnum safnaranna hittum við því fyrir okkur sjálf, en í sögunum veltir Greene iðulega upp því sjónarhorni hvernig hún bregst við því sem fyrir augu ber.

Söfn á Íslandi eru heillandi staðir og að mörgu leyti vanmetnir, ef marka má bók Greene. Sem dæmi segir hún frá því í kafla um Hið íslenska reðasafn að það hafi verið á safni í Grikklandi sem hún hafi í fyrsta skipti á ævinni farið að hugsa alvarlega um typpi. Á Þjóðminjasafninu í Aþenu komst hún tæri við urmul af stytum af berum karlmönnum sem

skörtuðu æxlunarfærum. Í fræðslu um stytturnar var henni bent á að typpin væru ekki í réttum hlutföllum á stytturnum og var ástæðan sögð sú þau væru minni til að undirstrika andlega yfirburði guða eða dauðlegra manna fram yfir dýrlegar hvatir. Samkvæmt þessu, segir Greene, þá skiptir stærð á typpum máli og það sem meira er, miklir karlmenn hafa ekki mikið undir sér. Söfnin sem Greene fjallar um eru öll lítil, með fáa starfsmenn, lítil fjárráð osfr., en á sama tíma eru þau hvert um sig yfirþyrmandi stór í táknrænum skilningi. Viðfangsefnin eru oft á tíðum hversdagsleg, eins og Steinasafn Petru á Stöðvarfirði, en þegar betur er að gáð felst í jafn yfirlætlausu orði eins og 'steinn' margslunginn og heillandi tilbrigði við slíkan efnislegan hlut sem engan enda virðast taka. Einu takmörkin fyrir tilbrigðunum virðist vera lukka steinasafnarans við að rekast á þessi undur í steinaríkinu. Hið sama má segja um Fuglasafn Sigurgeirs á Mývatni, en eftir sviplegt fráfall Sigurgeirs ákveður fjölskylda hans að heiðra minningu og söfnunarstarf Sigurgeirs með opnun safnsins. Safnið lætur lítið yfir sér, en með tengingu þess við lífríkið, sem er eins og annað sýningarrými safnsins út af verönd þess, verður safnið að dyrum sem við göngum í gegnum inn í stóran heim.

Tími er mikilvægur þáttur í starfi safnarans og rennur hann sem rauður þráður í gegnum æðarnar í sögunum. Safnararnir hafa gefið sér ómældan tíma til að sinna áhugamálum sínum og varla er hægt að hugsa sér annað en að söfnin þeirra hefðu getað orðið til án þess. Tíminn þarf líka að vera réttur fyrir safnarana að stíga fram með söfnin sín og opna þau öðrum. Söfnin verða því ekki til í einum vefangi, eins og hvert annað fyrirtæki sem stofnað er til, heldur myndast og mótast í samspili tíma safnarans og tíma samfélagsins. Sögurnar í bókinni afhjúpa þannig á



skemmtilegan hátt áhrifaríka og oft á tíðum ósýnilega þræði sem safnarar búa til með söfnun sinni. Sem dæmi er það áhugavert hvernig söfnunin vefur fjölskyldumeðlimi að því virðist áreynslulaust inn í áhugamálid. Nokkrar kynslóðir afkomenda Steinu, stofnanda Steinasafns Petru, og Sigurðar Hjartarsonar, stofnanda Hins íslenzka reðasafns, leiðast inn í starf safnsins og miðla einstakri sýn þeirra til tugþúsunda gesta safnanna á hverju ári. Þannig verpest tími safnarans yfir á tíma annarra kynslóða.

Greene segir að það séu mörg brögð af missi, en það má sannarlega segja að margt í starfi safnara og safna beri keim af því. Margir safnarar og söfn þeirra eru til komin vegna björgunar á efnislegum heimildum eða sögum, sem annars hefðu glatast og þurrkast út í vitund nýrra kynslóða. Sagan af björgun húsanna á Siglufirði er gott dæmi um þetta, en þar var niðurnýddum húsum bjargað

vegna áralangs hirðuleysis og snúið upp í aðlaðandi og samfélagsleg verðmæti. Sögur af sæskrímslum á Skrímslasafninu á Bíldudal er þar haldið til haga og þeim safnað, til skemmtunar og fróðleiks gestum og gangandi; sögum sem annars er hætt við að hefðu annars grafist ofan í gleymskudá tímans. Og á Galdrasýningunni á Hólmavík hefur aldagömlum bjargráðum, að beita fyrir sig særingum til að snúa gæfu og gengi fólks sér í hag, verið haldið á lofti.

Að loknum lestri bókarinnar er maður margs vísari um safnarana, söfnin og því sem segja má að einkenni það sem íslenskt er talið. Bókin er skrifuð af miklum kærleika gagnavart viðfangsefninu. Hún kemur manni á margan hátt á óvart, ekki síst í þeim efnum að sýna fram á tengingar sem hafa framhjá manni farið. Í sögunni af Síldarminjasafninu býður Greene okkur til að mynda upp á ákveðna hliðstæðu við uppbygginguna á safninu og því hvernig síldin hagar sér

í sínu náttúrulega umhverfi. Síldin syndir í stórum torfum, en á sama tíma og hún heldur sér saman, verður hver síld að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá öðrum síldum. Að öðrum kosti er hætt við að þvagan myndi leysast upp í glundroða og missa eiginleika torfunnar. Safnarinn og söfnin er hægt að líta á samskonar augum. En á sama tíma og einstakir eiginleikar þeirra og lögun synda með straumnum er mikilvægt fyrir þau – og aðra – að huga að því að rekast ekki á og eyðileggja helgi safnarans og safns hans. Á einum stað spyr Greene hvort að það sé ekki skammsýnt og hættulegt að byggja á duttlungum safnara. Til að fá svör við þeirri spurningu, er eina ráðið að heimsækja söfnin og leggja mat á það sjálfur.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Stefnur: Til hvers?

Í stjórnun og stjórnsýslu menningarmála á Íslandi hefur fyrirbærið „stefna“ fengið aukið vægi á síðustu árum. Jafnvel mætti tala um smáíðnað í því samhengi, eða „íslenska menningarstefnuvorið“, eftir því hverjum augum landið er litið. Hér er vísað til útgefinna menningarstefna opinberra aðila svo sem landshlutasamtaka, ríkis og sveitarfélaga en auk þess setja einstakir hlutar menningarlífsins stefnu fyrir sinn geira, svo sem í byggingarlist og kvikmyndagerð, og jafnvel fyrir ákveðna þjóðfélagshópa, svo sem í Barnamennningarstefnu. Þá hafa verið settar fram „safnastefnur“ á sviði menningarminja og á sviði myndlistar. Auk þess hafa menningarstofnanir, svo sem söfn og sviðslistastofnanir,

markað sér og gefið út eigin stefnur, líkt og algengt er í almennum fyrirtækjarekstri.

Í mörg horn er því að líta fyrir stjórnendur menningarstofnana sem eiga mikið undir samskiptum við opinbera aðila. Þannig mætti sjá fyrir sér að eitt viðurkennt minjasafn þurfi að fylgja nokkrum ólíkum stefnum auk sinnar eigin stofnskrár, skilyrða Safnaráðs um viðurkenningu og siðareglum ICOM. Dæmi um stefnur sem líta þyrfti til eru Menningarstefna ríkisins, menningarstefna landshluta (t.d. Vesturlands) og menningarstefnu sveitarfélagsins (t.d. Borgarbyggðar eða Reykjavíkurborgar), auk Stefnu Safnaráðs um safnastarf, stefnu Minjastofnunar Íslands um varðveislu og aðgengi

menningararfsins, Safnastefnu Þjóðminjasafnsins, sem höfuðsafns á sviði menningarminja. Þá þarf safnið að setja sér sína eigin stefnu og fylgja henni.

Nú gæti bæði stjórnendum og starfsfólki óað við að þurfa að fylgja hinum mörgu ólíku stefnum. Vandvirk safnamanneskja þyrfti að því er virðist að finna til, lesa og skilja allar stefnurnar, og síðan samræma ólík sjónarmið sem fram koma í ólíkum markmiðum og áhersluatriðum þannig að stofnunin geti tekið mið af þeim. Eftir nokkra skönnun á skjölunum kemur þó í ljós að það er óþarfi að hafa of miklar áhyggjur af árekstrum. Kemur þar aðallega þrennt til:



Í fyrsta lagi virðast stefnurnar vísa í sömu átt og til sömu gilda og áherslna. Þannig er til dæmis jafnan lögð áhersla á fagmennsku í starfi stofnanna, varðveislu menningararfs, aðgengi og samfélagslegt hlutverk, menntun og miðlun, samstarf við hlutaðeigendur og samtal við fræðafólk bæði innanlands og utan. Vissulega er einhver áherslunmunur en mögulega ekki svo mikill að ósamhljómur skapist á milli ólíkra stefnuskjala, í það minnsta ekki meiri en spennan á milli ólíkra markmiða innan hverrar stefnu fyrir sig. Það hjálpar einnig til við samræminguna að þær eru yfirlétt settar upp með sama hætti (10–20 blaðsíður að lengd, 4–8 áhersluatriði og yfirlitsmynd, sem lítur sumstaðar út eins og grískt hof, óræðar myndir af starfsfólki, börnum og góðum gestum í heimskókn, og svo eru almennir formálar forstöðumanna sem all nokkur samhljómur er með).

Í öðru lagi eru leiðarljósín, áhersluatriðin eða „markmiðin,“ nægilega almennt orðuð til þess að svigrúm sé til þess að túlka eða aðlaga þau að þau að allri venjulegri starfsemi menningarstofnana í samtímanum. Orðalag er jafnan svo óljóst að jaðrar við lóðið og merkingunni haldið meðvitað svo opinni að fáir ættu að flækjast í því verkefni að fylgja boðskapnum. Því verður þar af leiðandi erfitt að hanka nokkurn á því að fylgja ekki stefnunni.

Þriðja atriðið tengist síðasta punkti, því að þó að einstaka stofnanir fylgi

ekki öllu í stefnunni, eru engin bein viðurlög eða straff gegn því að ganga ekki í takt eða hafa ekki stefnuna til hliðsjónar í starfi. Stefnunni fylgja ekki útskýringar á því hvernig stofnunum verður gert að fara eftir henni og ekki er getið um viðurlög við óhlýðni. Mögulegt er auðvitað að harðsnúinn útúrsnúningur eða frávikshæðun muni leiða til vandræða fyrir stofnunina við samningagerð eða styrkumsóknir. Hinsvegar er ekki víst að vísað yrði til stefnu eða brota á henni þegar bent væri á hina óæskilegu þætti í starfseminni, heldur yrði frekar vitnað í skilyrði viðurkenningar, lög, samþykktir stjórnar, samninga og siðareglur.

En hvað eru þessar stefnur á menningarsviðinu þá eiginlega, eða til hvers? Þar blasir við að þær eru til dæmis ekki áætlanir um verkefni. Í þær vantar skýra markmiðasetningu þar sem raunhæf og viðeigandi viðmið eru sett um hvenær einstökum hlutum hefur verið komið í verk með viðeigandi hætti: mælanleg og tímasett markmið sem jafnframt kvæðu á um auðlindir, ábyrgð og fjármögnun. Þannig er reyndar almennt erfitt að meta hvort stefnurnar hafa náð markmiðum sínum eða ekki þar sem markmiðin eru sem áður sagði meðvitað opin. Stefnurnar sem um ræðir eru heldur ekki „strategíur“ í skilningi stjórnunarfræða. Þær fjalla ekki um hver framtíðarstaða skipulagsheildar eigi að vera, ekki um öflun auðlinda eða staðsetningu á markaði, eða setja viðmið um hvort árangri sé

náð á þeim sviðum. Stefnurnar eru heldur ekki forskriftir líkt og reglugerðir, eða ígildi reglugerðar eins og námskrá. Til þess að stefna gæti orðið að forskrift þyrftu rekstrarforsendur stofnanna vera einsleitari, fjármögnun þeirra og eignahald með líkum hætti.

Nær væri að lýsa þeim sem ákveðinni tegund af opinberri stefnu, „pólísíu,“ en þá án mikilvægra þátta svo sem kostnaðar og ábatagreiningar. Þannig hafa stefnurnar sem um ræðir yfirbragð þess sem Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson hafa kallað „fyrirheitna leiðin“ og er andstæða „framkvæmda leiðarinnar.“ Þess konar stefnur gefa aðeins „framtidarsýn eða fyrirheit“ en slíkum stefnum fylgir ekki markviss aðgerðaáætlun og „því óljóst hvernig umrædd sýn muni ná fram að ganga.“

En ef stefnurnar eru ekki áætlanir, ekki strategíur og ekki opinber stefna í anda framkvæmda leiðarinnar, hvað eru þær þá? Jú, það má segja að þær séu fyrst og fremst samskiptatæki. Samskiptin fara fram bæði í undirbúningi stefnunnar en ekki síður þegar hún er kynnt, henni er dreift og vísað til hennar í samtölum og samningum. Í vissum skilningi eru stefnurnar „yfirlýsingar“ í merkingunni „stefnuyfirlýsing“ eða „manifestó“ líkt og ýmsar framúrstefnuhreyfingar gáfu út á tuttugustu öldinni. Þeim er ætlað að vera leiðarljós, viðmið og innblástur frekar en þær segi nákvæmlega hvað á að gera. Ef við viljum vera

tæknilegri mætti segja að þær séu „hefðarhelguð leið til samskipta og stjórnunar í eftir-regluveldisbundnum heimi.“ Ég skal útskýra þá skilgreiningu aðeins nánar.

Almennt má segja að stefnumótun sé leið til skynsemisvæðingar og hagræðingar. Ekki aðeins í þeim skilningi að hægt sé að ná stjórn á aðstæðum, eða að skipulagsheildin geti ráðið sínum örlögum, heldur er stefna tæki stjórnenda til þess að stýra málaflokki eða skipulagsheild eftir því sem þeir telja skynsamlegast. Þannig er venjulega hægt með vísan til boðvalds stefnunnar að koma hlutum til leiðar sem ekki væru eins auðveldir án stefnunnar. Hafi stjórnandi hinsvegar óljóst boðvald yfir þeim sem stefnan tekur til má nota stefnumótunarferlið til þess að bjóða aðilum að taka þátt á þann hátt að þeir setji sér sjálfir stefnuna, með ákveðnum viðmiðum eða stýringu, og hafi skuldbundið sig til þess að fara eftir henni: „Þetta er „ykkar“ stefna, ykkar sem tókuð þátt í mótun hennar“ segir þá stjórnandinn.

Stefnurnar á menningarsviðinu eru síðan hefðarhelgaðar í þeim skilningi að þær eru tímasettir atburðir í starfi stofnana sem hafa um þessa viðburði skilgreinda síði og venjur. Farið er í gegnum stefnumótunarfundi með ráðgjöfum og notuð tæki eins og gulir miðar og stefnukort. Þær eru svo endurskoðaðar með reglulegu millibili og fundirnir, samráðið, textavinnan og útgáfan eru endurtekin í samræmi við hefðina

sem ríkir um þá vinnu. Mælt er fyrir um stefnumótunina í lögum sumra stofnana á meðan aðrar finna fyrir þrýstingi til stefnumótunar frá ýmist æðri stofnunum, innan skipulagsheildarinnar eða frá hlutaðeigendum.

Það sem helst einkennir þó stefnurnar á menningarsviðinu er að þær verða til í dreifstýrðu skipulagi, þar sem boðvald er ekki endilega skýrt. Starfsmaður eða stofnun heyrir ekki beint undir þann sem ber ábyrgð á að setja stefnuna (deilir ekki út fjármagni eða ábyrgðum) og þar verða samskipti um sameiginlega sýn og stefnu mikilvægir þættir til þess að auka samstöðu og skilvirkni heildarinnar (innan sviðsins eða geirans). Samskiptin fara fram á meðal tengdra aðila að kerfinu við undirbúning og samningu stefnunnar, þar sem hlutaðeigendur eru beðnir um að gefa upplegg eða umsögn, en ekki síður þegar stefnan er kynnt og hún verður að viðmiði sem vísar er til í samræðum og samningum aðila. Þá verður þátttaka í sjálfri stefnumótuninni mikilvæg þar sem hún ýtir undir helgun og sameiginlegan skilning á anda og inntaki stefnunnar. Í þessu samhengi er einnig eðlilegt að sameiginleg niðurstaða aðila verði nægilega opin og almenn markmið enda mörg og jafvel ólík sjónarmið sem þarf að sætta.

Heimildir

- 1 Í sumar fékk ég skemmtilega spurningu frá ritstjórn Kvists sem hljómaði einfaldlega „Stefnur: Til hvers?“ Spurningin hafði vaknað við umræður um nýlegar stefnur í safnageranum og hvert hlutverk þeirra væri. Auðvitað er mér ljúft og skylt að reyna að svara í stuttri grein, þó ekki væri til annars en að hefja samtal um þetta mikilvæga svið stjórnsýslu menningarmála. Formsins vegna eru ekki tilvísanir í heimildir í greininni, en áhugasamir geta nálgast þær hjá höfund.
- 2 Það flækir umræðu um stefnur að þeir sem koma að stefnumótun og stefnumótunarrannsóknnum leggja ólíkan skilning í íslenska hugtakið „stefna“ og skilja hana ýmist sem sem „strategíu“ sem tengist stefnumótun fyrirtækja í samkeppnisrekstri eða „pólísiu“ sem varðar opinbera stefnumótun. Stefna sem „strategía“ á uppruna sinn í hernaðarmáli og almennt miðar strategía að því að ná stöðu, til dæmis markaðsstöðu, sigra í samkeppni um auðlindir, og lifa af í ótryggu umhverfi. Stefna sem „strategía“ leggur ríkari áherslu á breytingu á tilteknu tímabili, stækkun eða innkomu á nýjan markað, og hentar ágætlega einstökum skipulagsheildum sem hafa skýran tilgang um til dæmis hámarks hagnaðar þar sem samkeppni ríkir og umhverfið ófyrirsjáanlegt. Það sem á erlendum málum er kallað „pólísía“ er aftur á móti tengdari opinberri stefnumótun og tekur til þeirra marka og viðmiða sem skulu gilda um ákvarðanir þar. Hugtakið „pólísía“ sækir uppruna sinn í hugmyndir um líf í gríska borgríkinu (pólís), tengist lögum og stjórnskipan, átökum og stjórnmálum (pólítík) og jafnvel eftirliti og eftirfylgni (pólísing). Stefna sem pólísía er meðal annars útfærð í lagatexta, stjórnskipan, verkferlum og stjórnkerfi, en hún miðast jafnan við að leysa ákveðna tegund af vandamálum á réttan hátt, það er samkvæmt markmiðum stefnunnar. „Pólísiu“ hugtakið hafði lengi verið notað í rekstri skipulagsheilda, sérstaklega stærri eða opinberra en hugtakið „strategía“ varð að ráðandi hugtaki innan stjórnunarfræða fyrirtækja á tuttugustu öld. Fyrir umfjöllun um „strategíu“ sjá til dæmis rit Helga Þórs Ingasonar Stefnumótunarfærni: markmið, stefna og leiðir, en ágætt yfirlit fyrir „pólísiu“ í íslensku samhengi er Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð.
- 3 Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson (2012). Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta. Leiðir að einföldun og samhæfingu. Stjórnmal og stjórnsýsla, 8(1), 153–172.

Njörður Sigurjónsson,
prófessor í menningarstjórnun
við Háskólann á Bifröst

Útgáfusaga og íslenskar kvikmyndir

Um rannsóknir á íslenskri kvikmyndasögu á Kvikmyndasafni Íslands



Við rannsóknir á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndasögu er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ekki er alltaf aðeins til ein útgáfa af hverri mynd. Fyrir tíma skipulagðrar kvikmyndagerðar á Íslandi áttu kvikmyndagerðarmenn það til að nýta sér myndefni úr einni mynd í aðra, taka heilu atriðin og klippa þau í burt, laga, breyta og bæta þannig að erfitt er að átta sig á því hvað telst hin endanlega eða upprunalega útgáfa. Oft er sú útgáfa ekki til. Eitt gott dæmi er fyrsta fréttamynd Íslendinga sem Óskar Gíslason gerði árið 1944 í kjölfar kosninga vegna lýðveldisstofnunar Íslands. Myndin var sýnd tveimur dögum eftir að hún var tekin, sem var fordæmalaust á Íslandi þar sem filmur voru íðulega sendar til útlanda til framköllunar sem gat tekið nokkrar vikur. Óskar gat hins vegar framkallað filmur á vinnustofunni sinni. Kosningarnar, sem tóku fjóra daga voru því ennþá í gangi þegar Óskar sýndi myndina á síðasta degi kosninganna, þann 23. maí

1944. Tæpum mánuði síðar felldi Óskar hana inn í mynd sína um lýðveldishátíðina á Þingvöllum og þar fer lítið fyrir henni sem inngangur að hátíðarhöldunum. Upprunalega fréttamyndin er ekki lengur til.

Þegar íslensk kvikmyndasaga er skoðuð er mikilvægt að gera sér grein fyrir útgáfusögu þeirra mynda sem eru til rannsóknar. Þetta er oft afar flókið og eiginlega ómögulegt þar sem mikið púsluspil tilbúinna mynda, myndbrota og annarra heimilda þarf að ganga upp. Þetta er verkefni sem Kvikmyndasafn Íslands stendur andspænis og starfsfólk þess reynir eftir fremsta megni að leysa en ljóst er að mikilla rannsókna er þörf þegar kemur að þessu og hvert mál er einstakt. Hér á eftir verður tekið fyrir nýlegt viðfangsefni Kvikmyndasafnsins þar sem fara þurfti ítarlega í útgáfu- og framleiðslusögu myndar sem sýnd var á RÚV í vor og skapaði umræðu um útgáfuna sem var sýnd. Myndin er heimildarmynd Óskars Gíslasonar *Björgunarafrekið*

við *Látrabjarg* sem hann gerði að tilstuðlan Slysavarnafélags Íslands árið 1949. Mikið var á huldu um gerð myndarinnar en lengi hefur verið ljóst að myndin sem hefur verið sýnd í áratugi var ekki upprunaleg útgáfa hennar. Því var lagst í rannsóknir á þeim útgáfum sem til eru af myndinni og gerð myndarinnar rakin eins og frekast var unnt. Hér kemur brot af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Afrekið kvikmyndað

Eftir frækilega björgun á áhöfn breska togarans *Dhoo* undir Látrabjargi í desember árið 1947, stakk Þórður Jónsson frá Látrum, formaður Bræðrabandsins, slysavarnadeildarinnar á staðnum, upp á því á Landsþingi Slysavarnafélags Íslands að kvikmynda ætti afrekið. Óskar Gíslason var fenginn til að gera myndina og fór hann strax um sumarið 1948 Vestur til að kanna aðstæður og kvikmynda fyrstu hluta hennar. Gekk það vonum fram og var ákveðið að halda tökum áfram

um veturinn, þegar aðstæður líktust þeim frá raunverulegu björguninni. Í desember var Óskar, ásamt björgunarmönnum, staddur í Kollsvík þegar neyðarkall barst þar sem annar togari hafði strandað undir Hafnarmúla í Patreksfirði. Óskar fór með björgunarmönnum á staðinn og náði ótrúlegum myndum af störfum þeirra við að koma skipbrotsmönnum í land, við gríðarlega erfiðar og hættulegar aðstæður. Þessar myndir urðu hluti af heimildarmyndinni um björgun Dhooen og gera *Björgunaraufrekið við Látrabjarg* að einni merkilegustu heimildarmynd Íslendinga.

Margar útgáfur verða til

Myndina setti Óskar saman og Þórður frá Látrum gerði handritið og las inn á hljóðrásina. Jón Þórarinnsson tónskáld valdi tónlistina og Radíó og raftækjastofan sá um hljóðupptökuna. Myndin var frumsýnd 9. apríl árið 1949 og naut gífurlegra vinsælda. Um sumarið var þó hlé gert á sýningum þar sem myndin var send út til afritunar, þar var lokakafli myndarinnar bætt aftan á hana, upptökur af því þegar björgunarfólkið var heiðrað af breskum fyrimönnum. Upprunalega útgáfan glataðist við það og nú var önnur útgáfa myndarinnar til, um 10 mínútum lengri en sú upprunalega. Hróður myndarinnar barst víða og var hún sýnd víða erlendis. Árið 1950 var hún meðal annars sýnd í Færeyjum og í fjölmiðlum hér var talað um að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem færeyska heyrst töluð á kvikmynd. Það hefur ekki enn tekist að staðfesta það og segja kunnugir að líklegt sé að myndin hafi verið sýnd með lifandi útskýringum á færeysku og ekki hafi verið um upptöku að ræða og því telst hún ekki sem þriðja útgáfa myndarinnar. Árið 1951 fékk Slysavarnafélag Noregs hins vegar myndina til endurgerðar og stytta hana niður úr 100 í 35 mínútur og bætti við norski hljóðrás. Hún var frumsýnd á Íslandi í maí



árið 1951 og sýnd meðal annars í Danmörku, Noregi og Þýskalandi, en í henni voru nokkrar rangfærslur varðandi aðstandendalista myndarinnar, til dæmis vantaði Óskar Gíslason á hann sem þótti meinlegt. Eftir að þessi útgáfa barst til Þýskalands vildi Slysavarnafélagið þar í landi fá gott eintak af myndinni til vinnslu, þegar það reyndist erfitt buðust þeir til að endurgera myndina og laga ef þeir fengju frummyndina til Þýskalands. Það gekk eftir og árið 1956

kom þýsk gerð *Björgunaraufreksins* út. Mikið var lagt í gerð útgáfu hennar og segir í *Alþýðublaðinu* 22. maí 1957 um gerð hennar og aðkomu formanns Slysavarnafélags Þýskalands, kapteins Berber-Credner:

Kapt. Berber-Credner vann nú af alhug við að útbúa þýzku útgáfuna sem bezt úr garði. Frummyndin var ekki venjuleg negativ filma og það kostaði mikla fyrirhöfn að taka eftir henni svokallaða Dup-Negativ og til að komast hjá að

þurfa að klippa frummyndina, lét hann taka Dup-Negativ af allri frummyndinni og lét útbúa það viðeigandi ljósbrigðum og sjálfur vann hann svo við það margar nætur að klippa niður þetta Dup-Negativ og gera úr því hina samþjöppuðu þýzku útgáfu, sem síðan hefur hlotið mikið lof og hæstu viðurkenningu sem fræðslu- og kultur film í Þýskalandi. Sjálfur skrifaði Kapt. Berber-Credner þýzka textann með myndinni og fékk tvo forystu útvarpsþuli Þýskalands til að tala inn á myndina.

Árið eftir stóðu Þjóðverjar að íslenskri og enskri talsetningu á myndinni. Enska talsetningin fór víða og árið 1967 var búið að sýna hana í flestum heimsálfum og í sjónvarpi víða um heim. Íslenska talsetningin var í höndum Björns Sv. Björnssonar sem bjó í Þýskalandi á þessum tíma.

Þetta þýðir að sex útgáfur Björgunara-freksins við Látrabjarg voru gerðar. Augljósast væri að upprunalega íslenska útgáfan væri sú sem við myndum horfa til í dag en því miður er hún ekki lengur til. Önnur útgáfa myndarinnar, með viðbættri verðlaunaafhendingunni, er varðveitt á Kvikmyndasafninu og er ástand hennar í lagi en hljóðrásin, sem var líklegast á stálþræði sem fylgdi myndinni, hefur glatast eða eyðilagst við sýningar. Því er upprunaleg útgáfa myndarinnar ekki sýningarhæf í því ástandi sem hún er í. Í kjölfar sýninga á þýsku útgáfu myndarinnar á Íslandi og sér í lagi eftir að íslenskri talsetningu var bætt við hana, varð hún sú útgáfa sem oftast var sýnd á landinu af Slysavarnafélaginu og deildum þess. En myndin var mikið notuð í fjáröflunarskyni fyrir félagið. Þessi

útgáfa myndarinnar var sýnd í Ríkis-sjónvarpinu árið 1967 og hefur hún í raun tekið við sem hin almenna útgáfa myndarinnar.

Lifandi arfleifð

Réttindamál varðandi útgáfu Þjóðverja af myndinni virðast hafa byggt á samkomulagi um að Þjóðverjar eignuðust alheimsrétt á myndinni fyrir utan Ísland, þar sem Slysavarnafélag Íslands átti hann. Óskar hagnaðist ekki á myndinni en Slysavarnafélag Íslands stóð að gerð hennar og samkvæmt Óskari átti hann að fá 20.000 kr. fyrir vikið en félagið hækkaði þá greiðslu í 30.000 krónur þar sem hann festi björgunina á filmu. Félagið naut mjög góðs af því að eiga réttinn á myndinni enda sló hún aðsóknarmet á landinu og var drjúg í fjáröflun fyrir deildir Slysavarnafélagsins. Óskar segist hafa gefið félaginu sinn rétt af myndinni og því ekkert annað fengið en þessa einu greiðslu. Það var því augljóslega ekki í hans höndum að varðveita sýningarhæft eintak af sinni útgáfu af myndinni og hljóðrás hennar og þess vegna hefur hún glatast og þýska útgáfan tekið við.

Eftir þessa samantekt ætti að vera ljóst að kvikmynd er lifandi fyrirbæri sem getur tekið breytingum og erfitt að gefa sér nokkuð með þær, sér í lagi myndir sem gerðar voru um og fyrir miðja 20. öldina. Mikilvægt er að leggja stund á rannsóknir á útgáfusögu íslenskra kvikmynda og gera betur grein fyrir henni. Verkefni Kvikmyndasafns Íslands eru mörg og krefjandi og er þessi saga aðeins lítill hluti þeirra, en fyrir þá sem vilja skilja kvikmyndasöguna er hún einn af lyklunum að fortíðinni.

Heimildir

- 1 „Kvikmynd af lýðveldiskosningunum“, *Þjóðviljinn*, 24. 05. 1944, bls. 8.
- 2 „Ég varð aldrei milljóneri af kvikmyndunum“, *Vísir*, 08. 08. 1976, bls. 12. Morgunblaðið, 15. júlí, 1948, bls. 12.
- 3 „Kvikmyndin „Síðasti bærinn í dalnum“ sýnd í Færeyjum“, *Alþýðublaðið*, 10. 05. 1950, bls. 5.
- 4 „Kvikmyndin komin frá Noregi í styttri útgáfu með tali og tónum“, *Alþýðublaðið*, 25.05. 1951, bls. 3.
- 6 „Framleiðandi þýzku kvikmyndarinnar um Björgunarafrekið við Látrabjarg komin“, *Alþýðublaðið*, 22. 05. 1957, bls. 12.
- 7 „Látrabjargsmyndin er sýnd í Ástralíu“, *Tíminn*, 10. 12. 1967, bls. 1.
- 8 „Kvikmynd SVFÍ á heimsmarkað“, *Þjóðviljinn*, 20. 12. 1956, bls. 12.
- 9 „Hef alltaf haft áhuga á kvikmyndum“, *Þjóðviljinn*, 15. 04. 1981, bls. 8–9 og „Ég varð aldrei milljóneri af kvikmyndunum“, bls. 4.

Gunnar Tómas Kristófersson,
Kvikmyndasafn Íslands

HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ISLANDS

WWW.HÖNNUNARSAFN.IS

20.05.—30.12.2021

KRISTÍN
ÞORKELSDÓTTIR

Grafísk hönnun varð örlög mín
Graphic design became my destiny

08.10.—27.02.2022

Safnið þ röngunni Behind æt Scenes

HÖGNA
SIGURÐARDÓTTIR

Skráning á teikningum arkitekts
Archiving architectural drawings

08.10.—30.12.2022

Vinnustofudvöl Residency

SUNNA
ÖRLYGSDÓTTIR

Fatahönnuður
Fashion designer

Instagram Facebook hönnunarsafn

Gefðu þér tíma
og staldraðu við
í Glaumbæ



Gaktu inn í hofinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algeng voru á Íslandi um margra alda skeið.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tíðkuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar. Í Áshúsi, timburhúsi frá 19. öld, eru sýningar um heimilishald á fyrri hluta 20. aldar.


Byggðasafn
Skagfirðinga

GLAUMBÆ 561 VARMAHLÍÐ | S: 4536173 | BYGGÐASAFN@SKAGAFJORDUR.IS | WWW.GLAUMBAER.IS


MENNINGARMÍÐSTÖÐ PÍNGEYINGA



Grenjaðarstaður | Safnahúsið á Húsavík
Sauðaneshús | Snartarstaðir

safnahus@husmus.is - www.husmus.is - sími: 464 1860

REYKJANES DUUS MUSEUM

Contemporary Art - Open daily from 12:00 – 17:00

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Nútíma list - Ópið daglega frá kl. 12:00 – 17:00



EKKI GLEÝMA BENEDIKT GRÖNDAL (1826–1907)

LISTASAFN
REYKJANESBÆJAR

Hvernig hefur Safnastefna á sviði menningarminja nýst söfnum í landinu?

Safnastefna á sviði menningarminja var gefin út árið 2017 af Þjóðminjasafni Íslands. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós fyrir starfsemi menningarminjasafna í landinu og stuðla að fagmennsku og framgangi safnastarfs. Stefnan er sú þriðja í röðinni fyrir þennan málaflokk en fyrirrennarar hennar voru gefnir út árið 2003 og 2010. Markhópur er eigendur og starfsfólk viðurkenndra safna á landsvísi. Markmið stefnunnar eru háleit en hvernig hefur *Safnastefna á sviði menningarminja* í raun og veru nýst söfnum?

Hvað er stefna?

Áður en lengra er haldið skulum við staldra við og skoða hugtakið stefna og innihald safnastefnunnar. Í stuttu máli er stefna skilgreining á æskilegri framtíðarstöðu og hvernig breytingum frá núverandi ástandi skuli náð fram. Í *Safnastefnu á sviði menningarminja* er það gert með framtíðarsýn og sex meginmarkmiðum. Þeim til stuðnings eru tilgreindar mögulegar leiðir að markmiðunum og sagt er frá verkefnum sem unnin hafa verið í íslenskum söfnum sem styðja við þau. Að endingu er greint í fáum orðum frá því hvernig Þjóðminjasafn Íslands styður við tiltekið markmið.

Rannsóknin

Vorið 2021 gerði ég rannsókn þar sem markmiðið var að svara því hvernig *Safnastefna á sviði menningarminja* hefur nýst söfnum í

landinu. Engar sambærilegar mælingar hafa verið gerðar áður á árangri stefnunnar. Rannsóknin var hluti af lokaverkefni til MPM prófs í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík. Rannsóknaraðferðin byggði á spurningaskrá sem var lögð fyrir safnstjóra allra menningarminjasafna á Íslandi sem eru 32 talsins. Í henni var spurt um samband milli starfsemi safnsins frá árinu 2017 og markmiðanna sem kynnt eru í safnastefnunni. Einnig var spurt um ýmsa hvetjandi og hamlandi þætti í starfsumhverfi safnanna og áhrif stefnunnar á starfsemi safnsins og stefnumörkun þess. Svarhlutfall var 66%.

Söfnin og safnastefnan

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti safna nýtir framtíðarsýnina sem sett er fram í *Safnastefnu á sviði menningarminja* og vinnur markvisst að því að ná markmiðum hennar. Svörin benda til þess að söfnin velji sér áherslur og leiðir sem henta hverjum stað. Það er í samræmi við hugmyndafræði stefnunnar.

Greinilegt er af fjölda svara að söfnin velja fleiri en eina leið að markmiðunum en að meðaltali merkti hver og einn við þrjá valmöguleika. Um helmingur svarenda gaf upp skriflegt dæmi. Það bendir til að safnstjórar tengja í raun og veru stefnuna saman við verkefni safnsins og nota hana á meðvitaðan hátt.

MARKMIÐ 1

Að samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi

MARKMIÐ 2

Að vinna faglega og á vandaðan hátt með safnkostinn

MARKMIÐ 3

Að sýna frumkvæði og hugrekki í að hafa mótandi áhrif á framþróun í menningarlífi

MARKMIÐ 4

Að lögð verði rækt við mannauð og starfsumhverfi til að styðja við markmið safnastarfs

MARKMIÐ 5

Að tekið verði mið af sjálfbærri þróun í safnastarfinu

MARKMIÐ 6

Að safnastarfið taki mið af alþjóðlegum tengslum og fræðilegri umræðu

Mynd 1: Framtíðarsýn og markmið *Safnastefnu á sviði menningarminja*

Algengast er að stefnan nýtist við faglegt starf og forgangsróðun verkefna. Samt sem áður telur aðeins helmingur safnstjóra að *Safnastefna á sviði menningarminja* hafi áhrif á hvaða verkefni koma til framkvæmda innan safnsins. Það er umhugsunarvert í ljósi þess að einn af hornsteinum árangurrikrar innleiðingar á stefnu felst í því að velja réttu verkefnin. Eitt skriflegt svar við spurningunni „Hvenær nýtist *Safnastefna á sviði menningarminja* í starfsemi safnsins?“ vakti sérstaklega áhuga minn. Þar er fjallað um ómeðvituð áhrif stefnunnar. Þetta er ein birtingarmynd sem erfitt er að mæla og er hugsanlega vanmetin í niðurstöðunum.

Hvetjandi og hamlandi þættir

Í ljós komu ýmsir þættir sem geta verið hvetjandi eða hamlandi við innleiðingu stefnunnar í söfnum landsins. Ekki kemur á óvart að fjármagn sé hamlandi þáttur. Ríflega 60% safna gerir ráð fyrir verkefnum sem styðja við markmiðin í safnastefnunni í fjárhagsáætlun en aðeins 40% forgangsraða þeim verkefnum ofar en öðrum og fjórðungur gerir það ekki.


Ein ástæða gæti verið að safnið hafi ekki fjármagn fyrir öðru en nauðsynlegustu verkefnum. Aftur á móti höfðu þrjú af hverjum fjórum söfnum fengið styrk úr Safnasjóði til verkefna sem styðja við markmið safnastefnunnar sem verður að teljast hvetjandi.

Ljóst er að gera má betur í kynningu stefnunnar. Hluti safnstjóra hefur ekki lesið stefnuna og þekkir ekki markmið hennar. Sérstaklega mætti líta til safnstjóra sem hafa stuttan starfsaldur. Í þessum hópi finnst flestum að safnastefnan sé illa kynnt og þó að margir hafi lesið stefnuna alla eða að hluta þá svöruðu aðeins fáir því að þeir þekkti markmið hennar. Einnig komu í ljós vísbendingar um að safnstjóra skorti tilfinningu fyrir eignarhaldi í stefnunni.


Tæpur helmingur safna telur sig ekki hafa nægan mannauð til að sinna verkefnum umfram þær grunnkröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safna, en hlutverk stefnunnar er einmitt að vísa veginn þar sem grunnkröfum sleppir. Í þessum söfnum má ætla að mannauðsmál séu hamlandi þáttur. Það er aftur á móti ánægju efni að allir telja starfsfólk sitt hafa faglegan grunn til að sinna störfum sínum. Þó að flestir starfsmenn safna hafi tækifæri til starfsþróunar sem styður við *Safnastefnu á sviði menningarminja* þá telur eftir sem áður fimmtungur svarenda svo ekki vera.

Flestir safnstjórnanna voru á því máli að þörf væri á *Safnastefnu á sviði menningarminja* og að mikilvægt væri að safnið þeirra fylgdi stefnunni. Að sama skapi voru flestir sammála því að stefnan hefði jákvæð áhrif á starfsemi safnsins. Það má því gera því ætla að menningin í kringum stefnuna sé almennt jákvæð.

Nýjar spurningar og næstu skref
Rannsóknin varpaði skýrara ljósi á hvernig söfnin í landinu nýta *Safnastefnu á sviði menningarminja* en vakti



Mynd 2: Svör við því hvort söfnin reyni markvisst að ná markmiðum Safnastefnu á sviði menningarminja



Mynd 3: Svör við spurningunni „Hvenær nýttist Safnastefna á sviði menningarminja?“

einnig upp nýjar spurningar. Markmið 5, sem fjallar um sjálfbærni í safnastarfi, sker sig til að mynda frá hinum markmiðunum en umtalsvert færri söfn vinna að því að ná því markmiði. Gögnin bjóða ekki upp á skýringu en áhugavert væri að kanna þetta atriði nánar.

Mikilvægt skref til að auka áhrif *Safnastefnu á sviði menningarminja* er að kanna hvort og þá hvernig vega megi upp á móti þáttum sem hafa hamlandi áhrif á innleiðingu stefnunnar. Brýnast væri að endurskoða kynningarmál. Gildistími stefnunnar er óráðinn og nú þegar fjögur ár eru liðin frá útgáfu hennar er tímabært að minna á hana. Skoða þarf sérstaklega hvernig nálgast má eigendur safnanna og í höndum hvers það ætti að vera. Eigendur stýra í mörgum tilvikum fjármagni, fjölda stöðugilda, tækifærum til starfsþróunar og endurmenntunar og öðru sem snýr að rekstri safna. Ef þeir hafa skilning

á stefnunni og mikilvægi hennar er líklegt að þeir hafi hvetjandi fremur en hamlandi áhrif innleiðingu stefnunnar. Annað atriði sem gæti aukið áhrif stefnunnar er að leggja aukna áherslu á áhrif verkefnavals á innleiðingu. Ein aðferð væri að fræða safnafólk um mikilvægi þessa þáttar og kynna aðferðir við stefnumótandi verkefnaval.

Mig langar að þakka safnstjórnun menningarminjasafna fyrir að gefa sér tíma til að svara spurningalistanum sem var nokkuð langur og ítarlegur. Ég fylltist bjartsýni og stolti fyrir hönd safnafólks þegar ég las skriflegu svörin en þau bera vitni um gróskumikið og öflugt starf í söfnum landsins.

Eva Kristín Dal

Afmælisóður og örstutt hugleiðing um tímamót minjasafns

Helst vildi ég skrifa stóra bók um Þórð Tómasson og hans merka brautryðjenda- og hugsjónastarf og jafnframt um hans einstöku persónu. Því er það mér áskorun en um leið ljúft og skylt að skrifa þessa litlu grein að beiðni safnablaðsins Kvists í tilefni af aldarafmæli safnvarðarins, rithöfundarins og fræðimannsins í Skógum undir Eyjafjöllum.

Fyrir nokkrum árum var ég svo lánsöm að vinna um hríð með Þórði í Byggðasafninu í Skógum við minjavörslu; skráningu, rannsóknir og leiðsögn. Ég þekkti Þórð af ritum hans, en hafði líka tekið viðtöl við hann vegna rannsóknar á minjaveruleika landsins, og á því í fórum mínum ýmis viðtöl við meistarann sem bíða birtingar. Frá fyrstu heimsókn í safnið var mér ljóst hve einstakt það er. Ég hafði þá skoðað fjölda minjasafna bæði á Íslandi og í Frakklandi og bjóst hreint ekki við að fyllast slíkri hrifningu og áhuga við heimsóknina. Ég hef síðan reynt að festa fingur á orsök hughrifanna, en án árangurs. Þó langar mig að gera tilraun til að svara þeirri spurningu hér eða deila með lesendum vangaveltum og safnfræðilegum spursmálum. Hvað er það við safnið í Skógum sem fær mann til að vilja koma þangað aftur og aftur? Fær mann til að sjá safnhlutina eða tengsl einstaklinga og samfélags í nýju ljósi?

Við yfirferð á sýningu safnsins kom í ljós að sumir munir höfðu misst númer sitt vegna ágangs ferðamanna og tímans tannar. Ég fékk það spennandi verkefni að veiða upp úr safnverði lykilorð um muni svo finna mætti þeim stað í skrá. Og þar var ekki komið að tómun kofanum, annað eins minni hef ég aldrei fyrir hitt. Á örskotsstundu náði safnvörðurinn að veita innsýn í mikilvægi, merkingu og feegurð hlutar um leið og samhengi hans við aðra safnhluti skýrðist. Smám saman skildist mér að þekking á samhengi minjanna væri ekki síður mikilvæg en upplýsingar um einstakar minjar. En það er erfitt að öðlast þekkingu á samhengi. Slík þekkingaröflun hlýtur að verða óvissuferð.

Þetta starf á vettvangi minjanna opnaði fyrir mér nýja sýn á ævistarf Þórðar, en ég áttaði mig á hversu erfitt væri að færa aðferð hans í orð eða skýra með beinum röklegum hætti. Ég sá hve auðvelt yrði að kollvarpa því innra kerfi sem safnið byggðist á, hve auðvelt yrði að rökstyðja gróflegar breytingar á safninu og slíta samhengið sem lá því til grundvallar. Ég óttaðist að þar með myndi safnið ekki eingöngu tapa sérstöðu sinni, heldur myndi um leið tapast sá spunabráður sem tengdi safnið við aðra tíma. Smám saman hafa fleiri þræðir komið í ljós;

hvernig safnið tengist sveitunum í kringum sig, og einstaklingunum sem þar bjuggu. Hvernig munirnir tengjast skrifum Þórðar í útgefnum bókum, ótal greinum og smákverum auk þess að tengjast skrifum sveitunganna sem hann safnaði saman og birti í hinu stórmerka tímariti *Goðasteinn*, en þar birtust gjarnan skrif kvenna sem að öðrum kosti hefðu ekkert gefið út. Hver hlutur á safninu er þannig umvafinn orðum og sögum. Og með tímanum hefur spunnist fallegur vefur af tengslabráðum sem hvergi er þó skráður í sjálfu sér.

Stundum heyrðist sú gagnrýni frá framfarasinnum fólk að safnið væri of staðbundið eða lókal og furðulegt að útlandingar sæktust í að skoða það. Hvernig gat nokkur maður haft áhuga á uppsetningu á sjöllum og þrjónlesi einhverrar konu -sem reyndar var líka ljósmóðir í sveitinni, ef handverk hennar var hvorki einstakt né dæmigert fyrir ákveðna sögu? Ef safnið átti að vera annað og meira en áhugavert *undrakamers*, þá yrði að gefa gestum betri aðgang að því. Safn persónulegra frásagna gæti hvorki talist nógu fræðilegt né aðgengilegt. Hugmyndir spruttu fram um að segja aðgengilega sögu í safnsýningu og að gera safneignina notendavæna. Það þýddi ekki að láta hlutina taka of mikið pláss nema þeir væru verðugir fulltrúar Íslandssögunnar eða sögu sveitarinnar sem safnið þjónaði. Ef safnið yrði áfram svo sérvitningslegt sem raun bar vitni, yrði að reiða sig á þetta leiðsögn til að leitast við að setja svo ódæmigerða og oft tilviljanakennda safnmuni á sýningunni í stærra samhengi, samhengi sem allir skildu og gætu tengt sig við.



Ég velti þessu sjónarhorni fyrir mér. Bæði í tengslum við þessa tilteknu sýningu en líka í tengslum við frásagnir okkar tíma yfirleitt. Hvernig segjum við sögu? Hvernig veitum við aðgang að ákveðinni sögu eða sýn? Og hvernig má miðla hinum ósýnilegu þráðum, þeim sem eru uppistaðan í heilu sýningunum, heilu sveitasamfélögunum eða heilu höfundarverkunum?

Ég minnst umkvörtunar um að á sýningunni væru átta ólíkir spunarokkar, hvort væri ekki nóg að hafa bara einn fulltrúa þess fyrirbæris. En nei, þá tapast hinn áhugaverði samanburður: Þar sem hlutir voru að meira eða minna leyti heimasníðaðir langt fram á okkar tíð bar hver og einn hlutur með sér einstaklingsbundin sérkenni sem áhugavert er að varðveita. Ef eingöngu einn hlutur er til sýnis

tapast blæbrigði og frásögn um fjölbreytileika og sögulega merkileg sérkenni.

Þegar Þórður hætti störfum og sneri sér að skriftum urðu mikil umskipti í safnastarfinu. Þegar hann afhenti lyklakippuna, hina raunverulegu lyklakippu, var það hátíðleg stund. Ég hafði, eins og fleiri sem komu að safnastarfinu, brennandi áhuga á því að áframhaldið yrði jafn frjósamt og verið hafði í stað þess að rof myndaðist og fágæt þekking glataðist. Lyklarnir rötuðu áfram, ég varð að víkja af vettvangi, en framtíð safnsins, uppruni þess, endurnýjun og andi er mér enn umhugsunarefni.

Safn hlýtur og verður að þróast með aðkomu nýrra safnvarða og auðvitað getur enginn eða vill feta alveg í fótspor annars. Þó hvarflaði að mér að beita mér fyrir því að safnið

yrði friðað en Þórður hló nú að þeirri hugmynd og ég sá við nánari umhugsun að það yrði ógerningur enda hafði safnið alltaf verið lifandi vettvangur rannsókna og þróunar og yrði að vera það áfram. Það væri óskandi að rannsóknarstarfið yrði eflt til muna til móts við þær glæsi-byggingar sem upp hafa risið. Héldist þá hinn lifandi andi í húsi? Eða yrði að ná líka betri tengingu við hinn skapandi huga þess?

Fjarvera safnvarðarins sem allt sitt líf hafði lagt grunn að safninu og hlúð að því dag hvern var áberandi á þessum tímamótum. Þegar leiðsagnar hans og sýnikennslu naut ekki lengur við fann maður fyrir ákveðnu tómahljóði innan veggja safnsins. Þórður hafði á hverjum einasta degi ársins boðið gesti velkomna, leitt þá inn í hinn óordanlega heim safnheildarinnar, spilað



á langspil, spunnið ull og hrosshár á halasnældu og tengt þá athöfn við daglegt líf almennings í íslenskum sveitum á listilegan máta. Eins sinnti hann allri skráningu og rannsóknunum. En hann bætti líka við einhverju sem enginn áttar sig fyllilega á í hverju fólst.

Samstarfskona mín og góður samræðufélagi á tímamótum safnsins veitti því athygli að á tiltölulega skömmum tíma fór að sjá á sýningunni, þrátt fyrir að fagfólk kæmi að varðveislunni og vel væri haldið á spöðum. Eins og vantaði höndina sem héldi um þræðina, verndarhöndina sem ýtir við einu og snuddar við annað, færir aðeins til og heldur lífi í staðnum. Okkur datt í hug býflugnabú sem býflugnadrottningin hefði yfirgefið þó vissulega væri hunangið enn til staðar.

Enn er ósvarað spurningunni um sérstöðu safnsins og sýningarinnar. Í fyrsta lagi er það heildarmyndin. Sú staðreynd að öll sýningin er spröttin úr huga og hjarta eins

manns. Sem þó hefur verið í stöðugri samræðu og tengslum við nærumhverfi sitt og umheim. Þegar sýningin er skoðuð eins og listræn innsetning þá segir hún manni sögu sem heyrir ekki ef maður ætlar að skoða hana eins og línulega frásögn í gamalli sögubók, því frásögnin er flóknari og margræðari en svo. Hún liggur í mörgum lögum og á milli þeirra liggja þræðir.

Í annan stað má sjá sýninguna sem safn ólíkra safnheilda sem sumar eru eins og tilviljanakenndar bráðabirgða-uppsetningar, því sum rýmin átti alltaf eftir að fullgera og klára að stilla upp í. Ég upplifði ástandið raunar aldrei sem vöntun heldur vitnisburð um síbreytilega sýningu. Á hverjum degi var búið að færa hluti til og betrumbæta. Í sjónmáli var bætt sýningaraðstaða og sá stóri hluti safneignarinnar sem var í geymslum, öskjur ofan í öskjum, beið endurnýjunar lífdaga.

Þórður hafði með tímanum áunnið sér gullið traust sveitunga og

annarra með samræðu sinni, eldkvikum áhuga og alúð, vakið upp safnavitund í sveitinni svo margar og mismunandi gjafir bárust honum eins og persónulega. Þórður tók við hafsþjófróðleiks og upplýsinga með hverjum hlut og skráningabók hans er auðug. Þegar við hin áttum svo að taka á móti hlutum skorti okkur þekkingu til að spyrja og þóttumst góð ef við mundum eftir því að segja takk! Við útbjuggum í snarhasti eyðublað til að hjálpa okkur að fylla upp í eyðurnar sem fjarvera Þórðar skapaði. Það mátti reyna að höndla heildarsamhengið með eyðublaði!

Í skjalasafni í kjallara Skógasafns er varðveitt óvenjustórt og mikið safn af einkaskjalasöfnum með skrifum alþýðukvenna og karla. Þessa efnis er hvergi getið í sýningarskrám, jafnvel ekki í leiðsögnum. Það var nær eingöngu í samræðu við safnvörðinn sjálfan sem maður fékk tilfinningu fyrir umfangi safnsins.

En hvernig er eiginlega hægt að taka við ævistarfi? Þegar skápur var tæmdur og innihald hans skráð fannst mér erfitt að ímynda mér hvernig mætti með framsetningu þessara hluta búa til áhugaverða sögu, framreiða fegurð eða sannleika eða gefa innsýn í lífið: ein saumuð brók, ein halasnælda, brotin plastnæla og yddari úr dánarbúi etc. Það væri vissulega hægt að herma eftir hætti safnvarðarins og setja hlutina upp í lífræna heild á fallegan máta og treysta á ímyndunarafli áhorfandans. En það er eins og ómögulegt að herma eftir andagift annarra. Og þótt safnvörðurinn hafi úr fjarlægð virst vera eins og dansandi listamaður sem á svipstundu kemur upp merkingarbærri heild, þá var hann og er þó fyrst og fremst fræðimaður og rannsakandi. Upp-

setningin er því aldrei bara listrænt tilviljanakennd eða skapandi ferli, heldur líka mjög nákvæm uppsetning á upplýsingum; lykill að ævistarfi alþýðusafnara og vitnisburður um alúð handverks- og verkafólks; lykill að heilu samfélagi. Það er þetta ekkert sérstakt en þó allt í senn element sem svo erfitt er að höndla. Eins og að horfa á barn að leik skapa heilan heim úr fáeinum vólubeinum.

Á stundum þótti mér sem safnvörðurinn væri líkastur seiðmanni. Með eftirmyndum sínum, viðgerðum og teikningum af safnmunum og fornminjum tókst honum að dýrka fram veruleikann, raða brotum upp í lifandi heildarmynd. Hann teiknaði tilgátur, hann raðaði upp ráðgátum. Og þar kom áhorfandinn inn í myndina. Gesturinn var alltaf boðinn velkominn á safnið eins og hans væri beðið. Og það má til sanns vegar færa. Því gestirnir réðu ráðgátuna. Í kolli þeirra hélst líf í sögunni. Þeim var treyst til að skilja og skynja, ímynda sér og semja, meðtaka, læra og svara. Syngja og spinna.

Ef frásögnin verður gerð skýrari og línulegri verður sýningin sjálfsagt notendavæn samkvæmt stöðlum en hætt við að opnun verði þar ekki lengur til staðar milli lína. Ráðgátan fær ekki rými, né tóm til innri og ytri samræðu.

Byggðasafnið í Skógum stuðlar að andrými okkar. Ef maður gleymir sér þar inni og fer á fund minjanna, fylgir ósýnilegum þráðum þeirra á milli og fyllist forvitni yfir ráðgátu sem þó er aldrei sett of skýrt fram, heldur undir rós, þá opnast manni ótal heimar sem maður hélt að væru löngu horfnir. Þeir óma undir niðri svo úr tóntíðni líðandi stundar verður hljómur.

Sérstaða sýningarinnar í Skógum er mér að öðru leyti enn ráðgáta. Og að meta mikilvægi skrifa Þórðar Tómassonar er mér ógerningur. Hvergi hef ég lesið jafn spennandi stíl og orðanotkun en á sama tíma nákvæman og lifandi, eins og maður finni fyrir leitinni í orðunum og því hvernig þau laga sig að umfjöllunar-efninu. Stíllinn er því alltaf mjög lífrænn og leikandi um leið og hann er öruggur og upplýsandi. Og textinn á mörgum sviðum samtímis. Um leið og maður les um einn tiltekinn mun er maður kominn á sporið í öðrum sögum. Stundum hef ég lesið sama textann oft áður en ég átta mig á öllum þeim opnunum sem í honum eru, á leiðunum á milli textanna, hvernig einn tengist öðrum, í flóknu jarðgangakerfi, sem gildir líka á milli orðanna og hlutanna. Á okkar tímum þegar þörfin til að smætta allt niður og einfalda svo upplýsingarnar komist til skila á methraða, þá verð ég nú að segja að við þurfum á hugsun og sýn Þórðar Tómassonar að halda.

Ég nam safnaheimspeki í París og hitti þar margan meistarann á sviði safnafræða, en enginn jafnast á við meistara Þórð Tómasson sem sýnir um leið og hann segir og opnar manni aðgang að aðferð sem aldrei verður orðuð á fullnægjandi máta. Þar fer kennari af guðs náð. Of langt mál væri að gera grein fyrir öllu því sem miðlað hefur verið og gefið í örlæti og trausti. Mig langar þó að lokum að nefna örstutt hve þakklát ég er fyrir einlægan og hlýjan vinskapa Þórðar og fjölskyldu hans. Guðrún systir Þórðar, og Magnús Tómasson maður hennar hafa ásamt Þórði vakað yfir safninu og sinnt því og gestum af alúð, örlæti, ástríðu, innsæi, óeigingirni, virðingu og hógværð í

áratugi, ávalt reiðubúin að hlúa að, bæta, vernda og opna aðgang.

Þórður er sem betur fer enn að skrifa og hver síða ber vitni um einstaka sýn og vináttu hans við tímana. Að fá að setjast við hlið hans og skoða handritin fallega skrifuð er einstök upplifun sem ég get seint fullþakkað. Hundrað ára afmælisbarni hefur lánast að vakta sína vitrun í einstökum skírleika.

Í Skógakirkjunni sem byggð er úr brotum úr hátt í tuttugu fornum sveitakirkjum var sonur minn skírður. Við athöfnina spilaði Þórður þjóðlagið Guð gaf mér eyra en seinna erindi þjóðvísunnar hafði ég lært af honum skömmu áður og syngur það gjarnan í höfði mér þegar ég hugsar heim í Skóga:

*Guð gaf mér höfuð sem hugsar og dreymir,
hátt sem lyftist að vísdomsins lind,
Guð gaf mér hjarta, já hjarta sem geymir
hreina og geislandi frelsarans mynd.
Guð gaf mér höfuð sem hugsar og dreymir,
hátt sem lyftist að vísdomsins lind.*

„Er þetta skúlptúr mamma ?”

„Er þetta skúlptúr mamma ?” er spurning sem ég fæ oft í göngutúr- um mínum með dóttur minni. Þá er hún kannski að vísa í stillansahrúgu, garðúrgang, veggjakrot eða hvað sem fyrir augu ber. „Má snerta þetta ?” Fylgir oft í kjölfarið ...eða þrætur um gildi ruslahrúgunar sem heillaði hana „afhverju er þetta ekki listaverk ? Mér finnst þetta flott”, „þetta er ekki rusl mamma, þetta er víst skúlptúr!”.

Áður en að fyrsta barn okkar hjón- anna kom í heiminn vorum við búin að ræða það hvernig við myndum gera safnaheimsóknir að gæða- stundum fjölskyldunnar. Verandi safnastarfsmenn bæði tvö gæti það alls ekki gengið að eiga barn sem hataði að heimsækja söfn! Eftir mikið skipulag fórum við á fyrstu sýningaropnunina með drenginn aðeins tveggja vikna gamlan. Nú eru börnin orðin þrjú og við orðin heldur slakari (eða mögulega uppgefnari) og skipulagið í kringum heimsókn- irnar orðið heldur minna. En það gerir ekki til, það að heimsækja söfn er uppáhalds afþreying allra fjöl- skyldumeðlima

Við erum heppin að dóttir okkar er mjög dugleg að biðja um að fara á söfn, oft vill hún heimsækja eitthvað sérstakt safn eða sjá einhverja sýn- ingu aftur. Stundum vill hún fara og leika á barnasvæðinu eða fá köku á kaffihúsinu og þá gerum við það bara.

Það er oftast svo að eftir safnaheim- sókn er til að byrja með ekki mikið að fá upp úr henni. Það er eins og hún

þurfi svolítinn tíma til að metaka hvað hún var að sjá og upplifa. En án undantekninga fer hún að tala um sína upplifun nokkrum dögum seinna eða biður um að fara aftur á ákveðna sýningu eða safn.

Gott dæmi er verk Ragnars Kjart- anssonar „Sumarnótt” sem var til sýningar á Listasafni Íslands 07. maí til 19. september 2021. Við fórum með börnin okkar að sjá verkið og dóttir okkar, þá rúmlega þriggja ára, stóð þar alveg hljóð og horfði á. Eftir svolitla stund fór hún að ganga með söngvurunum, hring eftir hring, inn í innsetningunni. En hún var alveg hljóð og mjög einbeitt á svip. Við skoðuðum svo einnig aðrar sýningar í safninu og héldum svo heim á leið. Við reyndum að ræða við hana um verkin, hvað við sáum, litina í verk- unum, hljóðin, hreyfinguna. En við fengum ekkert upp úr henni eins

og oftast þegar sýning er heimsótt í fyrsta sinn.

Nokkrum vikum seinna, á leið heim úr leikskólanum, keyrum við niður Tjarnargötuna fram hjá Listasafni Íslands. Þá áttum við mæðgur samtál:

Urður: „Fólkið var svo sorgmætt mamma”.

Mamma: „Hvaða fólk ástin mín ?”

U. „Fólkið. Fólkið í grasinu í listaverk- inu. Þau voru að syngja”.

M. „Já. Fannst þér þau sorgmædd?”

U. „Já þau voru sorgmædd. En samt leið þeim ekki illa” (hljóð í dágóða stund) „Ég vil fara aftur og sjá þau mamma, dána fólkið í grasinu”.

M. „Ok ástin, þá gerum við það”.



Allt í allt erum við búin að fara í fimm skipti og skoða verkið, við munum að öllum líkindum sjá það í eitt skipti enn áður en sýningunni líkur þegar þetta er ritað. Alltaf er dóttir okkar jafn djúpt hugsuð þegar við göngum út.

„Að vera sorgmæddur en samt líða ekki illa.“ Þetta eru flóknar og fallegar hugsanir fyrir svo ungt barn. En það er jú svo að maður getur verið mjög sorgmæddur á sama tíma og maður er hamingjusamur. Mér finnst mjög merkilegt að tæplega fjögurra ára gamalt barn hafi orð á svona flóknum tilfinningum. Þarna held ég að henni hafi tekist að búa til einhverja tengingu við tilfinningar sem hún upplifir í kringum sig. Þetta er jú eitthvað sem fylgir því að verða eldri, upplifa sáran missi en vera jafnframt hamingjusamur.

Börn eru alltaf að reyna að setja heiminn í samhengi við tilveru sína, hvernig virkar þetta og hitt? Heimur þeirra stækkar og stækkar eftir því sem tíminn líður og þau þroskast og dafna. Ég trúi því að heimsóknir á söfn hjálpi börnum að skynja og túlka umhverfi sitt. Að þær gefi þeim mikilvæg púsl í heimsmyndina sem þau eru að setja saman. Í það minnsta er ég sannfærð um að myndlist og heimsóknir á söfn gefi dóttur minni aukið tækifæri til tjáningar og skilnings, örvi ímyndunarafls og hjálpi henni að koma tilfinningum í orð.

Uppáhalds söfn dóttur okkar og þau sem hún biður um að heimsækja



aftur og aftur eru Listasafn Reykjavíkur (Hafnarhús og Ásmundarsafn), Þjóðminjasafnið og Gerðarsafn. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera með góða aðstöðu fyrir fjölskyldur. Aðgengi er gott, skiptiaðstaða er til staðar og oft er aðgengilegt efni tengt sýningunum sem er sérstaklega ætlað börnum.

Ég hef átt samræður við vinafólk mitt sem segist „ekki kunna“ að fara á safn og ekki geta hugsað þá hugsun til enda að fara með börnin sín á söfn, „þau myndu brjóta eitthvað“. „Þið kunnið að fara á söfn“ er oft viðkvæðið.

En hvað þýðir „að kunna“ að fara á söfn? Af hverju finnst sumu fólki það ekki velkomið á söfn? Allir ættu að upplifa sig velkomna og til þeirra sem eru í þessum sporum langar mig að segja að það er tilvalið að byrja á því að fara á söfn með börnunum

sínum. Þau eru mun betri safngestir en margir halda.

Það þarf ekki að vera flókið að fara á safn með börn. Það krefst ekki þekkingar á myndlist að fara á listasafn og þú þarft ekki að kunna alla sögu sveitarinnar utan að áður en þú heimsækir minjasafn. Að ganga með barni einn hring á sýningu og bara leita að einum ákveðnum lit og ræða það hvar þann lit er að sjá dagsdaglega er nóg. Eða leita að ákveðnu formi, ekki bara í listaverkunum heldur einnig safnbyggingunni sjálfri. Einfaldir leikir sem þessir geta gert safnaheimsóknina og næstu daga mjög skemmtilega og uppfulla af miklum þælingum og áhugaverðum spurningum.

Eins og hvernig það sé hægt að vera sorgmæddur á sama tíma og manni líður ekki illa.

Nokkrar tillögur fyrir góða safnaheimsókn

(eða „Leiðbeiningar hvernig forðast skal að eiga börn sem finnst leiðinlegt á söfnum”)

- 1 Ekki reyna að skoða of mikið í einu. Það getur verið erfitt fyrir börn að þurfa að skoða of margt í einu. Gerið heimsóknina hnitmiðaða.
- 2 Ekki vera of lengi í einu. Það er gott að fylgjast með stemmingunni. Þegar þolið er búið er gott að fara bara heim. Við miðum við að hver heimsókn sé hámark 2 klst. En það þarf að vinna upp þolið !
- 3 Skoðaðu fyrirfram hvað er í boði. Eru sérstakar barnasýningar, leiðsagnir, öpp í símann eða vinnustofur ?

4 Takið með ykkur nesti og drykk. Það er gott að stoppa og fá sér hressingu, einnig er gaman að skipuleggja kaffihúsaferð í lok heimsóknarinnar.

5 Talið saman um það sem þið sjáið. Einfalt spjall um það sem fyrir augu ber gefur mikið af sér, hvaða liti sjáið þið, er eitthvað svona á litinn heima hjá okkur? Hvaða form sjáum við?

6 Fjársjóðsleit. Að undirbúa einfalda fjársjóðsleit er skemmtileg afþreying. Þetta þarf ekki að krefjast mikillar vinnu, það er nóg hafa þrjú atriði sem barnið á að finna, t.d. þríhyrning, rauðan lit, upphafstaf í nafni barnsins. Einnig má gera myndabingó á svipaðan hátt.

Leyfðu barninu að taka mynd af uppáhalds verkinu/gripnumá sýningunni. Þið getið skoðað myndina saman og talað um verkið/gripinn, jafnvel teiknað saman þegar heim er komið.

- 7 Gott er að hafa það í huga að séu börn ekki vön því að fara á söfn getur það tekið nokkur skipti að vinna upp þol. Gott er að byrja á stuttum heimsóknum, fara oftar en sjaldnar. Fimmtán mínútur er nóg til að byrja með í fyrstu heimsókn. Þetta á einnig við um fullorðna. Það verður skemmtilegra með hverju skiptinu að heimsækja söfn saman. Góða skemmtun !

Kolbrún Ýr Einarsdóttir



Heimsókn á sýninguna Fransmenn á Íslandi

Ég fer mjög reglulega með börnin mín á söfn og sérstaklega á ferðalögum. Undirtektir þeirra eru stundum dræmar en þegar á hólminn er komið eru þau yfirleitt áhugasöm og virðast ánægð eftir á. Það er viss áskorun fyrir okkur fullorðna fólkið að fara með börn á söfn enda eru þau oft óþreyjufyllri og vilja renna hraðar yfir sýninguna en maður sjálfur vildi. Maður þarf að setja sig í vissar stellingar og sætta sig við að ná ekki að kynna sér í þaula hvern einasta hlut. Safnstjórar mættu gjarnan taka mið af þessu: Hvernig geta söfn miðlað innihaldi sýninga á hnitmiðaðan hátt til fullorðinna gesta sem aftur miðla upplýsingunum áfram til barnanna? Stuttir og hnitmiðaðir textar eru oft hjálplegir og ekki skemmir þegar safnið tekur alfarið (eða a.m.k. að hluta til) mið af börnum við uppsetningu. Það gæti hjálpað þeim að innbyrða upplýsingar og bætt upplifun þeirra á því sem verið er að miðla.

Í Fáskrúðsfirði er lítið safn sem nefnist Fransmenn á Ísland og er að finna í gamla læknishúsinu, nýlega uppgerði húsi sem í dag er nýtt sem hótél. Safnahlutinn er ekki stór en hann prýðir hluta af anddyri hússins og svo undirgangi í kjallaranum sem nær yfir í gamla franska spítalann sem er einnig uppgerður og nýttur undir hótelið. Við hliðina á læknishúsinu er svo gamla kapellan sem Frakkar byggðu í lok þarsíðustu aldar og er hluti af safninu.

Sýningin hefst inn af anddyri læknishússins og fjallar sá hluti að mestu um sjúkrasöguna, henni eru gerð skil með vaxmyndum af slösuðum frönsk-



um sjómönnum sem bíða eftir að fá að hitta lækinn. Þar inn af er svo sjúkraherbergi þar sem einnig er að finna vaxmynd af rúmliggjandi sjúklingi og nunnu sem vakir yfir honum. Vaxmyndirnar eru mjög vel gerðar og raunverulegar og vöktu bæði spennu, kátínu og jafnvel óhug hjá börnunum mínum tveimur (10 og 4 ára) og ekki laust við að það færi hrollur um mig sjálfa. Þessi útfærsla gerði það að verkum að börnin virtust eiga auðveldara með að setja sig í spor fólksins sem verið er að fjalla um. Ég tók líka sérstaklega eftir því að vel hafði verið vandað til verka með fatnaðinn, bæði efni og edlilegt slit miðað við tímabilið sem verið er að koma til skila. Armæðan sem skein úr andlitum vaxmyndanna var trúverðug og hafði mikil áhrif á son minn (4 ára). Í rýmum tveimur eru nokkur glerborð þar sem stíllt er upp ýmsum tólum sem mér sýndist tengjast aðallega sjúkrasögunni og fiskveiðum. Því miður voru ekki neinar upplýsingar sem fylgdu þessum munum sem bæði mér og tíu ára dóttur minni fannst miður þar sem við hefðum gjarnan viljað lesa okkur til um þau. Í miðju innra rými er svo borð með stórum snertiskjá þar sem hægt er að velja sér nokkra mismunandi kafla sögunnar um frönsku sjómennina. Sú frásögn sem verður fyrir valinu er lesinn upp á meðan ljósmyndir, henni tengdri, birtast á skjánum. Þar sem litlir puttar vildu æða á milli frásagna náði ég ekki miklu innihaldi og verður það að bíða betri tíma. Tvö skútumódel prýddu líka fremra rýmið og vöktu áhuga hjá syni mínum en því miður fylgdu þeim einungis upplýsingar á frönsku og því gátum við ekki fræðst

meira um þær öðruvísi en að gaumgæfa módelin.

Í kjallaranum eru þrjú lítil aðskilin rými og tengist sá hluti sýningarinnar fiskveiðunum og sjómannslífínu. Dóttir mín vakti athygli á því að hún fyndi skrítna lykt og þegar ég stalst til að taka af mér grímuna fann ég lykt af línolíu, tjöru og olíu. Hvort það var með ráðum gert veit ég ekki. En áður en við stigum inn í fremsta rýmið, sem var fullkomin eftirlíking af káetu, heyrðum við drunur í „vélinni“ og gerði bæði lyktin og hljóðið það að verkum að okkur fannst við vera komin út á sjó og ekki laust við að maður ímyndaði sér sjóriðu. Í káetunni er að finna kojur sjómanna og í einu horninu er lítil kabyssa og matarbúr. Kojurnar voru nær því að vera í barnastærð og í einni þeirra lá í hnipri vaxmynd af sjómanni sem sýndi glögggt hversu fátæklegar vistarverurnar voru. Inni í miðju rýminu er matborð og hímidi einn sjómanna (aftur vaxmynd) yfir því. Á matborðinu er að finna stuttan skýringartexta sem segir til um hvað skipverjar borðuðu venjulega en svona upplýsingaskilti hafði mér einmitt fundist vanta að hluta til á sýningunni á efri hæðinni. Fyrir nútímabörn sem þekkja ekkert annað en fulla eldhússkápa er mjög fróðlegt að heyra um matarvenjur frá fyrri tímum. Í næsta rými vorum við svo komin út á þilfar og þar var varpað vídeói með öldugangi og í öldunum gat maður lesið nöfn allra þeirra frönsku sjómanna sem höfðu drukknad við Íslandsstrendur. Í þriðja og síðasta rýminu var hægt að horfa á stutta heimildamynd um uppgerð húsanna.

Þrátt fyrir að vera safn í smærri kantinum var heimsóknin eftirminnleg hjá bæði mér og börnunum og þegar við ræddum um sýninguna eftir á þá stóðu vaxmyndirnar og káetan upp úr hjá þeim.

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir



GLJÚFRASTEINN

Hús skáldsins



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavikensis



Safnahús Borgarfjarðar



Fjölskylduvæn söfn og sýningar



Minjasafnið



Nonnahús



Leikfangahúsið



Davíðshús



Laufás



Aðeins kr 2.300



MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

minjasafnid.is

Aðalstræti 58, Akureyri • Sími 462 4162

RÓ

IÐU-
STREYMI

SK

A TURBU-
LENCE

YFIR
TAKA
TAKEOVER

POP-UP 03.07.—22.12.2021
HAFIÐ KEMST VEL AF
ÁN OKKAR THE OCEAN
SURVIVES WITHOUT US

LISTASAFN
ÁRNESINGA

LÁ
ART MUSEUM

05.06—
31.10.2021

ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



VENKOMIN Á ÞJÓÐMINJA- SAFN ÍSLANDS



Minjar og saga er vinafélag Þjóðminjasafnsins. Markmið þess er að styrkja starfsemi safnsins á ýmsan hátt og halda á lofti skilningi á mikilvægi þess að vel sé búið að helsta menningarsögulega safni þjóðarinnar. Skráning í félagið fer fram á heimasíðu safnsins.

Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgata 41, 102 Reykjavík
+354 530 2200

Opið alla daga 10-17
Lokað mánudaga 16/9-30/4

www.thjodminjasafn.is
@nationalmuseumoficeland
@thjodminjasafn
